

# Ársskýrsla 2022

Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

# Ársskýrsla 2022

Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn




Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar opnaði IRIS – nýtt kerfi fyrir rannsóknir á Íslandi þann 15. júní 2022 í fyrirlestrasal.

IRIS (Icelandic Research Information System) sýnir rannsóknavirkni íslenskra stofnana og háskóla. Það er rekið af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni en mennta- og menningarmálaráðuneytið sá um kaup á kerfinu og fól safninu rekstur og umsjón þess.

Þar gefst kostur á að skoða einstakar rannsóknir og samfélagslega dreifingu þekkingar sem verður til við rannsóknir á Íslandi. IRIS er í þróun og mun taka breytingum eftir því sem verkefninu vindur fram.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

ÁRSSKÝRSLA 2022.

ISSN 2298-8785.

Ritstjórn: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Umbrot: Íslenska auglýsingastofan og Ólafur J. Engilbertsson.

Prentun: Háskólaprent.

Forsíðumynd: Opnun rannsóknasafnsins IRIS í fyrirlestrasal 15. júní 2022.

Myndir: Ólafur Jóhann Engilbertsson, Helgi Braga og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

# Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| Frá landsbókaverði | 4 |
| Stjórnsýsla | 6 |
| Innra starf | 7 |
| Samskipti við Háskóla Íslands | 13 |
| Innlent samstarf | 14 |
| Erlent samstarf | 17 |
| Rannsóknir og þróun | 18 |
| Samningar | 19 |
| Skipurit | 20 |
| Rekstur og upplýsingatækni | 21 |
| Aðföng og skráning | 27 |
| Varðveisla og stafræn endurgerð | 32 |
| Þjónusta og miðlun | 41 |
| Árstölur | 48 |

# Frá landsbókaverði

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN er þekkingarveita í allra þágu. Safnið veitir þjónustu á öllum sviðum vísinda og fræða. Það er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.

Árið 2022 var ár mikilla breytinga. Við breytingar á Stjórnarráði Íslands, sem samþykkt var á Alþingi í janúar færðist safnið undir nýtt menningar- og viðskiptaráðuneyti ásamt fleiri menningarstofnunum. Vegna tvískipts hlutverks safnsins hefur það einnig tengiliði við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið.

Lokið var við mótun nýrrar stefnu safnsins 2023-2027, undir sama heiti og áður, *Þekkingarveita í allra þágu.* Áhersluatriði að þessu sinni eru áframhaldandi uppbygging stafræns umhverfis og þjónustu, þátttaka í rannsóknaverkefnum og heilsusamlegt og hvetjandi vinnuumhverfi. Gæðamál og bættir verkferlar eru einnig í forgrunni. Jafnlaunavottun og Græn skref eru nú hluti af daglegum rekstri.

Skipulagsbreytingar voru gerðar á Aðfangasviði vegna innleiðingar nýs Gegnis (Alma) og skipurit endurskoðað. Starfsaðstöðu var einnig breytt í kjölfarið, og starfsfólk færðist til og fluttist milli hæða.

Rekstur var áfram yfir áætlun og staðan neikvæð um 65,79 m.kr. í árslok. Afkoman er erfið og helsta skýringin er að framlög á fjárlögum hafa verið skorin niður undanfarin ár, og lakari innheimta vegna Landsaðgangs. Ársverkum fækkaði um tæp tvö. Ferðir, ráðstefnur, sýningarhald og dagskrár voru í lágmarki. Nokkuð var um nauðsynlega endurnýjun á búnaði s.s. vegna bilunar í varaaflgjafa fyrir tölvukerfin í upphafi árs, og endurnýjun á fjarfundabúnaði og sendum í fundarherbergjum.

Undirbúningur fyrir flutning safnsins í s.k. Menntaský hófst 2021. Við flutninginn í apríl færðist skýjalausn (M365) yfir í Menntaskýið, sem rekið er af upplýsingatæknisviði HÍ. Vel gekk að yfirfara allar tölvur og breyta stillingum. Stilla þurfti fjarfundabúnað í fundarherbergjum, breytingar urðu í Teymi (TEAMS) og ýmislegt fór úr skorðum. Í tengslum við flutninginn var aukin áhersla á öryggisvitunarþjálfun starfsfólks.

Innleiðing nýs bókasafnskerfis, Alma, og leitargáttarinnar PrimoVE, frá Ex-Libris hélt áfram, og kerfið var formlega opnað 13. júní. Lagfæringar og stillingar voru viðvarandi út árið, en starfsfólk Landskerfis bókasafna og starfsfólk safnsins, einkum á Aðfangasviði, tók virkan þátt í verkefninu. Áfram verða notuð gömlu heitin, Gegnir og Leitir.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla- og nýsköpunarráðherra opnaði IRIS, nýtt upplýsingakerfi fyrir rannsóknir á Íslandi við hátíðlega athöfn í safninu þann 15. júní. Mennta- og menningarmálaráðuneytið keypti kerfið, en Lbs-Hbs heldur utan um reksturinn. Tíu stofnanir eru þátttakendur í fyrsta áfanga.

Úthlutað var úr Bókasafnasjóði í annað skiptið og níu verkefni fengu styrk. Lbs-Hbs fékk 4,3 m.kr. styrk vegna rannsóknar á sögu bókbands á Íslandi, í samvinnu við Sigurþór Sigurðsson bókbindara. Safnið var einnig þátttakandi í samstarfi háskólabókasafna, sem fengu styrk til að vinna kennsluvef í upplýsingalæsi.

Undirbúningur að flutningi Menntavísindasviðs HÍ á Sögu hófst, en bókasafn sviðsins og Lbs-Hbs munu sameinast. Bragi Þ. Ólafsson í handritasafni varði doktorsritgerð sína um Jón Sigurðsson og handritasöfnun á Íslandi í febrúar. Kristinn Sigurðsson í upplýsingatækni tók við sem formaður IIPC (International Internet Preservation Consortium) til eins árs.

Nýr hugbúnaður fyrir Vefsafn var innleiddur og nýr og endurbættur Ísmús var opnaður í samstarfi við Árnastofnun. Samstarfssamningur við HÍ var endurnýjaður.

Teljarinn, nýr hugbúnaður til að telja gesti inn og út úr safninu var tekinn í notkun. Samþykkt var ný skjalavistunaráætlun, og gæðakerfi innleitt. Stór sýning um rannsóknarleiðangur Sir Joseph Banks var opnuð í samstarfi við Sagnfræðistofnun HÍ og nýr vefur um Rauðsokkahreyfinguna var opnaður.

## Stefna ríkisaðila 2022-24

Rekstraráætlun fyrir 2022 var unnin skv. lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF), auk árlegrar stefnumótunar til næstu þriggja ára, í samvinnu við menningar- og viðskiptaráðuneytið. Áhersluverkefni safnsins næstu árin, falla undir málaflokk *18.1 Safnamál* í fjárlögum, en einnig er tekið mið af málefnasviðum *7 Rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar* og *21 Háskólastig*. Markmið og verkefni safnsins voru endurskoðuð á síðasta ári og vinna við þau heldur áfram. Mælanleg og aðgerðabundin markmið fyrir kjarnastarfsemi á árunum 2022-2024 eru:

*Kjarnastarfsemi:*

1. Aðgengi að og miðlun á menningu og listum.
2. Markviss verndun menningararfsins.
3. Efla rannsóknir og skráningu.

*Rekstrarþættir:*

1. Efling skjalastjórnar og gæðastýringar.
2. Aukin starfsánægja – efling mannauðs.
3. Innleiðing Grænna skrefa í ríkisrekstri – Grænt bókhald.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framgangi einstakra verkefna, en vakin er athygli á að stefnan nær til þriggja ára, og er endurskoðuð árlega.

# Kjarnastarfsemi

### 1. Aðgengi að og miðlun á menningu og listum

Áhersla á skráningu efnis, sem Lbs-Hbs varðveitir, er áfram í fyrirrúmi, og er eitt af grunnverkefnum safnsins. Þannig fæst betri yfirsýn yfir safnkostinn og aðgengi m.a. á vef verður auðveldara. Á árinu var horft sérstaklega til vefjarins *timarit.is* og frumskráningu efnis í Leikminjasafni. Þá voru skoðuð skráningarkerfi fyrir einkaskjalasöfn.

Sífellt er bætt við efni á *tímarit.is*. Heimsóknir á árinu drógust heldur saman, en voru 1.602.448 og flettingar 9.596.172. Fjöldi myndaðra blaðsíðna á vefnum var kominn í 6.329.903.

Þá er löngu tímabært að fá nýtt kerfi fyrir skráningu á einkaskjalasöfnum í vörslu Lbs-Hbs. Þjóðskjalasafn leitar einnig að kerfi og starfsfólk fékk kynningu á þeim kerfum sem eru til skoðunar. Rætt var um samnýtingu kerfis, sem myndi auðvelda aðgengi notenda að efninu. Skráning safnkosts Leikminjasafns gengur vel, en sú skráning ætti einnig að fara í nýtt kerfi fyrir skráningu á einkaskjalasöfnum. Lokið var við stafræna endurgerð á hljóðskrám frá Þjóðleikhúsinu og er efnið þegar komið í notkun m.a. í Listaháskólanum.

### 2. Markviss verndun menningararfsins

Safnkostur er í Þjóðarbókhlöðu auk 11 annarra staða ef útibú og gagnageymslur eru talin. Geymslur varaeintakasafns í Reykholti eru að fyllast, þrátt fyrir að unnið sé að tiltekt og grisjun efnis. Í fjárlögum 2023 kom fram heimild til að auglýsa eftir húsnæði fyrir varaeintakasafnið. Gert er ráð fyrir að í húsnæðinu verði skönnunarmiðstöð í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands, sem gæti tengst Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista. Þá er stefnt að gerð skýrslu um framtíðarþarfir safnsins vegna varðveislu stafrænna gagna safnsins.

### 3. Efla rannsóknir, skráningu og opinn aðgang

Lbs-Hbs stýrir innleiðingu s.k. CRIS kerfis (Current Research Information System), sem mun halda utan um íslenskar rannsóknir og birtingu rannsóknaniðurstaðna. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskólaráðherra opnaði kerfið formlega 15. júní að viðstöddu fjölmenni í Þjóðarbókhlöðu. Það hlaut nafnið IRIS (Icelandic Research Information System). Í árslok hafði verið hlaðið um 40.000 færslum í kerfið.

Lögð var aukin áhersla á samvinnu við aðrar menningarstofnanir um rannsóknir, samvinnu og skráningu m.a. undir hatti Miðstöðvar stafrænna hugvísinda- og lista við HÍ, sem er samstarfsvettvangur 10 stofnana um innviðakjarna í hugvísindum og listum. Liður í því er betra utanumhald um rannsóknarverkefni sem safnið tekur þátt í, og meiri sýnileiki um þessi verkefni, þátttakendur og tengiliði. Sjá nánar á bls. 18.

Safnið er aðili að OpenAire AMKE, Evrópuverkefni um opin vísindi, en markmiðið er að tryggja hindrunarlausan og ókeypis aðgang að rannsókna afurðum sem eru styrktar af opinberu fé. Safnið tekur einnig þátt í þróun á nýjum hugbúnaði fyrir vefsöfnun á vegum International Internet Preservation Consortium (IIPC). Þá er tekur Þjónustusvið safnsins, ásamt HÍ, þátt í Erasmusverkefninu *Student starter Kit*, frá 2020.

Fjallað var um verkefnin með ýmsum hætti, á málþingum, greinaskrifum og sýningum. Sýning tengd rannsóknaverkefninu *Hringrás pappírs* stóð uppi frá nóvember 2022 og starfsfólk safnsins tók þátt í ráðstefnunni *Paper Stories: Paper and book history in post-medieval Europe*, sem haldin var 5.-6. maí í safninu og Þjóðminjasafni Íslands.

# Rekstrarþættir - áhersluverkefni

### 1. Efling skjalastjórnar og gæðastýringar

Innleiðing gæðakerfisins easyQuality, hófst á síðasta ári, en það er hluti af SharePoint lausn safnsins. Það var kynnt á starfsmannafundi 16. sept. Þar eru birt stefnuskjöl, verklagsreglur, leiðbeiningar o.fl. sem áður voru vistuð á ýmsum stöðum. Einnig er þar að finna *Jafnlaunahandbók* og *Starfsmannahandbók*. Þá var hugað að útboði á skjalastjórnarkerfi og seljendum boðið að kynna skjalakerfi á markaði.

### 2. Aukin starfsánægja – efling mannauðs

Vinna við jafnlaunavottun, sem hófst 2019 er stöðugt verkefni. Forritið Embla, sem er hluti af Orra, var innleitt vegna jafnlaunagreiningar. Upplýsingar um menntun starfsfólks voru færðar í Orra, sem og ráðningarsamningar. Innleiðingu á Microsoft 365 og TEAMS lauk á árinu, og einnig flutningi í Menntaský. Starfsfólk sótti námskeið um nýja bókasafnskerfið.

### 3. Innleiðing Grænna skrefa í ríkisrekstri

Lokið var við skref 2 í Grænum skrefum og hlaut safnið viðurkenningarskjal. Stærsta verkefnið var að hefja Grænt bókhald, en vinna við það verður framvegis árlegt verkefni. Þá setti safnið sér umhverfis- og loftslagsstefnu og innkaupastefnu. Einnig var mótuð verklagsregla um umhverfisvænt viðhald á húsnæði og orkunýtni. Vinna við skref 3 hófst á árinu.

Í ársskýrslunni er fjallað um helstu verkefni sem unnið var að, auk þess sem birtar eru lykiltölur um safnið og helstu niðurstöðutölur rekstrarreiknings.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

# Stjórnsýsla

## Stjórn

Skipunartími stjórnar er frá 1. febrúar 2019 til 31. janúar 2023. Í stjórn sitja: Fanný Gunnarsdóttir formaður, skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra, Guðmundur Hálfdánarson varaformaður og Elín Soffía Ólafsdóttir, tilnefnd af háskólaráði Háskóla Íslands, Magnús Már Halldórsson tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, Guðmundur Jónsson tilnefndur af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, Ingibjörg Rögnvaldsdóttir, tilnefnd af Upplýsingu, og Erlendur Már Antonsson, tilnefndur af starfsfólki safnsins. Í varastjórn sitja Agnar Bragi Bragason, Ágústa Pálsdóttir, Guðmundur Freyr Úlfarsson, Þórný Hlynsdóttir, Karl Andersen og Óskar Þór Þráinsson. Stjórnarfundi sátu einnig landsbókavörður og fjármálastjóri safnsins. Haldnir voru átta stjórnarfundir. Fundargerðir eru birtar á *Inngangi* og sendar mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

## Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráð hittist að jafnaði vikulega, en þar er miðlað upplýsingum, verkefni samhæfð og fjallað um rekstur safnsins. Í framkvæmdaráði sátu landsbókavörður og sviðsstjórar, Edda Guðrún Björgvinsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Ragna Steinarsdóttir og Örn Hrafnkelsson, auk Guðrúnar Halldóru Sveinsdóttur mannauðsstjóra. Ráðið fundaði 31 sinnum á árinu og eru fundargerðir birtar á *Inngangi*.

## Lagaumhverfi

Engar beinar breytingar urðu á lagaumhverfi safnsins á árinu. Breytingar voru gerðar á skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands í byrjun ársins. Lbs-Hbs fellur nú undir nýtt menningar- og viðskiptaráðuneyti en hefur tengiliði í háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu. Send var umsögn til Alþingis vegna frumvarps til laga um tónlist og vegna þingsályktunar um tónlistarstefnu.

## Stefnumótun safnsins

Ný stefna safnsins var kynnt á fundi starfsfólks 14. október en hafði áður verið kynnt í stjórn og einnig í smærri hópum. Stefnumótunin hófst í lok árs 2019, en tafðist verulega á Covid-tímanum. Vinnan lagðist þó aldrei af, og henni var ýtt áfram í smá skrefum.
Stefnan ber yfirskriftina *Þekkingarveita í allra þágu*, eins og síðasta stefna. Áhersla er lögð á uppbyggingu stafræns umhverfis og þjónustu, aukna þátttöku í rannsóknarverkefnum og heilsusamlegu og hvetjandi vinnuumhverfi. Gæðamál og bættir verkferlar eru einnig í forgrunni. Bæklingur með stefnunni var gefinn út, en hún er einnig aðgengileg á vef safnsins.

## Skipurit

Núverandi skipurit tók gildi 1. janúar 2018 (sjá bls. 20). Nokkrar breytingar voru gerðar á starfseiningum Aðfangasviðs, vegna breytts vinnulags við aðföng og skráningu í nýju bókasafnskerfi.

# Innra starf

## Rekstraráætlun

Framlag til safnsins á fjárlögum 2022 og vegna rannsóknarleyfa og kjarasamninga var kr. 1.119.200 (1.070.700) millj. kr. Það er heldur hærra en á fyrra ári, en framlagið skýrist af kröfum um aukið aðhald og minni framlögum frá samstarfsaðilum. Við þetta bætast sértekjur safnsins kr. 311.200 (328.828) millj. kr., þannig að framlög og sértekjur safnsins voru 1.430.4 (1.399.528) millj. kr. Vegna frekar hagstæðs gengis krónunnar voru útgjöld vegna erlendra aðfanga hófleg, en innlend aðföng og þjónusta hækkaði. Fasteignagjöld hækkuðu enn og útgjöld vegna margvíslegra verkefna voru hærri en gert var ráð fyrir.

## Verkefnaáætlanir

Öll svið skiluðu verkefnaáætlunum fyrir árið, og voru um 65% þeirra afgreidd í lok árs. Sum verkefnin halda áfram á næsta ári, önnur tefjast, hætt verður við einhver eða þau sett í bið. Verkefnaáætlanir næstu ára munu taka mið af nýrri stefnu safnsins 2023-2027.

## Innleiðingar

### Menntaský (M365)

Í apríl 2022 hófst innleiðing safnsins í Menntaský. Við flutninginn færðist skýjalausn (M365) safnsins yfir í Menntaskýið, sem rekið er af Upplýsingatæknisviði HÍ (UTS). Við flutninginn varð óhjákvæmilegt rask á tölvutengingum og aðgangi að gögnum, í skamman tíma, en ekkert tapaðist. Heilmikið lærdómsferli fór í gang til að læra á og nýta möguleika sem felast í Teymi-TEAMS.

### Bókasafnskerfið Alma og leitarvélin Primo

Undanfarin ár hefur verið unnið að innleiðingu nýs bókasafnskerfis í stað Aleph-kerfisins. Nýja kerfið byggir á Alma og Primo VE frá fyrirtækinu ExLibris. Undirbúningur var erfiður og langdreginn. Starfsfólk Landskerfis og starfsfólk Lbs-Hbs báru hitann og þungann af vinnunni s.s. yfirfærslu gagna, prófunum og leiðréttingum á þeim. Kerfin voru gangsett 9.-13. júní. Birt voru kennslumyndbönd á YouTube rás Landskerfis, á Inngangi, auk þess sem haldin voru fjölmörg námskeið fyrir bókasafnafólk um allt land. Miklar og jákvæðar breytingar verða á starfsumhverfi margra í safninu og tækifæri skapast til að veita betri og öflugri þjónustu fyrir bókasöfn og notendur þeirra.

## Fræðsla

Haldin voru 3 örnámskeið og kynningar og 7 námskeið eða formleg fræðsla innanhúss. Ótalin eru þá fjarnámskeið og vefnámskeið sem voru fjölmörg m.a. vegna innleiðingar í Menntaský og vegna nýs bókasafnskerfis. Formlegar kynningar og fræðsla voru:

Kynning - IRIS, gæðakerfi, skipulagsbreytingar.
Kynning - Fjarvinna, jafnlaunakerfi, launagreining.
Kynning - Stofnun ársins, breytt Aðfangasvið, Græn skref.
Kynning – Stefna 2022-2027, öryggistrúnaðarmenn.
Bragi Þ. Ólafsson – Handritasöfnun Jóns Sigurðssonar.
Sólveig Hjaltadóttir – Lífeyrisvit - Hvað veistu um lífeyrismál?
Hjalti Snær Ægisson – Bessastaðaþýðingarnar.
Ingrid Kuhlman - Betri tímastjórnun.
Ingrid Kuhlman - Fjarvinna og samskipti.
Eyþór Eðvarðsson – Vinnustaðamenning.

Starfsfólk sótti fjölda fræðsluerinda, ráðstefna og funda á netinu, og greitt var fyrir fjóra starfsmenn á námskeið og ráðstefnur. Starfsfólk var sérstaklega hvatt til að horfa á og tileinka sér efni myndbanda um öryggismál eða öryggisvitund sem voru á forsíðu *Inngangs* og dreift með tölvupóstum.

## Vettvangsnám

Jérémy Ducret frá Frakklandi var í vettvangsnámi á safninu undir handleiðslu Jökuls Sævarssonar í sérsöfnum. Jérémy er franskur MA nemi í Rare Book and Digital Humanities við Université Bourgone France-Comté. Háskólinn er í Besancon í austurhluta Frakklands, nálægt landamærum Sviss.

## Námsleyfi

Skv. kjarasamningum BHM frá 2011, hefur starfsfólk sem unnið hefur í fjögur ár hjá sömu stofnun rétt á leyfi til endurmenntunar eða framhaldsnáms, enda sé það í samræmi við endurmenntunar- eða starfsþróunaráætlun stofnunar eða starfsmanns. Safnið mótaði reglur um námsleyfi til að framfylgja þessu ákvæði. Gunnar Marel Hinriksson fékk fimm vikna leyfi til að ljúka við meistaraprófsritgerð sína í sagnfræði við HÍ.

## Rannsóknarleyfi

Félagar í Félagi háskólakennara geta sótt um rannsóknarleyfi með nokkurra ára millibili. Rakel Adolphsdóttir sótti um rannsóknarleyfi 2021 og fékk. Hún heimsótti söfn á Norðurlöndunum sem eru sambærileg við Kvennasögusafn og sat norrænu Kvennasöguráðstefnuna árið 2022. Þrjár umsóknir bárust vegna ársins 2022, en ekki var úthlutað úr sjóðnum. Hann er nú á vegum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar ráðuneytis og þrýst var á um afgreiðslu, en málið ekki leyst í árslok.

## Helstu ráðstefnur, málþing og fundir

### Morgunkorn - Bókasafnasjóður og bókasafnaráð

Þann 17. febrúar voru landsbókavörður og borgarbókavörður með kynningu á Bókasafnasjóði í Morgun-

korni Upplýsingar og sögðu frá tilurð sjóðsins, umsóknarferlinu, útskýrðu matskvarða og gerðu grein fyrir mati á umsóknum í sjóðinn á síðasta ári. Önnur úthlutun úr sjóðnum var með umsóknarfresti til 15. mars. Fleiri verkefni ráðsins komu til tals á fundinum, s.s. stefnumótun og söfnun tölfræði.

### Nýr og endurbættur Ísmús

Vefurinn Ísmús var uppfærður, en hann er samstarfsverkefni Árnastofnunar og Lbs-Hbs. Þann 17. mars var ný útgáfa kynnt við hátíðlega athöfn í Lóni. Landsbókavörður bauð fólk velkomið, Guðrún Nordal ræddi um samstarfið milli stofnananna, Rósa Þorsteinsdóttir sagði frá þjóðfræðihluta vefjarins, Jón Hrólfur Sigurjónsson fjallaði um einstaklinga á vefnum og kynnti staðsetningar og tengslanet, Trausti Dagsson fjallaði um uppbyggingu vefjarins og Bjarki Sveinbjörnsson sagði frá margvíslegum nýjungum á vefnum, m.a. tengingum í samtíma upplýsingar um löngu liðna tónleika og viðburði. Þau fjögur hafa borið hitann og þungann af verkefninu. Nýr Ísmús var einnig kynntur á ársfundi Árnastofnunar.

### Morgunkorn Upplýsingar - Upplýsingalæsi

Sara Stef. Hildardóttir var með kynningu á hugtakinu *Upplýsingalæsi* í Morgunkorni Upplýsingar 24. mars, en það var haldið í fjarfundi. Sara fjallaði um notkun hugtaksins, hvað það felur í sér og hlutverk bókasafna og bókasafnsfræðinga við að efla upplýsinga- og miðlalæsi almennings í sívaxandi straumi upplýsinga á allskyns formi.

### Júlíönuhátíð - um lestrarfélög við Breiðafjörð

Landsbókavörður var með erindi um lestrarfélög við Breiðafjörð í Norska húsinu í Stykkishólmi, á Júlíönu : hátíð sögu og bóka þann 25. mars. Hátíðin ber nafn Júlíönu Jónsdóttur úr Akureyjum, en hún var fyrsta íslenska konan sem gaf út ljóðabók. Hún er einnig fyrsta íslenska konan sem fékk leikrit eftir sig sett á svið, en það er *Víg Kjartans Ólafssonar*. Leikritið var gefið út af Söguspekingastifti í Hafnarfirði árið 2001.

### Fræknustu sporin – Helgi Pjeturss 150 ár

Lítil sýning um Helga Pjeturss var opnuð 31. mars í tilefni af 150 ára afmæli og einnig var haldið málþing um hann í fyrirlestrasal. Þetta var samstarfsverkefni nokkurra stofnana á sviði náttúruvísinda og Félags Nýalssinna. Gefin var út vegleg sýningarskrá, en hana og sýninguna hannaði Ólafur J. Engilbertsson. Bókin *Grænlandsför 1897* eftir Helga Pjéturss , sem kom út í Reykjavík 1959, var kjörgripur aprílmánaðar.

### Ráðstefnan Paper Stories

Dagana 5. og 6. maí var haldin ráðstefnan *Paper stories : paper and book history in post-medieval Europe* í Þjóðminjasafni og Lbs-Hbs. Þar var m.a fjallað um rannsóknir á pappír sem notaður var í íslenskum handritum á 16. og 17. öld og greiningu á vatnsmerkjum í pappírnum. Vatnsmerkin geta gefið vísbendingar um aldur og uppruna, en með nýjustu tækni er hægt að skoða þau með mun meiri nákvæmni en áður. Bragi Þorgrímur Ólafsson stýrði málstofu, Gunnar Marel Hinriksson var með erindið „The Paper thief, the headmaster and the comet C/1652 Y1“ og Halldóra Kristinsdóttir, Rannver H. Hannesson og Jón Kristinn Einarsson voru með erindið „Manuscript production in 17th-century Iceland: the case of Hannes Gunnlaugsson.“ Í tilefni af ráðstefnunni var viðtal við Silvíu Hufnagel hjá Árnastofnun um pappírssögu og ráðstefnuna í *Fréttablaðinu* 5. maí.

### Kvennasögusafn - Pernille Ipsen

Þann 16. maí var haldin málstofa í fyrirlestrasal með Pernille Ipsen prófessor í sagnfræði við University of Wisconsin-Madison, en hún flutti einnig Jóns Sigurðssonar fyrirlestur á vegum Sagnfræðistofnunar HÍ þann 17. maí. Pernille hefur gefið út tvær bækur: *Et åbent øjeblik: Da mine mødre gjorde noget nyt* (2020), sem byggir á viðtölum við sjö konur og fjölda skjala, mynda og muna. Árið 2015 kom út fyrri bók hennar, *Daughters of the Trade: Atlantic Slavers and Interracial Marriage on the Gold Coast*. Í málstofunni kynnti Pernille aðferðafræði við bókaskrifin, áskoranir og hvernig hún hefur mótast sem sagnfræðingur.

### Maístjarnan

Maístjarnan var afhent við hátíðlega athöfn í Lóni 18. maí, en hana hlaut að þessu sinni Haukur Ingvarsson fyrir ljóðabókina *Menn sem elska menn*, en hann er tíður gestur í Bókhlöðunni. Hann er doktor frá HÍ í íslenskum bókmenntum og hefur unnið að dagskrárgerð á RÚV, auk þess að senda frá sér ljóð, sögur og greinar. Hann hefur einnig skrifað fræðirit m.a. um Halldór Laxness og William Faulkner.

### IRIS

Rannsóknasafnið IRIS var opnað 15. júní við hátíðlega athöfn í fyrirlestrasal og í Teymi, og voru um 80 manns viðstödd athöfnina. Íris er upplýsingakerfi sem byggir á hugbúnaðinum PURE frá Elsevier. Kerfið sýnir rannsóknavirkni íslenskra háskóla og stofnana. Með opnun kerfisins eykst sýnileiki, yfirsýn og aðgengi að upplýsingum um rannsóknir á Ísland og markar opnunin því ákveðin tímamót. Lbs-Hbs rekur kerfið, en íslenska ríkið keypti það og fól safninu yfirumsjón með því. Tíu stofnanir eru í kerfinu við opnun, en reiknað er með að fleiri bætist við næsta vetur. Sara Stef Hildardóttir sýndi inn í kerfið við opnunina og kynnti ýmsa möguleika sem felast í því, en ávörp fluttu Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ráðherra, Berglind Fanndal Káradóttir frá Rannís og landsbókavörður.

## TUMI

Upplýsingalæsisverkefnið TUMI, sem rekið er á vegum Fjölmiðlanefndar, var mjög virkt síðari hluta árs. Fulltrúi upplýsingafræðinga var Sara Stef. Hildardóttir, en Hilma Gunnarsdóttir tók við um mitt ár.

## Íslandsleiðangur Sir Joseph Banks 1772

Málþing um Sir Joseph Banks, Daniel Solander og Íslandsleiðangurinn 1772 var haldið í Lóni 29. ágúst 2022. Að því stóðu Sagnfræðistofnun HÍ í samvinnu við sænska sendiráðið og Lbs-Hbs. Þennan dag fyrir 250 árum stigu leiðangursmenn á land á Íslandi. Erlendir fyrirlesarar voru Sverker Sörlin prófessor sem fjallaði um sænska grasafræðinginn Daniel Solander og Neil Chambers sem fjallaði um útgáfustörf Banks. Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur ræddi um eldfjöll, en aðaltilgangur Banks með Íslandsförinni var að ganga á Heklu. Þóra Ellen Þórhallsdóttir grasafræðingur og Gísli Már Gíslason líffræðingur fjölluðu um vísindaskýrslur leiðangursins, en þær hafa ekki verið rannsakaðar fyrr. Að lokum ræddu sagnfræðingarnir Anna Agnarsdóttir og Sumarliði Ísleifsson um arfleifðina: Íslandsvininn Banks og myndirnar sem listamenn Banks teiknuðu í Íslandsförinni og eru á sýningunni. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra opnaði þingið og Jón Atli Benediktsson rektor HÍ flutti ávarp og bauð til móttöku. Þá komu nemendur af sænska skólaskipinu TS Gunilla í heimsókn í safnið 22. ágúst og skoðuðu sýninguna í fylgd sænska sendiherrans. Sænska sendiráðið bauð upp á nokkra viðburði og samstarf í tengslum við sýninguna og leiðangurinn.

## Lestur er bestur á öllum tungumálum

Hinn árlegi Bókasafnsdagur var haldinn 7. sept. á vegum Upplýsingar. Þema dagsins var *Lestur er bestur – á öllum tungumálum*. Morgunkorn var haldið í fallegu bókasafni Menntaskólans við Hamrahlíð, og fundurinn var einnig aðgengilegur í fjarfundi. Friðrik Rafnsson bókmenntafræðingur og þýðandi ræddi þar um þýðingar og starf þýðandans. Þá var kynnt nýtt orðaský sem sýnir móðurmál íslenskra grunnskólanemenda árið 2021, en skýið var unnið af samtökunum Móðurmál. Í Lbs-Hbs var haldið upp á daginn með árlegu bókahlaðborði úr gjöfum sem berast safninu og kaffi fyrir starfsfólkið. María Logn Kristínardóttir er fulltrúi safnsins í undirbúningshópi dagsins.

## Starfsmannafundur – kynning á nýjungum

Almennur starfsmannafundur var haldinn 16. sept. í fyrirlestrasal og þar var farið stuttlega yfir ýmsar nýjungar í starfseminni. Sara Stef Hildardóttir kynnti það sem er að gerast í IRIS, kerfi sem heldur utan um rannsóknarvirkni íslenskra háskóla og rannsóknastofnana. Arna Matthildur Eggertsdóttir kynnti nýtt gæðakerfi safnsins, sem nú er orðið aðgengilegt á Inngangi. Þar er ætlunin að safna saman stefnuskjölum, verklagsreglum, leiðbeiningum og margvíslegum gæðaskjölum til notkunar í starfsemi safnsins. Sum þeirra hafa verið á Inngangi eða drifum einstakra sviða, en verða smám saman aðgengileg í kerfinu, eftir að hafa fengið yfirhalningu og nýtt útlit. Og að lokum sagði Ragna Steinarsdóttir frá skipulagsbreytingum á Aðfangasviði, í kjölfar innleiðingar nýja bókasafnskerfisins Alma. Vinnulag og verkferlar eru með öðrum hætti en áður, og margvísleg tækifæri til breytinga hafa komið upp. Auk þess verða ýmsir þættir kerfisins nýttir betur en áður.

## Leiðsögn um Banks – sýninguna

Sagnfræðingarnir Anna Agnarsdóttir og Sumarliði Ísleifsson voru með þrjár leiðsagnir um sýninguna um Íslandsleiðangur Sir Joseph Banks í sept. og okt., en þau eru jafnframt höfundar hennar. Í lok leiðsagnarinnar var boðið upp á spjall og léttar veitingar. Um 25 gestir fylgdu þeim eftir hverju sinni, og voru afar áhugasamir.

## Heimsókn frá Noregi

Þann 29. sept. kom í heimsókn hópur frá svæðisstjórn Þrændalaga (Tröndelag) í mið-Noregi. Fólkið í hópnum eru kjörnir fulltrúar og starfa í menningarnefnd svæðisins og bera m.a. ábyrgð á bókasöfnum. Hópurinn var í nokkurra daga menningarreisu í Reykjavík, en óskuðu eftir að heimsækja safnið. Þau leituðu eftir upplýsingum um stafræna endurgerð, samstarf ólíkra safna á Íslandi, lestrarhvatningu og lestrarvenjur og menningardagskrár bókasafna. Sigubjörg Long og landsbókavörður tóku á móti þeim.

## Þekkingarveita í allra þágu 2023-2027

Ný stefna safnsins var endanlega kynnt á fundi starfsfólks 14. okt. en hafði verið kynnt áður og einnig í smærri hópum. Stefnumótunin hófst í lok árs 2019, en tafðist verulega á Covid-tímanum. Vinnan lagðist þó aldrei af, og henni var ýtt áfram og lokið nú í haust. Stefna ber yfirskriftina *Þekkingarveita í allra þágu*, eins og síðasta stefna. Áhersla er lögð á uppbyggingu stafræns umhverfis og þjónustu, þátttöku í rannsóknarverkefnum og heilsusamlegu og hvetjandi vinnuumhverfi. Gæðamál og bættir verkferlar eru einnig í forgrunni. Einfaldur bæklingur með stefnunni var prentaður, en stefnan er einnig aðgengileg á vef.

## Vinnustofa á vegum Turnitin

Þann 5. okt. s.l. héldu þeir Dennis Van Bart og Jason Gibson frá Turnitin, fræðsludagskrá fyrir umsjónarfólk Turnitin í íslenskum skólastofnunum. Um 30 manns af öllu landinu sóttu dagskrána, ýmist í Setbergi, húsi kennslunnar við HÍ eða gegnum fjarfundabúnað. Þeir fóru yfir helstu virkniþætti Turnitin, kynntu nýjungar og svöruðu spurningum áhugasamra gesta. Þetta var

fyrsta heimsókn sérfræðinga fyrirtækisins frá því fyrir COVID-19. Hilma Gunnarsdóttir, sérfræðingur hjá Lbs-Hbs og Sigurbjörg Jóhannesdóttir, verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð HÍ önnuðust skipulag og undirbúning.

### Fræðsludagskrá - Kynning á doktorsritgerðum

Bragi Þ. Ólafsson kynnti doktorsritgerð sína: *Í útlendra höndum: Jón Sigurðsson og handritasöfnun á Íslandi 1840-1880,* þann 5. okt. Ritgerðin er í Opnum vísindum. Hjalti Snær Ægisson, sem er á nýdoktorsstyrk og vinnur í safninu, kynnti sína rannsókn 19. okt. en hún ber heitið *Bessastaðaþýðingar* og tengist Bessastaðaskóla.

### Heimsókn frá Tékklandi

Þann 13. október komu sjö gestir frá nokkrum söfnum í Tékklandi í heimsókn í Lbs-Hbs og fengu þeir kynningu á stafrænni endurgerð hjá handritasafni (handrit.is) og Íslandssafni (bækur.is og timarit.is). Að kynningu lokinni skoðuðu þau valin handrit og prentaðar bækur úr fórum handritasafns og Íslandssafns og heimsóttu svo myndastofu.

### Málþing og kveðjuhóf Jóhönnu Gunnlaugsdóttur

Þann 19. okt. var haldið málþing og kveðjuhóf til heiðurs Jóhönnu Gunnlaugsdóttur, prófessors í upplýsingafræði við HÍ. Hún varð sjötug síðla árs 2019 og lét þá af störfum, en vegna Covid-19 dróst að halda þennan viðburð. Erindi fluttu Gunnhildur Manfreðsdóttir, Kristín Ósk Hlynsdóttir, Þorgerður Magnúsdóttir og Gunnhildur Lilja Sigmundsdóttir. Þá tók Julie McLeod prófessor emerita við NorthUmbria háskólann á Englandi einnig þátt í málþinginu gegnum fjarfund. Jóhönnu er óskað til hamingju með þessi tímamót.

### Rannsóknaþing 2022

Rannsóknaþing Rannís var haldið 24. nóv. á Hilton Nordica hótelinu. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra setti þingið. Katrín Frímannsdóttir fjallaði um áhrifamat Rannsóknasjóðs og Sara Stef Hildardóttir kynnti IRIS – rannsóknagátt fyrir Ísland. Ágúst Hjörtur Ingþórsson fjallaði um stuðning við hugvitssamfélagið og síðan voru pallborðsumræður um áhrif rannsókna á Íslandi. Að lokum voru afhent hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs, og þau hlaut Yvonne Höller prófessor við Hákólann á Akureyri.

### Fyrsti desember

Þjóðarbókhlaðan var opnuð 1. desember 1994 við hátíðlega athöfn og þann dag voru Landsbókasafn Íslands og Háskólasafn formlega sameinuð í eina stofnun eftir langan aðdraganda. Jafnan er haldið upp á daginn í safninu, en undanfarin tvö ár féll samkoman niður vegna Covid-19. Starfsfólki sem hefur hætt vegna aldurs er boðið, auk stjórnar og nokkurra annarra gesta, svo og starfsfólki sem er við störf. Að þessu sinni kynnti landsbókavörður það helsta sem er að gerast í safninu, og þar á meðal nýja stefnu og helstu lykiltölur. Sólveig Lind Ásgeirsdóttir hlaut viðurkenningu, en hún hefur starfað í safninu í 25 ár. Þá var Jónína Eiríksdóttir í Reykholti einnig kvödd, en hún hefur látið af störfum sökum aldurs. Þá kynntu þær Sigríður Jónsdóttir og Halldóra Kristinsdóttir sýningarnar um Leiklistarskóla SÁL og rannsóknarverkefnið Pappírsslóð, sem stóðu uppi. Að lokum var boðið í kaffi og tertur í mötuneyti.

### Upplýsing – fundur um starfsauglýsingar

Þann 8. des. boðaði Upplýsing til umræðufundar um málefni bókasafna og upplýsingafræðinga. Tilefnið voru starfsauglýsingar á vegum bókasafna, m.a. Lbs-Hbs og Borgarbókasafns, en einnig ýmislegt fleira sem rætt hefur verið um innan fagfélagsins, s.s. menntun, starfsumhverfi, fagfélög, opinber stjórnsýsla o.fl. Fundurinn var í fyrirlestrasal og var einnig aðgengilegur í fjarfundi. Umræður voru málefnalegar og tímabærar, en ljóst er að starfsumhverfi upplýsingafræðinga er sífelldum breytingum háð, m.a. vegna nýrrar tækni og vinnubragða. Mikilvægt er að stéttin takist á við breytingarnar af fagmennsku.

## Útgáfa

Stefnt er að því að útgáfa safnsins sé sem mest stafræn. Ársskýrslur frá 1994 og sýningarskrár frá 2007 eru á vef safnsins, en örfá eintök prentuð. Auk þessa eru *Árbók Landsbókasafns* 1945-1994 og *Ritmennt* 1996-2005 á *timarit.is*. Gefinn var út lítill bæklingur um nýja stefnu safnsins, *Þekkingarveita í allra þágu*, bæði í prenti og á vef safnsins.

### Bæklingar Þjónustusviðs

Bæklingar þjónustusviðs eru endurskoðaðir reglulega. Þeir bæklingar sem eru ætlaðir almennum notendum verða áfram á pappír, en verið er að færa bæklinga um einstakar fræðigreinar í Áttavitann, auk þess sem leiðarvísum hefur verið fjölgað.

### Sýningarskrár

Gefnar voru út þrjár veglegar sýningarskrár, Helgi Pjeturss - 150 ára minning, Íslandsleiðangur Sir Joseph Banks og Leiklistarskóli SÁL, auk tveggja kynningarbæklinga. Einblöðungar voru gefnir út í tengslum við aðrar sýningar. Um hönnun sá Ólafur J. Engilbertsson.

## Vefir og samfélagsmiðlar

### Vefir og vefþjónustur

Sífellt er unnið að uppfærslum á virkni og útliti vefja safnsins. International Internet Preservation Consortium (IIPC) styrkti viðbótarþróun á nýjum "afspilunar"

hugbúnaði (pywb) fyrir vefsöfn frá 2019, en Kristinn Sigurðsson hefur stýrt hugbúnaðarþróunarhópi samtakanna. Lbs-Hbs var með "beta" útgáfu af búnaðinum á *Vefsafn.is* (http://beta.vefsafn.is) og Kristinn og Georg Perreiter birtu pistil á blogg síðu IIPC og röktu reynslu safnsins af þessum nýjungum.

### Vefmælingar

Fylgst var með notkun á 27 (28) vefjum á vegum safnsins á árinu, en samkomulag varð um að Ísmús færi í umsjón Árnastofnunar. Notkunin var mæld með Google Analytics, en tölurnar yfirfarnar. Samanlagður fjöldi heimsókna dróst enn saman eftir verulega aukningu á Covid-tímabilinu. Heimsóknir voru tæplega 3.6 millj. og síðuflettingar drógust einnig saman og voru tæplega 15 millj. á árinu. Heimsóknum á síðurnar *skemman.is, handrit.is* og *vefsafn.is* fækkaði, en aukning varð m.a. á *opinvisindi.is* og *leiðarvísasafninu*. Að meðaltali voru vefir safnsins heimsóttir tæplega 10.000 sinnum á dag og um 41.000 síður sóttar daglega af notendum árið 2022. Rúmlega fjórðungur heimsókna eru í gengum snjalltæki, en misjafnt eftir vefjum. Eins og áður eru *timarit.is* og *skemman.is* langvinsælustu vefir safnsins. Þá kemur aðalvefurinn *landsbokasafn.is*, og *handrit.is*. Sjá nánar um heimsóknir og flettingar í töflu 2.13 í Árstölum.

### Samfélagsmiðlar

Starfsfólk safnsins notar samfélagsmiðla til að koma á framfæri fréttum og lykilverkefnum, en einnig til að efla tengsl við notendur og samstarfsaðila. Búnir eru til viðburðir í tengslum við sýningar og opnanir. Samfélagsmiðlum hefur verið fækkað og innsetning efnis endurskipulögð. Fimm síður eru nú á Fésbók, en ein ný bættist við fyrir Leikminjasafn, tveir reikningar eru á Twitter, tvær rásir á You Tube og stofnaður var reikningur á Instagram á síðasta ári. Tónlistarsafnið er einnig með talsvert efni á Vimeo. Sjá nánar í töflu 2.15.

### Vinnan og fleiri miðlar

Samskiptamiðillinn Workplace eða *Vinnan* hefur verið notaður af starfsfólk safnsins síðan 2019. Vinnan er svipuð og Fésbókin og notuð til að halda utan um samskipti starfsfólks, einstakra hópa og vegna viðburða og verkefna. Hópar reka einnig Fésbókarsíður s.s. *Starfsmenn. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn* (77) og *Hlöðver – starfsmannafélag Þjóðarbókhlöðu* (47). Kristinn Sigurðsson heldur úti bloggsíðu, þar sem fjallað er um ýmislegt tengt vefsöfnun. Slóðin er http://kris-sigur.blogspot.com/.

## Í vikulokin

Landsbókavörður sendir reglulega út pistla undir heitinu *Í vikulokin*. Pistlarnir eru sendir til starfsfólks,stjórnar safnsins og starfsfólks bókasafns Menntavísindasviðs HÍ. Tilgangurinn er að draga saman það helsta sem gerst hefur undanfarna viku og veita upplýsingar um þau verkefni sem verið er að vinna að í safninu og samskipti við aðila utan safns. Alls voru sendir út 31 (36) vikulokapistlar árið 2022 og er þeim jafnframt safnað á *Inngang.*

## Samgöngusamningar

Samgöngusamningar hafa verið gerðir síðan 2014, en þá var gerð samgöngustefna fyrir safnið. Safnið hvetur starfsfólk til að nýta sér umhverfisvæna samgöngumáta. Því til stuðnings er veittur samgöngustyrkur sem felur í sér niðurgreiðslu á árskorti í strætó eða sambærilegur styrkur til þeirra sem skuldbinda sig til að sleppa einkabílnum í amk 60% ferða til og frá vinnu. 40 starfsmenn nýttu sér samningana.

## Húsnæði og rými

Starf rýmishóps breyttist m.a. vegna fyrirhugaðs flutnings bókasafns menntavísindasviðs HÍ úr Stakkahlíð og á háskólasvæðið. Starfsfólk beggja safna fundaði reglulega um það mál og megináherslan var lögð á að hefja grisjun á efni á 3. og 4. hæð til að koma bókakosti fyrir. Einnig er grisjað í Stakkahlíð.

Ýmis viðhaldsverkefni komu upp í húsnæði safnsins og tækjakosti. Slökkvilið Höfuðborgarsvæðis gerði úttekt á eldvörnum og haldið var eldvarnarnámskeið fyrir starfsfólk í apríl. Hellulögn lóðar var hreinsuð með háþrýstiþvotti og söndun og stígar og stólpar lagfærðir. Starfsstöðvum í skylduskilum á 1. h. var fjölgað, í kjölfar skipulagsbreytinga á Aðgangasviði, og einnig voru tilfærslur á 2. og 3. hæð. Talsvert var um endurnýjun á búnaði sem er kominn til ára sinna, s.s. grunnvatnsdæla, varaaflgjafi, rakadæla, kæliblásarar í rafmagnstöflum, öryggislokar og ventlar í sprinklerkerfi, loftsíur o.fl. Hugað var að breytingum í matsal starfsfólks, m.a. vegna breytinga á þjónustu, og gert ráð fyrir framkvæmdum á næsta ári.

### Mjódd

Vinnuaðstaða í Mjódd er nú komin í viðunandi horf, en ýmislegt má þó bæta. Ekkert varðveisluefni er þar lengur, nema tímabundið, þegar stórar afhendingar eða gjafir berast. Talsvert efni, sem ekki er varðveisluefni, hefur verið flutt úr Bókhlöðunni í Mjódd.

## Öryggismál og tölvukerfi

Safnið notar netöryggissíur og vírusvarnir til að koma í veg fyrir óæskilega umferð eða innbrot í kerfi safnsins, auk eftirlitsbúnaðar sem fylgist með ástandi tölvukerfisins. Talsvert var lagt upp úr að auka öryggisvitund starfsfólks, vírusvarnir o.fl. Sífellt stærri hluti af tölvurekstrinum er í sýndarumhverfi og fylgjast þarf vel með því, til að gæta fyllsta öryggis.

Síðari hluta árs komu upp truflanir á netsambandi starfsfólks, aðallega á 2. h. Bætt var sendi við kerfið til að leysa málið. Skýjalausn safnsins (M365) var flutt í s.k. Menntaský sem er lausn á vegum ríkisins og er rekin af Upplýsingatæknisviði HÍ (UTS).
Starfsfólki stóðu til boða myndbönd um öryggismál eða öryggisvitund á forsíðu Inngangs og einnig voru slík myndbönd send á hópinn í tölvupósti. Öryggismyndavélum var fjölgað í 55 og eru gögnin úr þeim geymd í ákveðinn tíma í aðgangsstýrði gagnageymslu.

### Notendatölvur

Upplýsingatæknisvið HÍ (UTS) hefur umsjón með notendatölvum og prenturum á 3. og 4. hæð. Aðeins notendur HÍ geta skráð sig á þær vélar. Ef upp koma vandamál með vélarnar og/eða prentun, sér UTS um þjónustu líkt og í öðrum tölvuverum Háskólans. Við hlið tón- og myndsafns, er sérstök tölvuaðstaða fyrir nema úr öðrum skólum en HÍ, og aðra gesti. Í þeim vélum er aðgengi að helstu forritum til ritvinnslu, en án internettenginga. Netið er aðgengilegt í tölvum á 2. hæð og einnig geta allir tengst Netinu í gegnum WiFi.

### Öryggisnefnd

Rannver H. Hannesson og Sigríður Bjarnadóttir eru fulltrúar starfsfólks í öryggisnefnd sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Af hálfu safnsins sitja Edda G. Björgvinsdóttir og Jón Ingimar Jónsson í nefndinni.

## Starfsmannafundir

Á starfsmannafundi 4. mars kynnti Guðrún H. Sveinsdóttir mannauðsstjóri, niðurstöðu könnunar um fjarvinnu og nýlega launagreiningu, sem er hluti af Jafnlaunakerfi safnsins. Fram kom að fjarvinna verður þróuð áfram og að niðurstöður launagreingar eru innan allra marka.
Á starfsmannafundi 29. apríl, kynnti Örn Hrafnkelsson stefnumótunarvinnuna sem var þá komast á lokastig og sagði frá nokkrum verkefnum sem þegar voru komin af stað. Ragna Steinarsdóttir sagði frá fyrirhuguðum breytingum á Aðfangasviði, en kveikjan að þeim er annars vegar stefnumótunarvinnan og svo innleiðing Alma bókasafnskerfisins. Guðrún Halldóra sagði frá því að vinnu við skref 2 í Grænum skrefum sé lokið, en beðið er eftir úttekt. Vinna við skref þrjú er hafin, m.a. með nýjum tunnum fyrir lífrænan úrgang.
Á starfsmannafundi 16. sept. var farið stuttlega yfir ýmsar nýjungar í starfseminni. Sara Stef Hildardóttir kynnti vinnu við IRIS, en kerfið heldur utan um rannsóknarvirkni íslenskra háskóla og rannsóknastofnana.
Arna Matthildur Eggertsdóttir kynnti nýtt gæðakerfi safnsins, sem nú er orðið aðgengilegt á Inngangi. Þar er ætlunin að safna saman stefnuskjölum, verklagsreglum, leiðbeiningum og gæðaskjölum til notkunar í starfsemi safnsins. Sum þeirra hafa verið á Inngangi eða drifum einstakra sviða, en verða smám saman aðgengilegt í kerfinu, eftir að hafa fengið yfirhalningu og nýtt útlit.
Að lokum sagði Ragna Steinarsdóttir frá skipulagsbreytingum sem voru á Aðfangasviði, í kjölfar innleiðingar bókasafnskerfisins Alma. Vinnulag og verkferlar eru með öðrum hætti en áður, og margvísleg tækifæri til breytinga hafa komið upp. Auk þess verða ýmsir þættir kerfisins nýttir miklu betur en áður.

## Mötuneyti, kaffistofa og sjálfsalar

Í samræmi við kjarasamninga eru tveir starfsmenn tilnefndir til að fylgjast með rekstri mötuneytis, en það eru Guðrún Laufey Guðmundsdóttir frá Félagi háskólakennara og Arnar Óðinn Arnþórsson frá Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga. Félagsstofnun stúdenta eða Háma tók við rekstri mötuneytis fyrir starfsfólk um mitt ár 2021.
Háma sagði upp samningi um mötuneytið í lok árs 2022, þar sem þjónustan bar sig ekki. Eftir Covid-19, styttingu vinnutíma og með aukinni fjarvinnu hafa matarvenjur breyst og því er færra starfsfólk sem kaupir sér mat en áður. Síðasti dagur Hámu í mötuneytinu var 23. des. en Háma rekur áfram veitingastofu á 2.h. Starfsfólk fær greitt fæðisfé eftir lokunina og geta allir keypt í veitingastofunni og borðað þar eða farið niður í matsal. Á nýju ári verður farið í að bæta aðstöðuna á 1. hæð. Tveir sjálfsalar frá Ölgerðinni eru í veitingastofu og í bígerð að setja upp kaffisjálfssala.

## Starfsmannafélagið Hlöðver

Aðalfundur Hlöðvers var haldinn 25. ágúst. Í stjórn voru kosnar Emma Björk Hjálmarsdóttir, Guðrún Sigurlaug Sigurðardóttir, María Logn Kristínardóttir, Sólveig Lind Ásgeirsdóttir og Arna Matthildur Eggertsdóttir.
Félagið stóð fyrir uppákomum s.s. heimsókn í bókasafn Dagsbrúnar, bíóferðum, sögugöngu um Laugaveginn sem heppnaðist vel, uppistandi, Litlu jólum, jólabókagetraun, jólaskreytingadegi og barsvari.

# Samskipti við Háskóla Íslands

## Samstarfssamningur og samstarfsnefnd

Nýr samstarfssamningur milli HÍ og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns var undirritaður 14. mars, en eldri samningur var frá 2015. Samningurinn er gerður á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafns nr. 142/2011. Helstu nýmæli í samningnum er aukið samstarf um opinn aðgang og að safnið komi á fót rannsóknaþjónustu m.a. til að miðla upplýsingum um opin vísindi og auðvelda birtingar í opnum aðgangi. Þá er áhersla á að efla upplýsingalæsi meðal nemenda og bæta aðgengi að rafrænum safnkosti m.a. í kennslukerfum skólans.
Í samstarfsnefnd voru af hálfu HÍ, Halldór Jónsson sviðsstjóri Vísinda- og nýsköpunarsviðs, Róbert Haraldsson sviðsstjóri Kennslusviðs, og Jenný Bára Jensdóttir fjármálastjóri. Frá safninu voru Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Guðrún Tryggvadóttir sviðsstjóri Þjónustusviðs. Nefndin hittist ekki á árinu, en talsverð samskipti voru á milli aðila, m.a. vegna innleiðingar CRIS kerfisins.

## Háskólaþing

29. háskólaþing var haldið 8. júní. Jón Atli Benediktsson rektor, reifaði mál sem voru efst á baugi hjá Háskóla Íslands, tilnefndir voru fulltrúar í háskólaráð og farið var yfir verkefni í stefnu skólans HÍ26. Þá var umfjöllun um þróun doktorsnáms og Halldór Jónsson sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs kynnti rannsóknasafnið IRIS og hvernig kerfið muni nýtast skólanum í framtíðinni.
30. háskólaþing var haldið 30. nóvember. Rektor reifaði helstu mál að vanda, en síðan voru kynntar sjálfbærniáherslur í stefnu HÍ og sjálfbærniskýrsla 2021. Þá var rætt um skipulag, samgöngur, bílastæði og margvíslegar þróunaráherslur á háskólasvæðinu,

## Ritver og verkefnavaka

Samstarf við Ritver HÍ hélt áfram eins og fyrir Covid, en Ritverið mannar upplýsingaborð á 2. hæð safnsins. Verkefnavakan var haldin 24. mars í samstarfi bókasafna HÍ, Ritvers og Náms- og starfsráðgjafar HÍ.

## Turnitin ritfærniforritið

Lbs-Hbs hefur haft umsjón með samningum og rekstri Turnitin frá 2017. Mennta- og menningarmálaráðuneytið tryggir miðlæga greiðslu fyrir aðgang allra háskóla og framhaldsskóla á landinu. Núverandi samningur gildir 2021-2023.
Þann 5. okt. var, fræðsludagskrá fyrir umsjónarfólk kerfisins í íslenskum stofnunum. Hilma Gunnarsdóttir, sérfræðingur hjá Lbs-Hbs og Sigurbjörg Jóhannesdóttir, verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð HÍ önnuðust skipulag og undirbúning.
Allir háskólarnir nota kerfið auk tveggja símenntunarstöðva. 37 framhaldsskólar voru með aðgang á árinu og 30 þeirra voru með aðgangsréttindi og í þeim skilningi virkir notendur. Notkun á kerfinu jókst á landsvísu og hafa framhaldsskólarnir sótt mjög í sig veðrið. Notkun á Turnitin milli sviða HÍ er afar misjöfn. Sjá töflu 2.12.

## Skemman

Háskólarnir taka allir þátt í rekstri Skemmunnar og í verkefnisstjórn sitja fulltrúar þeirra og Lbs-Hbs. Fulltrúar safnsins eru Guðrún Tryggvadóttir og Kristinn Sigurðsson. Viðræður við Þjóðskjalasafn um skil á vörsluútgáfu af Skemmunni standa yfir, en sífellt bætist við gagnagrunninn og það sama á við um aðra gagnagrunna Lbs-Hbs. Skemman styður staðla OpenAIRE Evrópuverkefnisins.

## IRIS og Opin vísindi

Starfsfólk HÍ tekur virkan þátt í undirbúningi CRIS kerfis og á m.a. nokkra fulltrúa í stýrihópi um innleiðingu kerfisins, þá Halldór Jónsson, Guðmund Kjærnested og Baldvin Zarioh. Upplýsingatæknisvið HÍ sér um s.k. forsal, þar sem gögn frá þeim stofnunum sem taka þátt í verkefninu eru samþætt áður en þau renna inn í kerfið. Starfsfólk Vísinda- og nýsköpunarsviðs HÍ var öflugt við innsetningu á efni í kerfið.

## Sameining bókasafna

Í lok árs 2021 var undirritaður samningur um kaup ríkisins og Félagsstofnunar stúdenta á fasteign Bændahallarinnar ehf eða Hótel Sögu. Húsið verður nýtt undir starfsemi Menntavísindasviðs HÍ og sem stúdentagarður. Bókasafn sviðsins sameinast Lbs-Hbs. Í mars var settur á fót starfshópur sem í sitja fulltrúar beggja stofnana. Verkefnið er undirbúa sameininguna, gera tímaáætlun, greina kostnað, undirbúa flutning og grisjun safnkosts, eiga reglulegt samráð við starfsfólk og tryggja að sameinað bókasafn veiti sambærilega eða betri þjónustu en veitt hafi verið.

# Innlent samstarf

## Stjórnendur háskólabókasafna

Tveir fundir voru haldnir á árinu, en meðlimir hópsins hafa með sér margvíslegt samráð þess utan. Fyrri fundurinn var haldinn í Teymi 19. janúar. Þar var fjallað um úthlutanir úr Bókasafnasjóði, upplýsingalæsi, tengslanet um upplýsinga- og miðlalæsi á vegum fjölmiðlanefndar, málefni bókasafna með nýrri skipan ráðuneyta, sameiginleg rafbókakaup háskólasafna, stefnu um fræðslu í upplýsingalæsi og næstu skref IRIS. Síðari fundurinn var haldinn á Akureyri og í Teymi þann 7. október. Umræðuefni þar voru næstu skref varðandi IRIS, Opinn aðgangur, stefna um upplýsingalæsi, Alma bóksafnskerfið, ráðstefna Liber samtakanna og sameiginleg rafbókakaup.

## Landskerfi bókasafna

Landskerfi bókasafna hf hefur starfað frá 2001 og er hlutafélag í eigu ríkis og sveitarfélaga. Hluthafar eru um 60. Félagið rekur bókasafnskerfið *Gegni* og leitarvélina *Leitir*, *Rafbókasafnið* og gagnasafnið *Sarp*. Landsbókavörður fer með hlut ríkisins í stjórn. Viktor Jens Vigfússon er formaður stjórnar, en aðrir í stjórn eru Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Árni Konráð Bjarnason og Pálína Magnúsdóttir. Framkvæmdastjóri er Sveinbjörg Sveinsdóttir, en aðrir starfsmenn voru tíu. Þeim fjölgaði tímabundið vegna innleiðingar nýs bókasafnskerfis.

Á starfsárinu urðu breytingar á hugbúnaði fyrir bókasafnakerfin, en í stað eldri kerfa voru teknar í notkun skýjalausnirnar Alma og Primo frá Ex Libris, sem nú er hluti Clarivate samsteypunnar. Um er að ræða hugbúnaðarþjónustu (e. SaaS – Software as a Service), þ.e. leigður er aðgangur að kerfunum sem eru hýst í gagnaveri Ex Libris í Frankfurt í Þýskalandi. Samningurinn er til 8 ára með möguleika á framlengingu um 4 ár.

Eftir mikinn undirbúning var nýr Gegnir (Alma) opnaður 13. júní, og nýjar Leitir (Primo) degi síðar. Kerfin fóru strax í almenna notkun í almenningsbókasöfnum og á Lbs-Hbs, sem tók mjög virkan þátt í innleiðingarvinnunni. Sumarvinna Landskerfs fólst í því að þjónusta söfnin sem byrjuðu að nota nýju kerfin, auk þess að undirbúa haustið og innleiðingu kerfisins í skólasöfn landsins. Fjöldi endurmenntunarnámskeiða var haldinn fyrir starfsfólk bókasafnanna, til að auðvelda kerfisskiptin. Einnig fór starfsfólk frá Landskerfi um landið og hélt samráðs og fræðslufundi á haustdögum.

Í árslok voru um 1.22 (1.27) millj. titla skráðar í Gegni, og fjöldi eintaka um 5.78 (5.85) milljónir. Fækkunina má rekja til hreinsana og tiltektarverkefna hjá söfnum vegna yfirfærslu í nýja kerfið. Útlán voru rúmlega 2.4 (2.8) milljónir og fækkaði talsvert vegna sömu orsaka. Fjöldi lánþega í árslok var óljós vegna kerfisbreytinganna.

## Stýrihópur vegna nýs bókasafnskerfis

Í stýrihópi vegna innleiðingar nýja bókasafnkerfisins sátu Pálína Magnúsdóttir, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir og Sveinbjörg Sveinsdóttir fyrir hönd Landskerfis. Dominic Nast kom inn sem nýr verkefnastjóri af hálfu Ex Libris, en Georg Heiming var áfram í hópnum, auk þess sem ýmsir sérfræðingar komu að, eftir því sem verkefninu vatt fram.

## Skráningarráð og efnisorðaráð

Fulltrúi Lbs-Hbs í skráningarráði var Helga Kristín Gunnarsdóttir, en Hallfríður Hrönn Kristjánsdóttir gæðastjóri Gegnis sat fundi. Aðrir í ráðinu voru Áslaug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir formaður og Þóra Sigurbjörnsdóttir, auk Sigrúnar Hauksdóttur frá Landskerfi. Í efnisorðaráði sátu Ragna Steinardóttir, formaður af hálfu safnsins, Guðný Ragnarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir. Lbs-Hbs sér um alla efnisorðavinnu í Gegni og heldur úti *Lykilskrá* þar sem eru tæplega 15.000 efnisorð og um 86.000 mannanöfn eða nafnmyndir, sem unnin hafa verið samkvæmt stöðlum.

## HASK – Handbók skrásetjara Gegnis

Veflæg handbók skrásetjara Gegnis, sem starfsfólk Lbs-Hbs sér um, var endurhönnuð m.t.t. nýja bókasafnskerfisins, og hægt er að tengja á milli handbókar og skráningarviðmóts, sem er mikil hagræðing fyrir skrásetjara. Handbókinni er ætlað að stuðla að vönduðum og samræmdum vinnubrögðum og var unnin samhliða kerfisskiptunum.

## PCI, bx og SFX

Notkun á Primo Central Index, bx ábendingaþjónustunni og SFX krækjukerfinu var hætt þegar nýja bókasafnskerfið var tekið í notkun, en virknin færist í nýja kerfið.

## Tölfræði í Gegni og Leitum

Boðið er upp á mánaðarlega tölfræði, árslokatölfræði og topplánalista úr Gegni. Lánþegaskýrslur eru kyngreindar. Vegna þess að kerfisskiptin voru um mitt ár var vandkvæðum bundið að nálgast áreiðanlegar tölur fyrir ársskýrslu ársins 2022.

### VIAF (Virtual International Authority File)

Landskerfi og Lbs-Hbs taka þátt í VIAF samstarfinu á vegum OCLC. Í VIAF eru margskonar nafnmyndaskrár sameinaðar. Tilgangurinn er að auka gagnsemi þeirra og auðvelda skráningarvinnu. Færslurnar fá alþjóðlegt auðkenni (kennitölu og permalink) og nýtast sem tengd opin gögn (Linked open data) við leit. Tengiliður er Ragna Steinarsdóttir.

### Rafbókasafnið

Rafbókasafnið opnaði 2017 sem samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna og Borgarbókasafns. Um 60 almenningsbókasöfn hafa síðan gerst aðilar að verkefninu. Landskerfi sér um tæknilega þáttinn, en bókasöfnin velja og kaupa efnið. Í safninu eru bæði hljóðbækur og rafbækur og eru flestar á ensku. Erfiðlega hefur gengið að fá frumsamið og þýtt efni á íslensku til útláns í safninu. Fundað var með ráðherra um málið í byrjun árs 2022, en einnig hafa verið viðræður við bókaútgefendur og áhugi er á að bæta við íslenska efnið. Borgarbókasafn tók að sér að prufuskrá efni fyrir útgefendur sem þess óska og er verkefnið í gangi. Aðgangur var að rúmlega 11 þúsund titlum um áramót. Útlánum fækkaði heldur á milli ára og voru 25.422 (27.379) á árinu, væntanlega vegna kerfisskiptanna.

### Sarpur – menningarsögulegt gagnasafn

Landskerfi sér um daglegan rekstur Sarps og er starfsmaður Sarps hluti af teymi Landskerfis. Núverandi útgáfa Sarps 3.0, er smíðuð í samvinnu við Þekkingu h.f. Í lok nóvember var auglýst útboð á nýju kerfi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í Sarpi eru upplýsingar um listaverk, muni, myndir, fornleifar, hús, þjóðhætti, örnefnalýsingar o.fl. frá 56 söfnum og stofnunum. Í árslok voru skráð gögn rúmlega 1.14 (1.20) millj. Fækkað var um tvö söfn og efni þeirra ekki lengur aðgengilegt.

## Alefli

Alefli er samstarfsvettvangur bókasafna sem eru aðilar að Gegni og njóta þjónustu Landskerfis, en þau eru rúmlega 300. Starfsemin byggist á skiptingu í safnategundir, sem velja í fulltrúaráð, sem síðan kýs stjórn. Helga Kristín Gunnarsdóttir sat í ráðinu fyrir hönd safnsins. Lítil starfsemi var á árinu m.a. vegna kerfisskipta Gegnis og Leita. Einnig varð nokkur umræða um tilgang og verkefni félagsins í tengslum við kerfisskiptin. Vefurinn *Alefli.is* er hýstur hjá Lbs-Hbs.

## Samlag um áskrift að Vef-Dewey

Lbs-Hbs heldur utan um samlagsáskrift á landsvísu að vefútgáfu Dewey flokkunarkerfisins og úthlutar aðgangsorðum. Fimmtán söfn eru í samlaginu. Áskrift að Vef-Dewey stuðlar að samræmi í flokkun og stöðugu aðgengi að nýjustu uppfærslum kerfisins. Verkefnið er gæðamál og hefur jákvæð áhrif á samræmingu og þróun starfshátta bókasafna hér á landi. Lbs-Hbs er einnig aðili að Evrópusamtökum Dewey-notenda eða EDUG (European Dewey User Group). Rósfríður Sigvaldadóttir er tengiliður vegna Vef-Dewey.

## Upplýsing

Starfsfólk safnsins gegnir að jafnaði einhverjum trúnaðarstörfum fyrir Upplýsingu og árið 2022 var Sigurgeir Finnsson kjörin gjaldkeri Upplýsingar og Berglind Hanna Jónsdóttir varamaður. Þórný Hlynsdóttir á háskólabóksafninu á Bifröst er formaður, en hún er fyrrum starfsmaður safnsins. Félagsstarfið var að hluta til rafrænt áfram eftir Covid, og þá sérstaklega Morgunkorn. Landsbókavörður og Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður, kynntu þar Bókasafnasjóð í febrúar og Sara Stef. Hildardóttir var með kynningu á hugtakinu *Upplýsingalæsi* 24. mars. Haldið var myndarlegt málþing og jólagleði í nóvember.

### Bókasafnsdagurinn

Bókasafnsdagurinn var haldinn 7. sept. á vegum Upplýsingar. Þema dagsins var *Lestur er bestur – á öllum tungumálum*. Morgunkorn var haldið í bókasafni Menntaskólans við Hamrahlíð, en það var einnig aðgengilegt í fjarfundi. Friðrik Rafnsson bókmenntafræðingur og þýðandi ræddi þar um þýðingar og starf þýðandans. Þá var kynnt nýtt orðaský sem sýnir móðurmál íslenskra grunnskólanemenda árið 2021, en skýið var unnið af samtökunum Móðurmál. Í Lbs-Hbs var haldið upp á daginn með árlegu bókahlaðborði úr gjöfum sem berast safninu og kaffi og köku fyrir starfsfólkið. María Logn Kristínardóttir er fulltrúi safnsins í undirbúningshópi Bókasafnsdagsins.

## Námsbraut í Upplýsingafræði

Nám í Bókasafns- og upplýsingafræði er nú eingöngu á meistarastigi og námsbrautin nefnist Upplýsingafræði. Hallfríður Kristjánsdóttir og Magný Rós Sigurðardóttir kenndu námskeiðin *Bókfræðileg skráning og Lýsigögn*, og *Skipulagning þekkingar*, auk þess sem nokkrir starfsmenn komu inn í einstök námskeið. Starfsfólk sem kom að kennslu voru Ragna Steinarsdóttir, Birgir Björnsson, Erlendur Már Antonsson og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

## Heilbrigðisvísindabókasafn

Samstarf við Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala hefur aukist á undanförnum árum og safnið tekur m.a. þátt í Landsaðgangi, verkefnavöku og IRIS. Efni úr rannsóknasafninu Hirslan, sem heilbrigðisvísindabókasafn rak, færðist í IRIS og Opin vísindi.

Landsbókavörður hefur setið í stjórn safnsins frá árinu 2014 sem fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Stjórn

safnsins hittist 19. maí og á fundinum var farið yfir rekstur safnsins undanfarið ár og breytta þjónustu eftir Covid-19, en hún verður sífellt meira með rafrænum hætti.
Safnið er staðsett í Eirbergi, en meginhluti safnkostsins er rafrænn, ýmist keyptur af spítalanum eða í samlögum með öðrum heilbrigðisstofnunum. Keypt erlend vísindatímarit eru vel á sjötta hundrað titla, en síðan bætast við tímarit í landsaðgangi og fleiri samlögum.

## Bókasafnaráð og bókasafnasjóður

Bókasafnaráði var komið á fót með Bókasafnalögum nr. 150/2012. Í bókasafnaráði 2021-2025 sitja Linda Hrönn Þórisdóttir formaður, en aðrir fulltrúar eru Njörður Sigurðsson, Hólmkell Hreinsson, Helgi Sigurbjörnsson og Siggerður Ólöf Sigurðardóttir. Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir og Marín Guðrún Hrafnsdóttir sitja fundi ráðsins. Ráðið skal vinna að stefnumörkun, setja reglur um söfnun og vinnslu tölfræðiupplýsinga, setja bókasafnasjóði úthlutunarreglur, og veita umsagnir um styrkumsóknir í bókasafnasjóð. Úthlutanir úr bókasafnasjóði hófust 2021. Auglýst var eftir umsóknum vegna ársins 2022 og var umsóknarfrestur 15. mars. 15 umsóknir bárust og fengu 9 verkefni framgang. Lbs-Hbs fékk 4,3 m.kr. til rannsóknar á *Sögu bókbands á Íslandi*.

## Landsnefnd um Minni heimsins

Landsnefnd um minni heimsins hefur það hlutverk að kynna verkefnið um Minni heimsins á Íslandi og velja mikilvæg gögn á sérstaka landsskrá og senda umsóknir um skráningu á heimsskrá Minni heimsins hjá UNESCO. Ný nefnd var skipuð 2020 og í henni sitja Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, sem er formaður, en aðrir í nefndinni voru Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður, Gunnþórunn Halldórsdóttir frá Kvikmyndasafni og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður. Fulltrúi ráðuneytisins er Rúnar Leifsson. Nefndin hittist á ekki á árinu.

## Handbók um varðveislu safnkosts

Lbs- Hbs tekur þátt í þýðingu og staðfæringu *Handbókar um varðveislu safnkosts* ásamt Þjóðminjasafni og Þjóðskjalasafni. Bókin er gefin út rafrænt á vef Þjóðminjasafns. Smám saman er nýjum köflum bætt við, en handbókin er ætluð þeim sem starfa við varðveislu menningararfsins. Rannver H. Hannesson forvörður hefur tekið þátt í samstarfinu af hálfu Lbs-Hbs og m.a. skrifað kafla um varðveislu pappírsefnis.

## Maístjarnan

Lbs-Hbs og Rithöfundasamband Íslands standa að ljóðaverðlaununum *Maístjarnan*, en í maí ár hvert eru veitt verðlaun fyrir útgefna íslenska ljóðabók undanfarins árs, sem hefur skilað sér til safnsins. Rithöfundasambandið leggur til verðlaunafé, en báðir aðilar skipa fulltrúa í dómnefnd. Í ár var Soffía Auður Birgisdóttir fulltrúi Rithöfundasambandsins og Birgir Freyr Lúðvígsson fulltrúi Lbs-Hbs.
Það var Haukur Ingvarsson sem hlaut verðlaunin fyrir bókina *Menn sem elska menn,* frá Máli og menningu. Rúmlega hundrað ljóðabækur frá árinu 2021 skiluðu sér til safnsins.

## Alþjóðlegi sumarskólinn

Alþjóðlegi sumarskólinn handritafræðum var haldinn 15.–25. ágúst á vegum Stofnunar Árna Magnússonar og Den Arnamagnæanske Samling, í samstarfi við Lbs-Hbs. Skólinn er haldinn til skiptis á Íslandi og í Danmörku og var síðast í Kaupmannahöfn 2019, en féll svo niður vegna Covid-19. Nemendur kynnast heimi handritanna, s.s. textafræði, handritafræði, varðveislu og útgáfuaðferðum. Nemendahópar hafa m.a. fengið fræðslu um varðveislu og skráningu síðari alda handrita sem varðveitt eru í handritasafni Lbs-Hbs.

## Rannsóknasjóður Sigrúnar Ástrósar

Engir styrkir voru veittir úr Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haraldar Sigurðssonar árið 2021, en veitt er úr sjóðnum annað hvert ár. Jökull Sævarsson er fulltrúi safnsins í úthlutunarnefnd. Markmið sjóðsins er að veita styrki til eflingar rannsóknum á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskri bókfræði og stuðla að útgáfu um þau efni.

## Stefnumótun um opin vísindi

Árið 2019 starfaði verkefnahópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins að mótun stefnu um opinn aðgang að niðurstöðum rannsókna og um opinn aðgang að rannsóknagögnum. Í hópnum sátu fulltrúar Háskóla Íslands, Lbs-Hbs, Rannís og Landspítala, auk ráðuneytisins. Drög að stefnu um opinn aðgang að vísindarannsóknum voru sett í samráðsgátt stjórnvalda í lok árs 2020, en málið stöðvaðist m.a. vegna Covid-19 og breytinga á skipan ráðuneyta.

Vinna við stefnumótunina var tekin upp aftur síðari hluta árs, á vegum nýja háskóla- iðnaðar- og vísindaráðuneytisins, og Lbs-Hbs tilnefndi Sigurgeir Finnsson og Söru Stef. Hildardóttur í nýjan starfshóp.

# Erlent samstarf

## NORON
Norrænir lands- og ríkisbókaverðir hafa með sér óformlegt samráð, aðallega rafrænt seinni árin. Hópurinn hittist ekki, en var í netsamskiptum. Þjóðbókasöfn Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna gáfu út yfirlýsingu til stuðnings Úkraínu í kjölfar innrásar Rússlands, og var hún birt á vefsetrum safnanna.

## CENL
Árlegur fundur CENL var haldinn í Ankara í Tyrklandi 19.-20. júní. Fram fóru venjuleg aðalfundarstörf, auk umfjöllunar um stefnumál samtakanna m.a. tölfræði. Ennfremur varð talsverð umfjöllun um Úkraínustríðið og stuðning við bókasöfn og samtök bókavarða þar í landi. Landsbókavörður sótti ekki fundinn.

## IFLA
87. IFLA-þingið var haldið í Dublin á Írlandi í júlí 2022, en þingið litaðist mjög af Covid-19. Yfirskriftin var *Inspire, Engage, Enable, Connect.* Rafrænn aðgangur var að lykilfyrirlestrum vegna ferðatakmarkana víða um heim. Nokkrir fulltrúar Íslands sóttu þingið, þar á meðal Hallfríður Baldursdóttir frá Lbs-Hbs.

## CDNL
Alþjóðasamtök landsbókavarða (Conference of Directors of National Librarians) héldu ársfund sinn á IFLA-þinginu í Dublin þann 27. júlí. Fjallað var um áhrif heimsfaraldra og Covid-19 á starfsemi þjóðbókasafna. Landsbókavörður tók þátt í netþingi um starf bókasafna og líðan starfsfólks í Covid-19.

## IIPC
Lbs-Hbs er stofnfélagi í IIPC (International Internet Preservation Consortium), en markmið samtakanna er að safna, varðveita og veita aðgang að þekkingu og upplýsingum frá Internetinu. Kristinn Sigurðsson var tilnefndur formaður stýrinefndar IIPC og birti ávarp á síðu samtakanna í lok febrúar. Hann hefur verið fulltrúi safnsins um árabil og gengt ýmsum trúnaðarstörfum, tekið þátt í þróunarverkefnum, setið í stjórn, verið varaformaður og nú formaður. Aðalfundur var haldinn í Library of Congress 23. maí 2022.

## NNG
NNG (Nordic Networking Group on Bibliographic and Infrastructure Topics), er norrænt samstarf um kerfis verkefni á sviði bókfræði og bókasafnakerfa. Samskipti voru á netinu og stefnt er að fundi í Reykjavík árið 2023.

## EDUG
EDUG (European Dewey User Group) er notendafélag Dewey kerfisins í Evrópu. Á vegum þess fer fram samræmingarvinna varðandi þýðingar og aðlaganir, auk þess sem hagsmuna evrópskra safna er gætt. Ársfundur og ráðstefna voru haldin á netinu 6. október. Tengiliður er Rósfríður Sigvaldadóttir.

## EURIG
Eurig (European RDA Interest Group) eru samtök hagsmunaaðila sem nota RDA skráningarreglurnar í Evrópu. Flestir þátttakendur eru stofnanir eða söfn sem hýsa þjóðbókaskráningu og aðrir sem nota RDA. Aðalfundur var haldinn á netinu í maí, en ráðstefna í nóvember. Tengiliður er Ragna Steinarsdóttir auk þess sem Hallfríður Kristjánsdóttir er í ritnefnd Eurig.

## Bibframe
Bibframe er grunnur fyrir bókfræðilegar lýsingar, sem nýtir Linked Data tækni bæði á vef og í skráningu. Áhersla er á flutning gagna úr núverandi MARC-sniði í yfir í Bibframe. Verkefnið er að frumkvæði Library of Congress og fylgst var með þróun mála. Netfundur var haldinn í júní en vinnustofa og aðalfundur í sept. í þjóðbókasafni Ungverja. Tengiliður er Ragna Steinarsd.

## VIAF
Lbs-Hbs er þátttakandi í VIAF (Virtual International Authority File) sem er sameiginleg nafnmyndaskrá flestra þjóðbókasafna í Evrópu og N-Ameríku og er unnin er í samvinnu við OCLC, sem tengir nafnmyndir safnanna saman í klasa. Aðildarsöfnin geta síðan flutt nafnmyndir annarra í eigin nafnmyndaskrár. Tilgangurinn er að minnka kostnað við utanumhald nafnmyndaskráa. Árið 2019 urðu bókfræði- og nafnmyndagögn Gegnis aðgengileg í VIAF í samvinnu við Landskerfi bókasafna. Tengiliður er Ragna Steinarsdóttir.

## CLARIN
Safnið er þátttakandi í evrópska rannsóknainnviðnum CLARIN, í gegnum CLARIN Ísland. Markmiðið er að öll stafræn málföng verði aðgengileg til nota í rannsóknum í hug- og félagsvísindum og máltækni. Frá Lbs-Hbs eru málheildir eða textaskrár frá *timarit.is* og *bækur.is* aðgengilegar. Örn Hrafnkelsson er tengill.

## OpenAIRE
Safnið tekur þátt í evrópska OpenAIRE verkefninu, og er upplýsingamiðstöð fyrir opinn aðgang á Íslandi. OpenAIRE hefur verið breytt í félagasamtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni (NOAD) og tilgangurinn er að styðja við stafræn vísindi (e-science), koma á samstarfsneti í Evrópu og vinna að stefnumótun. Helstu aðilar eru háskólar og bókasöfn sem eru upplýsingamiðstöðvar OA. Tengiliður er Margrét Gunnarsdóttir.

# Rannsóknir og þróun

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur um árabil tekið þátt í margvíslegu rannsókna- og þróunar-starfi, í formi aðstöðu, aðgangs að efni og gögnum og umtalsverðu samstarfi starfsfólks út fyrir safnið. Undanfarin ár hefur þetta aukist, m.a. þar sem sóst er eftir gögnum sem safnið varðveitir og einnig aðgengi að gagnagrunnum og kerfum sem safnið hefur þróað og rekur. Í stefnumótun fyrir árin 2023-2027 er aukinn áhersla á þátttöku í slíkum verkefnum. Safnið er stofnaðili Miðstöðvar stafrænna hugvísinda og lista (MSHL). Miðstöðin er samstarf 10 stofnana um innviðakjarna í hugvísindum og listum og hófst 2019. Stafræn hugvísindi (e. digital humanities) er ört vaxandi rannsóknasvið á mörkum hugvísinda og uppýsinga-tækni. Þar er aðferðum upplýsingatækni beitt á viðfangsefni hugvísinda og lista og þannig opnað fyrir nýjar þverfaglegar rannsóknir og viðfangsefni, auk nýrra tækifæra fyrir miðlun rannsókna og niður-staðna þeirra.

Byggðir hafa verið upp gagnabankarnir ná yfir málleg gögn, s.s. texta og tungumál, en einnig myndir, mynd-bönd, þrívíddarmódel, hljóð, og myndlist á stafrænu formi. MSHL heldur utan um þátttöku í alþjóðlegu samstarfi stafrænna rannsóknarinnviða á þessum sviðum og hefur opið aðgengi að gögnum að leiðarljósi, sem rímar mjög vel við stefnu Lbs-Hbs undanfarin ár. Hér fyrir neðan er yfirlit um helstu rannsóknar- og þróunarverkefni sem safnið tók þátt í á árinu.

### Virk rannsóknar- og samstarfsverkefni 2022

| Tímabil | Nafn rannsóknar - tengiliður – samstarfsaðilar/styrkt af |
|---|---|
| 2019-2022 | *Pappírsslóð rakin* – Halldóra Kristinsdóttir – Rannís. |
| 2019-2023 | *pywb* – Kristinn Sigurðsson – Internet Archive. |
| 2019-2023 | *Rauðsokkahreyfingin : upplýsingvefur* – Rakel Adolphsdóttir – Jafnréttissjóður o.fl. |
| 2020-2023 | *19. aldar málheild* – Kristinn Sigurðsson – Rannís – Lögð til gögn. |
| 2020-2024 | *Sögulegt manna- og bæjatal* – Telma Rós Sigfúsdóttir – Innviðasjóður. |
| 2021-2024 | *Bessastaðaþýðingarnar* – Hjalti Snær Ægisson – Rannís. |
| 2021-2024 | *Frönsk bylgja í íslensku leikhúslífi: 1960-2000* – Sigríður Jónsdóttir – Rannís. |
| 2021-2024 | *Upplýsingalæsi : notkun hugtaksins á bókasöfnum* – Hilma Gunnarsdóttir – Bókasafnasjóður. |
| 2021-2023 | *Welcome student starter Kit* – Sigurbjörg Long -Háskóli Íslands / Erasmus. |
| 2021-2023 | *Kennsluvefur í upplýsingalæsi* – Hilma Gunnarsdóttir – Bókasafnasjóður. |
| 2021-2022 | *Myndun sýningarskráa* – Jökull Sævarsson – Listasafn Íslands – Bókasafnasjóður. |
| 2022-2022 | *Fjarkönnun bókmenntasögunnar* – Ragna Steinarsdóttir – Jón Karl Helgason/Benedikt Hjartarson. |
| 2022-2023 | *Transkribus : ljóslestur handrita* – Bragi Þorgrímur Ólafsson – Innviðasjóður. |
| 2022-2024 | *Verkefnisstjóri fyrir IRIS – Samstarf háskóla* – Sara Stef. Hildardóttir – HVIN. |
| 2022-2024 | *Stafræn skráning á handritaarfi* – Guðrún Laufey Guðmundsdóttir – Old Norse Studies. |
| 2022-2024 | *Saga bókbands á Íslandi* – Sigurþór Sigurðsson – Bókasafnasjóður. |
| 2022-2024 | *Rannsóknarháskóli verður til* – Jón Hrólfur Sigurjónsson – Háskóli Íslands, skrifstofa rektors. |
| 2022-2024 | *Hringrás pappírs* – Halldóra Kristinsdóttir – Rannís. |

# Samningar

## Stafræn endurgerð:

| | |
|---|---|
| 26.04.2022 | Samningur við Eirík Líndal um stafræna endurgerð af *65°* |
| 20.05.2022 | Samningur við ELSA Iceland um stafræna endurgerð af *Helga Law Journal*. |
| 29.08.2022 | Samningur við Stómasamtök Íslands um stafræna endurgerð af *Fréttabréfi Stómasamtakanna* og *Afmælisrita Stómasamtakanna* til 2020. |
| 20.09.2022 | Samningur við Útgáfufélag Austurlands um stafræna endurgerð af *Austurglugginn*. |
| 04.10.2022 | Samningur við Hönnunarhúsið um stafræna endurgerð af *Fjarðarfréttir.* |
| 28.10.2022 | Samningur við Félag íslenzkra símamanna um stafræna endurgerð af *Símablaðið* 1915-1996. |
| 11.11.2022 | Samningur við embætti Landlæknis um stafræna endurgerð af *Heilbrigðisskýrslur* og fylgiritum. |

## Aðrir samningar:

| | |
|---|---|
| 14.03.2022 | Samstarfssamningur milli Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns – endurskoðun. |
| 09.05.2022 | Skjalavistunaráætlun samþykkt – Þjóðskjalasafn Íslands. |
| 11.07.2022 | Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista : Samstarfssamningur vegna innviða styrktum af Innviðasjóði, s.s. Sarpur, Transkribus, Manna- og bæjatal, Ísmús. |
| 11.11.2022 | Taktikal – Prufusamningur um rafrænar undirskriftir. |

## Rafrænar áskriftir:

| | |
|---|---|
| 08.12.2021 | Springer *MyCollections* – rafbækur, |
| 30.12.2021 | First amendment to *Elsevier subscription Agreement* relating to Scopus. |
| 11.01.2022 | Sage – *SRM Core* 2023 – rafbækur – Félagsvísindasvið HÍ. |
| 09.02.2022 | *Cambridge EBA* - rafbókapakki – Félagsvísindsvið HÍ. |
| 07.03.2022 | *Oxford Scholarship Online* (9 flokkar). |
| 25.04.2022 | Wiley - *Amendment to Master Agreement* – framlenging til ársloka 2024. |
| 04.10.2022 | *Taylor & Francis Evidence Based Selection (EBS) – rafbækur.* |
| 05.10.2022 | Proquest *Academic Complete & Library Thing Book Cover Widget Package*. 2022-2023. |
| 14.12.2022 | SpringerNature, *SpringerNature Access and Select – Basic*, 2023 – rafbækur. |
| 14.12.2022 | SAGE – *Sage Research Methods, SRM Core 2023* – rafbækur. |
| 15.12.2022 | Clarivate Analytics – *Journal and Highly Cited Data - Web of Science*. |

## Landsaðgangur:

| | |
|---|---|
| 16.12.2021 | ProQuest Central, *ARTbibliographies Modern, SciTech Premium Collection* og *Social Science Premium Collection*. 2022-2024. |
| 18.02.2022 | Karger-Icelandic Consortium – *Publish&Read. 2021-2023*. |
| 25.04.2022 | Wiley *Amendment to Wiley Master Agreement*. Extended term to end on December 31, 2024. |

Þá var samningi um landsaðgang að *Morgunblaðinu* sagt upp með árs fyrirvara, en einstök söfn geta tekið eigin áskriftir, þar á meðal Lbs-Hbs.

# Skipurit

Skipurit frá september 2022.





Hússtjórn fer yfir öryggiskerfi í upphafi árs.

# Rekstur og upplýsingatækni

Sviðið ber ábyrgð á allri innri þjónustu safnsins, þ.e. fjármálum, starfsmannamálum, skjalastjórn, kerfisumsjón, upplýsingatækni, vefumsjón, rekstri húss og lóðar, geymslusafns í Mjódd og varaeintakasafns í Reykholti, sýningar- og kynningarmálum, auk samninga um rekstur mötuneytis og veitingastofu. Sviðsstjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri safnsins. Í árslok störfuðu 13 á sviðinu, í 12,8 ársverkum, níu karlar og fjórar konur. Sviðsstjóri er Edda Guðrún Björgvinsdóttir.

## Hússtjórn

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur Þjóðarbókhlöðunnar, hafa umsjón með kerfum og búnaði hússins, annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun, símavörslu og ýmsa þjónustu við starfsfólk. Einnig umsjón með húsakosti og búnaði í Mjódd og Reykholti.

### Framkvæmdir

Skipt var um ónýtan kælibúnað í tölvurými. Tjón varð á varaaflgjafa í tölvurými í byrjun árs og varð að endurnýja hann með miklum tilkostnaði. Nýjum fjarfundabúnaði var komið fyrir í fundarherbergjum. Ný og öflug háþrýstidæla var keypt og síkið hreinsað. Unnið var að þéttingu á síkinu og var það tómt megin-hluta ársins. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins tók út eldvarnir í safninu og haldið var eldvarnanám-skeið fyrir starfsfólk. Aðstöðu fyrir starfsfólk skyldu-skila á fyrstu hæð var breytt í kjölfar skipulags-breytinga á Aðfangasviði og nokkrir starfsmenn fluttust af 2. hæð á 1. hæð. Grunnvatnsdælur biluðu mikið á síðasta ári og á endanum voru keyptar tvær nýjar dælur á árinu. Þá er verið að yfirfara lýsingu í safninu og skipting yfir í LED lýsingu hófst, sem kemur til með að spara orku.
Að venju var farið yfir öryggiskerfi hússins á fyrsta

vinnudegi á nýju ári. Rýmishópur safnsins hittist nokkrum sinnum á árinu og ræddi m.a. breytingar á 3. og 4. hæð. Þeim var slegið á frest þar sem Háskóli Íslands óskaði eftir samstarfi vegna flutninga Mennta vísindasviðs skólans í húsnæði fyrrum Hótels Sögu, en fyrirhugað er að bókasafn sviðsins flytjist að mestu í Þjóðarbókhlöðu.

### Þrif

Þrifin voru með sama hætti og undanfarin ár. Ítarleg teppaþrif voru í byrjun sumars, en annað með svipuðum hætti. Undirbúningur fyrir útboð hófst í lok árs.

### Lóð

Garðlist sá um slátt og klippingu trjáa og runna eins og undanfarin ár. Einnig jólaljós í trjám. Haldið var áfram vinnu við skrúðgarðinn austan við húsið, og m.a. var hellulögn í garði safnsins hreinsuð.

### Geymslan í Mjódd

Á síðasta ári voru settir upp þéttiskápar frá Alþingi í húsnæði safnsins í Mjódd og einnig brettarekkar fyrir margvíslegt efni, m.a. frá öðrum stofnunum. Ekkert varðveisluefni er þar nema tímabundið eftir afhendingu. Sinnt var smáviðgerðum og aðstaðan lagfærð.

### Varaeintakasafn í Reykholti

Unnið var að endurskipulagningu efnis í varaeintakasafni í Reykholti. Efnið var flokkað og skráð betur, umbúðir lagaðar og efni sem ekki á heima þar flutt í Þjóðarbókhlöðu. Jónína Eiríksdóttir sem hefur starfað þar um árabil lét af störfum vegna aldurs. Ekki verður ráðið í hennar stað fyrst um sinn.

## Fjármál og skjalastjórn

Ársreikningur safnsins fyrir árið 2022 liggur fyrir og helstu tölur úr honum eru birtar í árstölum safnsins og þar kemur einnig fram skipting rekstrargjalda (sjá töflur 6.2 og 6.3). Niðurstaða ársins er tap upp á 65,8 millj. kr. Þar má nefna lélegri innheimtu vegna Landsaðgangs og hækkun fasteignagjalda. Óskað var eftir leiðréttingu á framlögum til safnsins og breytingum á innheimtu vegna Landsaðgangs og er málið í vinnslu.

### Skjalastjórn

Alls hafa 36 starfsmenn aðgang að GoPro.net skjalastjórnarkerfinu. Það er hýst hjá kerfisveitu Hugvits, og er í útgáfu GoPro Foris 19.1.20. Undirbúningur fyrir útboð á skjalakerfi hófst. Skjalavistunaráætlun var send Þjóðskjalasafni í febr. og samþykki barst í maí. Samþykki fyrir skjalageymslum barst einnig í maí. Skráð mál 2022 voru 397 (sjá töflu 5.1). Gert var skipulag fyrir eldri skjöl safnsins þ.e. frá skjalavörslutímabilinu 1994-2020 og skjalaflokkum gefin heiti og auðkenni. Eftirfarandi skjölum var pakkað í réttar umbúðir og skráð í geymsluskrá, samtals 90 öskjur:

- DA - Stjórnarfundir, fundargerðir
- DB - Framkvæmdaráð, fundargerðir
- EA – Starfsfólk
- KA-KJ – Skylduskil
- KK – Gjafir og ritaskipti
- KM – Ritakaup
- PA-PF – Námsritgerðir

Nýtt gæðakerfi safnsins var tilkynnt sem gagnasafn til Þjóðskjalasafns í ágúst 2022. Úrskurður kom í okt. um að Lbs-Hbs beri sjálft ábyrgð á að varðveita kerfið. Þá færði Helgi Bragason ljósmyndari safnsins eldri ljósmyndir safnsins á stafrænt form og gengið var frá frummyndum í viðurkenndar umbúðir. Eftir er að skrá myndirnar í geymsluskrá og á Fotoweb.

### Rafræn skjalavarsla

Möguleikar á afhendingu eldra málasafns til Þjóðskjalasafns voru skoðaðir og fundað var með starfsfólki ÞÍ og Hugvits. Útbúnar voru verklagsreglur fyrir rafræna skjalavörslu og skjalastefna var endurskoðuð (rýni og samþykkt beggja ólokið í árslok). Vinna undirbúningshóps um útboð og val á skjalakerfi til næstu ára hófst, sex fundnir voru haldnir um kröfur Þjóðskjalasafns, skipulag á gögnum safnsins og tilboð sem bárust í nýtt kerfi. Tekið var saman yfirlit um eyðublöð og netföng safnsins, og greint hvaða erindi á að skrá og hvað ekki.

### Gæðastjórn

Nýtt gæðakerfi sem byggir á kerfinu easyQUALITY frá Advania, var opnað 16. sept. Verkefnið fól í sér að koma á skipulagi fyrir gæðaskjölin, fá kerfið til að virka rétt, halda kynningar fyrir starfsfólk, útbúa leiðbeiningar fyrir ritstjóra, færa nothæf gæðaskjöl af gamla Inngangi yfir í nýtt kerfi og úrelda önnur skjöl á Inngangi. Sérstaklega var horft til endurskoðunar og útgáfu gæðaskjala af gamla Inngangi sem falla undir upplýsingatækni. Einnig var útbúið gæðaskjal fyrir sýningar og kynningar. Skjalastjóri tók ennfremur þátt í að skipuleggja og setja upp nýjan innri vef, sem heldur gamla nafninu, Inngangur.

## Mannauður

Hlutverk mannauðsstjóra er að halda utan um öll málefni sem tengjast starfsfólki. Í árslok störfuðu 77 hjá safninu í 70,76 ársverkum. Meðalaldur starfsfólks stendur í stað á milli ára og er 50,1 ár. Konur eru fleiri en karlar, 65% á móti 35%

## Starfsmannavelta

Níu starfsmenn hættu störfum á árinu. Þar af fjögur vegna tímabundinna ráðninga og þrjú sökum aldurs. Starfsmannavelta var alls 11.5% en eiginleg starfsmannavelta þegar frá eru talin starfslok vegna aldurs og tímabundinna ráðninga var 2,5%. Átta hófu störf á safninu á árinu og þar af sex í tímabundin störf. Tvö störf voru auglýst. Til viðbótar við hefðbundin störf í safninu voru tveir starfsmenn til viðbótar sem sinntu rannsóknarverkefnum sem styrkt voru utanfrá.

| Auglýst störf | Umsóknir | Karlar | Konur |
|---|---|---|---|
| Sérfr. í lýsigögnum - Aðfangasvið | 11 | 5 | 6 |
| Bókbindari - Varðveislusvið | 2 | 1 | 1 |










Veikindastundum fjölgaði á milli ára. 70 starfsmenn voru með einn eða fleiri skráðan veikindadag eða 91%. Um 55% þeirra sem voru frá vegna veikinda einn eða fleiri daga árið 2022 voru veikir í 10 daga eða minna, en meðalfjöldi veikindadaga var 14,7. Langtímaveikindi nokkurra vega þungt í veikindatölum ársins 2022.

| Veikindafjarvistir | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Veikindastundir alls | 8.037 | 7.571 | 8.329 |
| Hlutfall af vinnudögum (260) | 5.55% | 5.27% | 5.66% |
| Dagar pr. starfsmann | 14,4 | 13,4 | 14,7 |
| Fjöldi starfsmanna veikur >20 daga | 12 | 15 | 16 |

## Fjarvinna

Safnið hefur innleitt fjarvinnustefnu sem byggir á því að starfsfólk getur gert samkomulag um vikulegan fjarvinnudag ef verkefni starfsins leyfa. Hluti starfsfólks vann hluta vinnu sinnar í hefðbundinni fjarvinnu. Á árinu voru skráðar samtals 5.272 (8.650) stundir í fjarvinnu/sóttkví eða um 3,5 (6%) af heildarvinnutíma.

## Fræðsla og starfsþróun

*Fræðsla innanhúss*

Meðal fræðsluerinda 2022 voru bruna- og skyndihjálparnámskeið, tímastjórnun, fjarvinnu og samskipti, vinnustaðamenningu og breytingar á vinnustað.

Í starfsþróunaráætlun er markmið um að allt starfsfólk njóti fræðslu og símenntunar í a.m.k. 8 klst. á ári. 70% starfsfólks var með 8 eða fleiri staðfesta tíma vegna fræðslu, en gera má ráð fyrir að hlutfallið sé hærra vegna fjarnámskeiða sem ekki skila sér öll inn í staðfestar tölur.

| Starfsþróun | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Örnámskeið og kynningar | 0 | 5 | 3 |
| Námskeið og fræðsla | 1 | 3 | 7 |
| Fjarnámskeið | 10 | 20 | * |
| Fræðsluerindi innanhúss | 11 | 28 | 10 |
| Meðalfjöldi á námskeiði / kynningu | * | * | 14 |
| Meðalfjöldi þátttakenda / starfsmfj. | * | * | 18% |

*Ekki eru til tölur um fjölda sem sóttu fjarnámskeið 2022.

Safnið greiddi þátttöku 4 starfsmanna á 5 málþing, námskeið eða ráðstefnur. Auk þess sótti starfsfólk fjölda fræðsluerinda, ráðstefna og funda á fjarfundum á árinu. Tveir fengu rannsókna-/námsleyfi 2022.

## Umhverfisvænar samgöngur

Safnið hvetur starfsfólk til að nýta sér umhverfisvænni samgöngumáta í stað þess að koma til vinnu á einkabíl. Til stuðnings er veittur samgöngustyrkur sem felur í sér 72.000 kr. styrk til þeirra sem skuldbinda sig til að sleppa einkabílnum í a.m.k. 80% ferða til og frá vinnu.

| Samgöngustyrkir | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi starfsfólks | 30 | 33 | 40 |
| Styrkur | 27.000 kr. | 72.000 kr. | 72.000 kr. |
| Samtals | 804.500 kr. | 2.376.000 kr. | 2.391.046 kr. |

## Sýningar og kynningarmál

Hlutverk einingarinnar er að sjá um sýningar, kynningar og útgáfumál safnsins, en margir starfsmenn leggja sýningum lið. Einingin hefur einnig umsjón með kjörgrip mánaðarins á aðalvef safnsins.

### Valgerður Jónsdóttir – 250 ára afmæli

Þann 1. desember 2021 var opnuð sýning um Valgerði Jónsdóttur biskupsfrú (1771-1856) (sjá Ársskýrslu 2021). Rætt var við Halldóru Kristinsdóttur um sýninguna í þættinum Heima er bezt á sjónvarpsstöðinni Hringbraut 24. jan. Sama dag ræddi Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir við Halldóru og Erlu Huldu Halldórsdóttur, í þættinum Víðsjá á RÚV. Þá var frétt um sýninguna í Morgunblaðinu 25. jan. Þar kemur fram að aðstandendur sýningarinnar eru Halldóra, Erla Hulda og Guðrún Hildur Rosenkjær sagnfræðingur og kjólameistari hjá Annríki. Rannver H. Hannesson aðstoðaði við uppsetningu og Ólafur J. Engilbertsson sá um hönnun. Sýningin stóð fram í maí.

### Helgi Pjeturss – 150 ára minning

Þann 31. mars var opnuð sýningin *Fræknustu sporin – Helgi Pjeturss – 150 ára minning*. Helgi Pjeturss (1872-1949) var einn af frumherjum raunvísinda á Íslandi og lauk fyrstur Íslendinga doktorsprófi í jarðfræði. Með rannsóknum sínum 1898-1910 lagði hann grunn að þeim skilningi á jarðsögu landsins, sem enn er í fullu gildi. Seinni hluta ævinnar sneri Helgi sér að heimspeki og setti fram heimsfræðilegar kenningar í safnritinu *Nýall*, sem út kom á árunum 1918-1947 og fékkst við rannsóknir á íslenskum fornbókmenntum.

Á sýningunni var farið yfir feril Helga sem jarðvísindamanns og nefnd dæmi úr heimsfræðilegum kenningum hans. Höfundur sýningarinnar var Þorsteinn Þorsteinsson jöklafræðingur. Sýningin var samstarfsverkefni Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnunar HÍ, Jarðfræðafélags Íslands, Hins ísl. Náttúrufræðifélags, Jöklarannsóknafélags Íslands, styrktarsjóðsins Vísindi og velferð, Félags Nýalssinna, Heimspekistofu Helga Pjeturss og Lbs-Hbs. Sýningin stóð til 25. sept.

### Savanna tríó

Í tilefni af því að 60 ár voru liðin frá því að Troels Bendtsen, Björn Björnsson og Þórir Baldursson hófu feril sinn sem Savanna tríó, afhentu þeir margvísleg gögn til Tónlistarsafns Íslands, s.s. minnisbækur, nótur, langspil og fjöl, auk bréfa- og myndasafns sem var sett á sýningu í anddyri. Þar mátti blaða í úrklippubókum tríósins og hlusta á hljóðdæmi. Savanna tríó starfaði aðeins í fimm ár en söng sig inn í hjörtu þjóðarinnar í sjónvarpi, á mörgum hljómplötum og ótal samkomum, innanlands og utan. Sýningin stóð til 15. maí, en var svo flutt í skápa Tónlistarsafns á 4. hæð.

### Pappírsslóð rakin

Verkefnið Pappírsslóð rakin hlaut þriggja ára styrk frá Rannís árin 2019–2022. Markmið þess var að leita uppruna þess pappírs sem notaður var í skjölum, handritum og bókum á Íslandi á 16. og 17. öld með greiningu á vatnsmerkjum í pappírnum. Rannsökuð voru rúmlega 140 skjöl og 350 handrit, ásamt 36 prentuðum bókum og vatnsmerki í þeim greind. Auk þess voru 480 vatnsmerki í 98 skjölum, 61 handriti og einni bók mynduð. Verkefnið var unnið í samstarfi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Lbs-Hbs. Sýningin var afrakstur þessa samstarfs og sett upp í tengslum við ráðstefnuna *Paper Stories* sem haldin var í Lbs-Hbs og Þjóðminjasafni dagana 5.-6. maí. Af hálfu safnsins voru Halldóra Kristinsdóttir, Rannver H. Hannesson og Jón Kristinn Einarsson með erindi um gerð handrita á 17. öld. Einnig var Gunnar Marel Hinriksson með erindi. Sýningin stóð frá 5. maí og til 29. maí. Hún var svo sett upp aftur 23. nóvember og stóð fram í lok febrúar 2023.

### Maístjarnan – Haukur Ingvarsson

Rithöfundasamband Íslands og Lbs-Hbs veittu árleg verðlaun, *Maístjörnuna,* fyrir bestu ljóðabók undangengis árs. Tilnefningar vegna ljóðabókar útgefinnar 2021 voru kynntar við litla athöfn í Gunnarshúsi í apríl. Verðlaunin sjálf voru svo afhent í Þjóðarbókhlöðunni þann 18. maí 2022. Maístjörnuna fyrir ljóðabók ársins 2021 hlaut Haukur Ingvarsson fyrir bókina *Menn sem elska menn*. Sýning á verðlaunabókinni og fyrri verkum höfundar stóð til 18. september.

### Íslandsleiðangur Sir Joseph Banks og Solanders

Í tilefni af því að 250 ár voru liðin frá Íslandsleiðangri landkönnuðarins sir Joseph Banks, var 3. maí opnuð sýning um Banks og leiðangurinn, sem var fyrsti breski vísindaleiðangurinn til Íslands. Joseph Banks (1743–1820) var enskur náttúrufræðingur og landkönnuður með brennandi áhuga á grasafræði. Hann var talinn einn fyrsti Íslandsvinurinn, verndari Íslands á stríðstímum og bjargvættur. Með í för voru vísindamenn, teiknarar og m.a. sænski grasafræðingurinn Daniel Solander. Höfundar sýningarinnar voru Anna Agnarsdóttir og Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingar við HÍ. Verkefnið var í samstarfi Lbs-Hbs við menningar- og viðskiptaráðuneytið, Sagnfræðistofnun HÍ, Háskóla Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, British Library og sænska sendiráðið. Sýningin stóð til 20.

nóvember og var vel sótt. Sýningarhöfundar buðu upp á leiðsagnir um sýninguna sem voru vel sóttar.

### Þýðingar

Þann 30. sept. var opnuð örsýning á þýðingum íslenskra bókmennta á norsku og þýsku á 1. hæð. Vakin var athygli á bókum sem þær Tone Myklebost frá Noregi og Tina Flecken frá Þýskalandi hafa þýtt, en þær hlutu heiðursverðlaunin *Orðstír*, fyrir þýðingar íslenskra bókmennta árið 2021. Að Orðstí standa Miðstöð íslenskra bókmennta, Íslandsstofa, Bandalag þýðenda og túlka, embætti Forseta Íslands og Bókmenntahátíð í Reykjavík. Sýningin stóð fram á árið 2023.

### Leiklistarskóli SÁL

Leikminjasafnið fagnaði 13. október, að 50 ár voru liðin frá stofnun Leiklistarskóla SÁL, haustið 1972. Opnuð var sýning með myndum og gögnum sem nemendur og kennarar skólans (Samtök áhugafólks um leiklistarnám – SÁL) afhentu til varðveislu.
SÁL leiklistarskólinn var stofnaður og rekinn af nemendunum sjálfum, á tímabilinu 1972-1975. Þar fór fram mikið hugsjónastarf og bakvið tjöldin var barátta nemenda og kennara fyrir nýjum aðferðum við leiklistarkennslu og að ríkisreknum leiklistarskóla yrði komið á fót. Gefinn var út veglegur bæklingur. Við undirbúning sýningarinnar var haldinn fundur, þar sem fyrrum nemendur fóru yfir myndasafn SÁL og báru kennsl á fólk og viðburði. Sýningin stóð fram á árið 2023.

### Jólin koma - Idą święta

Sett var upp sýning á frumteikningum Tryggva Magnússonar fyrir bókina *Jólin koma* eftir Jóhannes úr Kötlum, í tilefni af 90 ára afmæli útgáfunnar og nýrri pólskri þýðingu. Árið 1932 kom út kvæðakver Jóhannesar *Jólin koma* með vísum um íslenskar jólavættir. Hann notaði að mestu sömu nöfn á sveinana og séra Páll Jónsson á Myrká (1812-1889) í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar sjötíu árum fyrr.
Árið 2022 gaf Mál og menning bókina út á pólsku í þýðingu Nina Słowińska undir heitinu *Idą święta : wiersze dla dzieci* og af því tilefni var sýningin og sýningarskráin að hluta á pólsku. Frumeintök teikninganna í *Jólin koma* eru varðveittar í handritasafni. Sýningin var opnuð 1. desember og stóð til 8. janúar 2023.

### Kjörgripir 2022

Af kjörgripum mánaðarins á vef voru þrír eftir konur og átta tengdir körlum, en einn ótilgreindur:

*Kennidóms spegill* – handrit, Páll Björnsson
*Blómateikningar* – handrit, Torfhildur Hólm
*Stúlkan frá Tungu* – handrit, Indriði Einarsson
*Ferðabók* – bók, Helgi Pjeturss
*Guðbrandsbiblía* – bók
*Letters on Iceland* – bók, Uno von Troil
*Reise igjennem Island* – bók, Eggert og Bjarni
*Hagþenkir* – handrit, Jón Ólafsson
*Virkisvetur* – bók, Björn Th. Björnsson
*Hlaupvídd sex* – veggspjald, Ásta Ólafsdóttir
*Perla Fáfnisdóttir* – veggspjald, Edda Óskarsdóttir
*Nonni* – bók, Jón Sveinsson

### Yfirlit

Níu sýningar voru á árinu, þar af 4 stórar, 2 meðalstórar og 3 örsýningar. Gefnar voru út þrjár veglegar sýningarskrár og 2 kynningarbæklingar. Sjö voru samstarfsverkefni við aðila utan safnsins. Ein sýning fjallaði um konur, fjórar um karla og fjórar fjölluðu um hluti eða bæði kyn. Af kjörgripum voru þrír tengdir konum, átta tengdir körlum, einn var ekki tengdur kyni. Erindi í tengslum við sýningar fluttu 10 konur og 10 karlar. Einnig voru gerðir nokkrir fjórblöðungar, þar af tveir á íslensku og ensku og prentaðir innanhúss.

## Tölvurekstur

Hlutverk tölvureksturs er að sjá um að tölvur, netþjónar og netbúnaður safnsins séu í góðu lagi svo ekki verði truflun á starfsemi þess. Tölvurekstur ber ábyrgð á tölvu- og netkerfum safnsins (LBS / Reykholt / Mjódd / Hýsing / Gagnaver) og að þau virki eins og vera ber. Fylgst er með nýjungum og breytingum á þessu sviði svo fyllsta öryggis sé ávallt gætt.
Helstu verkefni eru rekstur og umsjón netþjóna, gagnageymslna, netkerfa (póstkerfa, gagnagrunna og sýndarumhverfis), aðgangsstýringar og notendastjórnun, afritunarlausnir og gagnaöryggi, eftirlit með vírus- og öryggisvörnum, ráðgjöf um innkaup á búnaði, uppfærslur á hugbúnaði og stýrikerfum, rekstur IP símkerfa, uppsetning og rekstur öryggismyndavéla.

### Uppfærslur

Eins og ávallt var talsvert um uppfærslur stýrikerfa bæði Windows Server og Linux Server í nýjustu útgáfur. Ennfremur uppfærslur á kjarnakerfum, netkerfum, gagnageymslum, öryggiskerfum o.s.frv.

### Innleiðingar

M365 lausnir safnsins hjá Microsoft voru innleiddar í Menntaskýið, einn af skýjageirum ríkisins sem er rekinn af Upplýsingatæknisviði Háskóla Íslands - UTS. Útskipti á eldri öryggismyndavélum í stað nýrra hófst og samhliða var tekin í notkun umsýslulausn vegna þessa. Afritunarkerfi safnsins var endurhannað með tilliti til aðstæðna á heimsvísu, s.s. gagnagíslatöku og öðrum óværum. Daglegur rekstur útstöðva er fyrir-

ferðarmikill hluti af rekstri. Verkbeiðnirnar urðu 490 (710) talsins og fækkaði þeim mikið á milli ára.

| Lykiltölur | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| Heildargagnamagn á diskastæðum | 400TB | 400TB |
| Gagnamagn í gagnaskýi innanlands | 240TB | 550TB |
| Gagnamagn í skýjaþjónustu erlendis AWS Glacier | 100TB | 165TB |
| Netþjónar | 60 | 70 |
| Fartölvur starfsfólks | 95 | 95 |
| Tölvur gesta og kiosk þjónustur | 24 | 24 |
| Prentarar og ljósritunarvélar | 16 | 16 |
| Netaðgangs- og öryggisbúnaður | 14 | 23 |
| IP-tölur skráðar í uppflettiskrám | 680 | 680 |
| **Annar búnaður eingöngu á innra neti** | | |
| IP símtæki | 85 | 85 |
| Öryggismyndavélar | 52 | 55 |
| Netbeinar (switch) | 19 | 19 |
| Þráðlausir sendar (AP) | 36 | 36 |

## Upplýsingatækni og vefstjórn

Upplýsingatæknihópur greinir, þróar, innleiðir og viðheldur upplýsingatækniverkefnum í samvinnu við aðrar starfseiningar. Verkefnin eru ýmist þróuð innan safnsins eða unnin í samvinnu við aðra, m.a. önnur þjóðbókasöfn. Unnið var að fjölmörgum verkefnum á árinu. Sum hafa verið í vinnslu nokkurn tíma, en önnur eru ný. Það er eðli verkefnanna að vinnu við þau lýkur ekki fyrr en þau eru lögð af, því eftir innleiðingu hefst viðhald, breytingar, eða að nýjum verkþáttum bætt við.

### Handrit.is

Endurgerð útgáfa af *handrit.is* leysti eldri útgáfu af hólmi á vordögum, en hún var keyrð samhliða eldri gerð frá því í sept. 2021. Í nýju útgáfunni eru allar hliðar vefjarins og undirliggjandi skráningarvinna uppfærð. Nýtt útlit, virkar einnig vel í snjalltækjum. Leitin var bætt, hægt er að sækja mynduð handrit í einni heild, auk fjölda umbóta. Eldri vef var lagt í ársbyrjun 2022.

### Íslandskort.is

Íslandskort.is var eitt af fyrstu verkefnum Lbs-Hbs í stafrænni endurgerð árið 1996. Vefurinn hefur fengið nokkrar andlitslyftingar, en ljóst að tími var kominn á enn eina. Á haustdögum var opnaður „beta“ aðgangur að nýjum vef. Til að auka gæði við miðlun á myndefni er notaður staðallinn IIIF (International Image Interoperability Framework). Ennfremur er endurgerður vefur með aukinn stuðning fyrir snjalltæki og síma. Nýi vefurinn leysir eldri vef af hólmi snemma 2023.

### Alma

Nýtt bókasafnskerfi, Alma, var tekið í notkun á árinu. Þar sem fjölmargar þjónustur safnsins nýta upplýsingar frá bókasafnskerfinu, kallaði þetta á talsverðar breytingar. Má þar m.a. nefna greinaskrá *timarit.is*, *bækur.is*, *utgafuskra.is* o.fl. Alma er framför frá eldra kerfi með tilliti til samþættingar sem þessarar, þar sem kerfið býður upp á mun betri möguleika til að tengja saman kerfi og munu slíkir kostir verða teknir í notkun á komandi ári og árum.

### Vefsafn

Hugbúnaðurinn á bakvið vefgáttina *vefsafn.is* var uppfærður á árinu. Unnið hefur verið að þessu um nokkurt skeið þar sem ljóst var orðið að eldri hugbúnaður, OpenWayback, ætti litla framtíð. Tekur nú við hugbúnaðurinn, pywb, sem hefur verið færður í útlit safnsins. Samtökin International Internet Preservation Consortium (IIPC) styrktu viðbótarþróun á hugbúnaðinum á árunum 2020-21 m.t.t. að hann mæti betur þörfum meðlima samtakanna. Lék Lbs-Hbs þar stórt hlutverk þar sem Kristinn Sigurðsson, fór fyrir stýrihópi samtakanna um hugbúnað þegar verkefninu var komið á. Þá var safnið mjög virkt við að meta nýjar útgáfur hugbúnaðarins og leggja til æskilegar úrbætur. Þessi vinna hjálpaði við að tryggja að pywb hentar nú ljómandi vel fyrir þarfir safnsins.

### Formennska í IIPC

Fulltrúi Landsbókasafns – Háskólabókasafns í stjórn International Internet Preservation Consortium, Kristinn Sigurðsson, var kjörin formaður stjórnar IIPC samtakanna fyrir árið 2022. Þetta er í annað sinn sem fulltrúi safnsins gegnir formennsku, en Þorsteinn Hallgrímsson var formaður 2008. IIPC samtökin voru stofnuð árið 2003 af 11 landsbókasöfnum og Internet Archive. Þar á meðal var Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafns. Hlutverk samtakanna er að styðja við þróun vefsafna á margvíslegan máta. Lbs-Hbs hefur tekið virkan þátt í starfi IIPC í gegnum árin, og jafnan horft sérstaklega til þróunar á hugbúnaði sem nauðsynlegur er fyrir vefsöfnunarstarfsemi safnsins.

### Vefsöfnun

Vefsafnanir gengu vel, en þrjár heildarsafnanir á íslenska þjóðarléninu .is voru gerðar. Um 85 (80) þúsund lén tilheyra þjóðarléninu, auk þess var um 2.300 íslenskum vefjum á erlendum höfuðlénum safnað. Í heildarsöfnunum söfnuðust að meðaltali um 97 millj. skjala í hverri umferð. Vikulegum söfnunum á völdum vefjum var einnig haldið áfram. Vefirnir eru valdir af starfsfólki skylduskila m.t.t. þess að um væri að ræða efni sem skipti máli í þjóðmálaumræðu og að vefirnir væru uppfærðir ört. Haldið var áfram með söfnun tengdri Covid-19 sem hófst 2020 og lauk henni þegar öllum takmörkunum innanlands var aflétt á vordögum. Þá var einnig haldið áfram sífelldum söfnunum á völdum vefjum í gegnum RSS fréttastrauma þeirra.



Starfsfólk Aðfangasviðs með viðurkenningarskjöl fyrir þátttöku á námskeiði um nýjan Gegni.

# Aðföng og skráning

Sviðið ber ábyrgð á þaulsöfnun skilaskylds íslensks efnis og uppbyggingu ritakosts í þágu háskólanáms og rannsókna, þ.e. innkaupum og innheimtu efnis, aðfangaskráningu og utanumhald um ritakaupasjóði Háskóla Íslands og safnsins. Einnig sér sviðið um móttöku gjafa, flokkun, skráningu og efnisgreiningu þess efnis sem tekið er inn í Gegni, auk þess að ganga frá efni til útláns og notkunar. Bókfræðistjórn og gæðastjórnun í Gegni í samvinnu við Landskerfi bókasafna er ennfremur á ábyrgð sviðsins. Í árslok störfuðu 20 á sviðinu í 19.9 ársverkum, átján konur og tveir karlar. Sviðsstjóri er Ragna Steinarsdóttir.

Nýtt bókasafnskerfi sem byggir á Alma og PrimoVE frá fyrirtækinu ExLibris, var tekið í notkun hjá Landskerfi bókasafna í júní, en gamla kerfinu var lokað í maí og var kerfislaust í um 5 vikur. Vinna við innleiðingu kerfisins setti svip sinn á allt starf sviðsins á árinu. Starfsfólk sviðsins býr yfir gríðarlegri sérfræðiþekkingu á bókfræðilegum lýsigögnum sem er nauðsynleg til að hægt sé að færa gögn milli kerfa. Hluti þeirra gerði nær ekkert annað um miðbik ársins. Talsverðar tiltektir fylgdu kerfisskiptunum því laga þurfti handvirkt ýmislegt sem ekki var hægt að gera kerfislega forsögn fyrir, auk þess að sinna mikilli kennslu vegna nýja kerfisins. Fundir með Landskerfi bókasafna og erlendum sérfræðingum voru daglegt brauð og mikið lærdóms- og fræðsluferli átti sér stað.

Árlegir samstarfsfundir með erlendum aðilum, námskeið og ráðstefnur voru að mestu rafræn. Sviðsstjóri sótti NNG fund (Networking Group on bibliographic and infrastructure topics) sem er samstarfsvettvangur þjóðbókasafna Norðurlandanna um bókasafnskerfi, bókfræðigögn (lýsigögn), skráningarreglur, skráningarsnið og staðla. Markmið samstarfsins er að samnýta lýsigögn og skiptast á upplýsingum.

Rétt eins og fyrri ár sá starfsfólk aðfangasviðs um kennslu í skráningu, lyklun og flokkun við námsbraut í upplýsingafræði við Háskóla Íslands. Námskeið í skráningu annars vegar og efnisorðagjöf og flokkun hins vegar, voru kennd sem eitt stórt 10 eininga námskeið samkvæmt nýrri kennsluskrá haustið 2022. Námskeiðið var fjarkennt og útskrifuðust tólf nemendur. Sett verður á laggirnar nýtt námskeið við námsbrautina, sem nokkrir sérfræðingar safnsins komu að. Þar verður fjallað um upplýsingatækni og samspil gagna og kerfa í bókasafnaumhverfinu og verður kennt í fyrsta skipti vorið 2023.
Skipuriti sviðsins var breytt á árinu og tók gildi 1. september og uppsetning ársskýrslu tekur mið af nýju skipulagi. Markmið breytinganna var að færa saman skyld verkefni sem áður voru dreifð og aðlaga verkferla og flæði efnis að nýju bókasafnskerfi. Einnig var rými sviðsins endurskipulagt, sérstaklega á 1. hæð.
Meginbreytingarnar felast í að öll **skráning** var sameinuð í eitt fagsvið, en hafði áður verið í tveimur. Gjafir voru færðar í **skylduskil** og farið var yfir verkferla við móttöku á öllu efni sem ekki er keypt inn. Tímaritahald og aðföng voru sameinuð undir heitinu **aðföng**. Þar er haldið utan um allt efni sem keypt er fyrir bæði safnið sjálft og Háskóla Íslands, hvort heldur sem um er að ræða tímarit eða bækur, rafrænt eða áþreifanlegt efni. Undir **gæðastjórn lýsigagna** heyrir gæðastjórn Gegnis og verkefnastjórn lýsigagna og rafræns efnis. Nýtt verkefni er **gæðastjórn ferla,** en þeir hafa tekið miklum breytingum í nýju bókasafnskerfi og með nýju skipuriti.

## Aðföng

Helstu verkefni aðfanga eru kaup á gögnum fyrir safnið og Háskóla Íslands s.s. pöntun, móttaka og aðfangaskráning. Auk þess sér faghópurinn um móttöku og aðfangaskráningu gjafa. Söfnun og greining á tölfræðigögnum er stór þáttur í starfseminni. Starfshópur um stjórnun og uppbyggingu safnkosts sér um val á bókum og öðru efni sem keypt er fyrir sjóði safnsins, t.d. bækur íslenskra höfunda sem þýddar hafa verið á erlend tungumál og einnig efni sem berst ekki í skylduskilum, en fjallar um Ísland og Íslendinga (Islandica Extranea). Náin samvinna er við Landskerfi bókasafna um þróun og viðhald aðfangaþáttar Gegnis.

### Rafrænt efni

Hugvísindasvið, Félagsvísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ héldu áfram að nýta fjármagn sem ætlað er til uppbyggingar rannsóknarinnviða, til að auka aðgengi að rafbókum og tímaritum í samstarfi við Lbs-Hbs, sem sér um umsýslu þessa efnis. Alls veita þessir samningar aðgang að 296 (284) þúsund rafbókum, mest á sviði hug- og félagsvísinda. Hugvísindasvið endurnýjaði einnig aðgang að *Social Sciences & Humanities Library*, eða tæplega 1500 rafrænum tímaritum. Kostnaður vegna áskriftanna var tæpar 22 millj. kr.

### Gagnakaup safnsins og Háskóla Íslands

Lbs-Hbs varði til gagnakaupa á árinu 2022 um 16.8 milljónum kr. sem skiptast þannig:

| Gagnakaup Lbs-Hbs m.kr. | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| Bækur | 5.2 | 4.4 |
| Tímarit | 6.3 | 5.0 |
| Tón- og myndefni | 0.4 | 0.3 |
| Landsaðgangur | 4.5 | 4.5 |
| Rafrænar séráskriftir | 3.5 | 2.6 |
| **Alls** | **19.9** | **16.8** |

Fjárveiting frá fræðasviðum og/eða einstökum deildum Háskóla Íslands til safnsins vegna kaupa á bókum, tímaritum og gagnagrunnum á árinu 2022, lækkaði heldur og var sem hér segir:

| Fjárveiting sviða HÍ m.kr. | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| Félagsvísindasvið | 10.4 | 10.3 |
| Heilbrigðisvísindasvið | 3.5 | 3.5 |
| Hugvísindasvið | 7.0 | 7.0 |
| Menntavísindasvið | 0.7 | 0.0 |
| Verkfræði- og náttúruvísindasvið | 18.8 | 17.3 |
| **Alls** | **40.4** | **38.1** |

Landspítali - Háskólasjúkrahús kaupir efni fyrir heilbrigðisvísindasvið, og menntavísindasvið HÍ sér um innkaup fyrir sitt bókasafn, en bæði sviðin taka þátt í greiðslu rafrænna séráskrifta sem eru í áskrift hjá Lbs-Hbs. Heildarinnkaup safnsins fyrir HÍ voru rúmar 40 millj. kr., sem eru um 2.2 millj. kr. hærri upphæð en í fyrra. Mismunurinn liggur helst í að nokkrar deildir áttu afganga frá fyrra ári, gengi krónunnar var óhagstætt, og nýjar tímaritaáskriftir í rafrænu formi voru keyptar. Þessum fjármunum var ráðstafað í náinni samvinnu við háskólakennara og/eða tengiliði deilda og sviða, og skiptist í:

| Gagnakaup sviða HÍ m.kr. | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| Bækur og myndefni | 6.3 | 4.9 |
| Tímarit | 12.0 | 10.6 |
| Rafrænar séráskriftir | 24.7 | 24.8 |
| **Alls** | **43.0** | **40.3** |

Auk þessa greiddi Háskóli Íslands miðlægt vegna Landsaðgangs að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum og fyrir rafrænar séráskriftir að gagnasöfnunum *JSTOR*, *Science Citation Report*, *CSA* og *Scopus*.

| Miðlæg gagnakaup HÍ m.kr. | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| Landsaðgangur | 41.3 | 48.0 |
| Rafrænar séráskriftir | 12.6 | 12.2 |
| **Alls** | **53.9** | **60.2** |

### Gjafir

Miklar breytingar voru gerðar í verkferlum tengdum gjöfum á árinu. Gerðir voru nýir verkferlar varðandi val á gjafabókum og móttökuferlar gerðir skýrari.

Safninu bárust að vanda margar ritagjafir á árinu. Almennings- og skólabókasöfn landsins stóðu sig einna best í ritagjöfum og gáfu safninu fjölmarga titla sem voru í vantanasafni. Í vantanasafn er skráð það efni sem vantar í skylduskilum. Gefendur geta flett þar upp til að athuga hvort efni sem verið er að grisja vantar hjá Lbs-Hbs. Vantanasafn hefur reynst bæði gefendum og þiggjendum vel og hjálpað safninu við að ná efni sem ekki hefur komið í skylduskilum. Einnig bárust safninu nokkrar mjög viðamiklar gjafir frá einstaklingum.

Samkvæmt samstarfssamningi við Miðstöð íslenskra bókmennta fær safnið eintök af þeim þýðingum íslenskra bókmennta sem Miðstöðin styrkir, og barst safninu fjöldi nýrra þýðinga á árinu.

### Tímarit og greiniskráning

Fagsviðið Tímarit og greiniskráning sameinaðist fagsviði Aðfanga 1. september 2022. Nú sér fagsviðið um innkaup, skráningu og umsýslu tímarita safnsins og Háskóla Íslands. Ákvarðanir um hvaða efni er keypt fyrir skólann eru að mestu hjá kennurum og miðast við það fé sem einstakar deildir ákveða til ritakaupa. Á árinu 2022 voru 333 tímaritaáskriftir greiddar af HÍ og 207 af ritakaupafé safnsins, samtals 540 titlar. Að auki koma enn mörg tímarit að gjöf, en þeim hefur fækkað umtalsvert s.l. tvö ár. Umsjón með skráningu tímaritsgreina í Gegni er einnig í höndum faghópsins, sem og skráning og umsýsla ársskýrslna. Um 170 tímarit eru greiniskráð að staðaldri í Gegni og um skráninguna sjá 10 aðildarsöfn Gegnis, hvert eftir sínu fræða- eða áhugasviði. Af þeim sér Lbs-Hbs um greiniskráningu um 102 titla. Huga þarf að samræmi við skráningu á *timarit.is*, en greiniskráning í Gegni er forsenda þess að titlar greina birtist rétt á *timarit.is*. Unnið er að grisjun á forða eldri erlendra tímarita í geymslum safnsins.

### Finna tímarit

Skráin um rafræn tímarit, *Finna tímarit* frá ExLibris, er notuð af öllum háskólasöfnum í landinu. Í skránni eru tenglar við rafræn tímarit, bæði þau sem eru í Landsaðgangi og í séráskriftum háskólanna, auk fjölda tímarita sem eru í opnum aðgangi. Samtals eru þar um 30 þúsund titlar.

### Alþjóðleg útgáfunúmer

Breyting og uppfærsla varð á gagnagrunnum alþjóðlegu útgáfunúmeranna um mitt ár 2022 og tölur voru endurskoðaðar og uppfærðar. Lbs-Hbs heldur utan um færslur í skrárnar fyrir hönd Íslands og sér Helga Kristín Gunnarsdóttir um verkefnið.

### Alþjóðlegt bóknúmer ISBN

Fyrir bækur var úthlutað 68 númeraröðum á árinu og 213 stökum númerum. Heildarskrá yfir íslenska útgefendur er hluti af *Global Register of Publishers*, sem einnig inniheldur upplýsingar um einstaklinga sem fá stök ISBN númer. Skráin er uppfærð jafnóðum og númerum er úthlutað og um áramót voru 6.391 íslensk númer í skránni.

### Alþjóðlegt tímaritsnúmer ISSN

Úthlutað var 54 ISSN númerum fyrir tímarit á árinu, að meginhluta fyrir tímarit í stafrænni endurgerð á vefnum *timarit.is*. Heildarfjöldi færslna fyrir íslensk tímarit í ISSN skránni var um áramót 3.752 færslur

### Alþjóðlegt nótnanúmer ISMN

Úthlutað var 2 númeraröðum á árinu og 7 stökum ISMN númerum fyrir nótur. Frá upphafi hefur verið úthlutað 34 röðum og 68 stökum númerum. Skrá yfir íslenska útgefendur, sem haldið er saman fyrir alþjóðaskrifstofuna innihélt 97 færslur um áramót.

## Skylduskil og gjafir

Í starfseiningunni er unnið að móttöku, innheimtu og ráðstöfun nýs íslensks efnis skv. lögum um skylduskil nr. 20/2002. Þá er unnið að frágangi og aðfangaskráningu eldra efnis sem berst og reynt að útvega það sem á vantar, hvort sem um er að ræða bækur, tímarit eða annað efni, áþreifanlegt eða stafrænt.

Haldið er saman tölulegum upplýsingum um blöð, tímarit, ársskýrslur, dægurprent og annað efni sem bætist við (sjá Árstölur 3.2.2). Ennfremur eru sendar upplýsingar til Hagstofu Íslands um blaða- og tímaritaútgáfu, tegundir hennar og tíðni eftir efni.

### Rafhlaðan og rafræn skylduskil

Rafrænn hluti skylduskila hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár og má segja að sá hluti sé orðinn jafn umfangsmikill og prentaðs efnis. Talsverð vinna fer í að fylgja eftir skilum á þessu efni og er verklag við innheimtu og varðveislu í stöðugri þróun. Varðveisla rafræns efnis sem ekki er á *timarit.is* eða í *hljodsafn.is* er í Rafhlöðu *rafhladan.is*, stafrænu varðveislusafni safnsins. Slíkt efni er m.a. stofnanaprent, rafbækur og sum tímarit. Lýsigögn verkanna í Rafhlöðunni eru afrituð úr Gegni með vélrænum hætti og er efnið ýmist sótt af starfsfólki safnsins eða að stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar senda inn efni. Í safninu voru 28.107

einingar í lok árs og höfðu 322 bæst við á árinu. Það er heldur minna en árin á undan, en skýrist af innleiðingu á nýju bókasafnskerfi. Sjá töflu 3.2.2. í Árstölum.

### Vefsafnanir

Íslenskum vefsíðum er safnað reglulega í *vefsafn.is*. Safnað er þrisvar á ári öllu sem er á léninu .is ásamt völdum erlendum lénum. Sömuleiðis eru gerðar vikulegar safnanir, einkum af síðum miðla sem breytast ört. Fjöldi vefja í reglulegri söfnun voru 88 (84). Þá er einnig safnað efni af öðrum lénum en .is, einkum efni er varðar Ísland og Íslendinga erlendis. Slíkar slóðir voru 2.326 (2.318) um áramót.

Ein viðburðasöfnun var gerð á árinu 2022, vegna sveitarstjórnarkosninga. Nú eru rúmlega 5.85 (5.5) milljarðar skjala í safninu, samtals um 151 (138) terabæt. Fjöldi vefsetra sem tilheyra .is voru í árslok um 85 (80) þúsund.

## Skráning efnis

Meginverkefni faghópsins er flokkun, efnisgreining og skráning alls þess efnis sem tekið er inn í Gegni, hvort sem um ræða prentað efni, rafrænt efni eða efni á öðru formi svo sem hljóðbækur, tónlist á ýmsu formi, kvikmyndir, spil eða margmiðlunargögn. Um er að ræða íslenskt efni sem berst í skylduskilum, efni sem keypt er fyrir safnið sjálft og fyrir Háskóla Íslands og það sem berst að gjöf. Skráning á rafrænu efni fer sífellt vaxandi. Þá eru skráðir kaflar og greinar í íslenskum safnritum og einnig úr erlendum bókum sem innihalda efni er varðar Ísland eða er eftir Íslendinga. Á árinu voru skráðar 302 slíkar greinar. Allir skrásetjarar safnsins taka þátt í því að greiniskrá úr tímaritum. Þá sér hópurinn um að kóða bókfræðifærslur sem eiga að birtast á *utgafuskra.is*, fara yfir skráningu og leiðrétta gögn ef þess þarf.

### Tiltektarverkefni og lagfæringar

Á árinu fór mikil vinna í ýmsar leiðréttingar og lagfæringar í Gegni, m.a. vegna gagnabreytinga og innleiðingar nýja bókasafnskerfisins. Vinna við nafnmyndaskrá var einnig mikil. Þá er árlega eitthvað um endurflokkun. Rafrænt efni sem hýst er í Rafhlöðunni er skráð jafnóðum og því er komið fyrir. Áfram var haldið með tiltektarverkefni í geymslum Þjóðarbókhlöðu og skilaði það heilmiklu efni til skráningar. Hluti af því fór í öskjur fyrir dægurprent í Íslandssafni. Þá var einnig gert átak í skráningu sérprenta. Ekki er lengur gerð sérstök leit að doktorsritgerðum erlendis, en þær ritgerðir sem berast safninu eru skráðar. Doktorsritgerðir frá Háskóla Íslands eru skráðar jafnóðum. Alls voru um 2200 skýrslur teknar inn frá Orkustofnun, en lagfæra þurfti skráningu vegna nýja kerfisins.

### Útgáfuskrá, bókfræðistjórn og gæðaeftirlit

Bókfræðifærslur fyrir íslenska útgáfu eru skráðar og kóðaðar í Gegni m.t.t. þess að gögnin megi draga út og endurnýta í *Íslenskri útgáfuskrá*. Skráin inniheldur tölulegt yfirlit um útgáfu bóka, hljóðbóka, tímarita, landakorta og hljóðritaðrar tónlistar, á Íslandi frá árinu 1999. Skráin er birt á vefnum *utgafuskra.is* og er uppfærð vikulega með gögnum úr Gegni.

Bókfræðileg stjórn Gegnis fer fram bæði í sjálfum bókfræðigrunninum og í svokölluðum nafnmyndagrunni. Meirihluti viðhaldsvinnu við báða grunna er á hendi skrásetjara Lbs-Hbs. Betrumbætur á bókfræðigrunni felast í ýmsum verkefnum sem auka gæði stakra færslna og bæta leitarheimtur. Þetta eru t.d. sameiningar á tvöföldum færslum, efnisorðavinna og kóðun færslna sem notuð eru í öðrum kerfum.

Í nafnmyndagrunni eru vistaðar færslur með til- og frávísunum fyrir mannanöfn, landfræðiheiti, stofnananöfn og almenn efnisorð. Í nafnmyndaskrá eru alnafnar aðgreindir og nafnmyndir fyrir sígild verk eins og Biblíuna og ýmis fornrit eru samræmdar. Árið 2021 hófst vinna við að breyta reglum og stöðlum í mannanafnaskráningu í Gegni, í tengslum við fyrirhuguð kerfisskipti. Markmiðið með þeirri vinnu er að nafnmyndir fyrir mannanöfn í Gegni séu í fullu samræmi við alþjóðlegan MARC21 lýsigagnastaðal. Með þessu verður tryggt að nafnmyndir í Gegni virki eins og best verður á kosið í nýja kerfinu. Talsverð vinna var einnig lögð í að halda áfram að skrá og vista íslensk mannanöfn með aðgreinanlegum nafnliðum í nafnmyndaskrá, til þess að tapa ekki gögnum sem áratuga vinna hefur verið lögð í.

### Skráningarþjónusta

Safnið býður nú upp á skráningarþjónustu gegn gjaldi fyrir söfn og stofnanir þar sem aðföng eru lítil. Í þjónustunni felst flokkun, skráning og tenging rita í Gegni. Einnig kjalmerking sé þess óskað. Nokkur söfn nýttu þessa þjónustu á árinu.

## Gæðastjórn Gegnis

Gæðastjórn Gegnis er unnin í nánu samstarfi við Landskerfi bókasafna, Borgarbókasafnið og önnur bókasöfn, sem eiga hagsmuna að gæta þegar kemur að gæðum lýsigagna í kerfinu, og því hvernig þau nýtast og birtast í bókasafnskerfinu og leitargáttinni *leitir.is*. Safnið á tvo fulltrúa í skráningarráði Gegnis, Helgu Kristínu Gunnarsdóttur og Hallfríði Hr. Kristjánsdóttur. Ragna Steinarsdóttir er fulltrúi safnsins í efnisorðaráði og er jafnframt ritstjóri efnisorða. Bæði ráðin starfa á vegum Landskerfis bókasafna. Safnið á einnig tvo fulltrúa í gæðahópi Gegnis, en hann gegnir lykilhlutverki við þróun og þegar kemur að tæknilegri

hliðum kerfisins, s.s. prófunum á nýjum uppfærslum og útgáfum kerfisins. Safnið heldur úti sérstöku netfangi *gegnir@landsbokasafn.is* til að taka við beiðnum um leiðréttingar og öðrum erindum sem varða skráningu í bókfræði- og nafnmyndagrunn Gegnis. Fagstjóri skráningar og sérfræðingar á fagsviðinu sjá um afgreiðslu á þeim málum sem berast þannig. Að meðaltali bárust 16 erindi á mánuði árið 2022 eða tæplega 200 erindi. Þá berast einnig árlega um 20-30 fyrirspurnir frá útgefendum, stjórnvöldum og fleiri um tíðni útgáfu, um þýðingar og vegna úthlutunar styrkja.

### Handbók skrásetjara Gegnis

Safnið heldur úti *Handbók skrásetjara Gegnis* (HASK), sem er veflægt vinnutæki allra skrásetjara í landinu og er aðgengileg á *hask.landsbokasafn.is*. Gæðastjóri er ritstjóri handbókarinnar, en í ritstjórn sitja að auki fjórir skrásetjarar Lbs-Hbs. Handbók skrásetjara er uppfærð reglulega í samræmi við alþjóðlegar skráningarreglur og staðla og ákvarðanir skráningarráðs Gegnis. Handbókin var endurhönnuð í kjölfar innleiðingar á RDA skráningarreglunum 2016, og hefur mikil vinna farið í að uppfæra innihald og leiðbeiningar. Á árinu hófst endurhönnun og endurskipulagning handbókarinnar m.t.t. nýja bókasafnskerfisins, sem býður upp á að tengt verði beint úr skráningarviðmóti og í handbókina og var ný *Handbók skrásetjara* opnuð þegar nýja bókasafnskerfið tók við af því gamla. Heimsóknir á vefinn á árinu 2022 voru 7.751 og flettingar rúmlega 38.500. Sjá töflu 2.13.

## Gæðastjórn ferla

Í kjölfar stafrænnar breytingar á útgáfu þess efnis sem safninu ber að safna, skrá, varðveita og miðla, hefur þurft að endurskoða verklag og vinnubrögð safnsins. Safnefni er á mun fjölbreyttara formi en áður og til að ná betri stjórn á flæði þess um safnið, var ákveðið að koma á aukinni gæðastýringu til að ná betri yfirsýn og auðvelda starfsfólki að vinna með gögn á ólíku formi. Mikilvægt er að allir ferlar varðandi móttöku, flokkun, skráningu og miðlun efnis séu sýnilegir og skýrir, til að auðvelda vinnu við að gera það aðgengilegt fyrir notendur. Magný Rós Sigurðardóttir endurskoðar nú og samræmir verklag og vinnubrögð á sviðinu og er sú vinna rétt hafin. Verkefnið tengist bæði móttöku efnis skv. lögum um skylduskil, en einnig innkaupum á erlendu efni, bæði á pappír og í stafrænu formi, m.a. í samvinnu við svið og deildir HÍ og aðra hagsmunaaðila. Þá fellur móttaka gjafa einnig undir þetta verkefni.

## Helstu verkefni ársins

Verkefni sviðsins á árinu voru flest tengd innleiðingu nýs bókasafnskerfis, sem hófst formlega í mars 2021. Í sameiginlegum verkefnahóp Landskerfis bókasafna og safnanna sem koma til með að nota kerfið, sátu tveir starfsmenn Lbs-Hbs, þær Hallfríður H. Kristjánsdóttir, gæðastjóri skráningar og Telma Rós Sigfúsdóttir, verkefnastjóri. Kortleggja þurfti bæði bókfræði- og nafnmyndagrunn ítarlega og flytja báða grunnana án teljandi gagnataps yfir í nýtt kerfi. Talsverðar breytingar þarf að gera á gögnum til að hámarka notagildi þeirra og lesanleika í nýju kerfi. Þá þarf að endurskipuleggja forðaskráningu og tengingar fyrir bæði rafrænan safnkost og fyrir eintakalausar greinifærslur. Umsýsla með rafrænum áskriftum færist yfir í Ölmu og notkun á SFX verður hætt. Sumar breytingar mátti vinna í gamla kerfinu, fyrir gagnaflutning eða í sjálfum gangaflutningunum, þannig að upplýsingar komu réttar og uppfærðar yfir í nýja kerfið. Aðrar og flóknari gagnabreytingar voru skjalaðar og bíða þess að verða unnar í nýju kerfi á næsta ári.
Samhliða vinnu við flutning gagna milli bókasafnskerfa var unnið að innleiðingu nýrrar og uppfærðrar leitargáttar fyrir notendur, *leitir.is*. Lbs-Hbs kemur til með að bjóða notendum sínum upp á sérstaka leitargátt sem inniheldur eingöngu þann safnkost sem safnið hefur aðgang að. Einnig verða byggðir sérstakir leitargrunnar fyrir bæði *Íslenska útgáfuskrá* og *Skrá um þýðingar íslenskra bókmennta*.



Félagar í Hlöðveri í sögugöngu um Spænsku veikina í miðbæ Reykjavíkur, með Gunnari Þór Bjarnasyni sagnfræðingi.

# Varðveisla og stafræn endurgerð

Sviðið ber ábyrgð á varðveislu íslensks safnkosts, þ.e. handritum og einkaskjölum, sérsöfnum og öllu útgefnu íslensku efni skv. lögum um skylduskil, nema kvikmyndum, útvarps- og sjónvarpsefni. Sviðið hefur umsjón með forvörslu, bókbandi, umbúnaði, stafrænni endurgerð, útlánum á lessal, ásamt annarri þjónustu við þá safngesti sem nota safnkostinn. Einingin hefur einnig umsjón með varaeintakasafni í Reykholti. Í lok ársins störfuðu 22 á sviðinu, 9 karlar og 13 konur, en ársverk voru 19.02. Sviðsstjóri er Örn Hrafnkelsson.

## Forvarsla og bókband

Á viðgerðarstofu er unnið að forvörslu og viðgerðum á handritum og prentuðum ritum. Forvörður er einnig til ráðuneytis um og ber ábyrgð á viðhaldi, varðveislu og umbúnaði ritakostsins. Megináhersla síðustu ára hefur verið að bæta umbúnað handrita með því að skipta út gömlum umbúðum fyrir nýjar hentugri umbúðir úr sýrufríu efni. Þá var unnið að rannsóknaverkefninu *Paper Stories*, sem er framhald *Paper Trails.* Dregið hefur verið úr bókbandi á nýjum bókum, en vægi frágangs, viðgerða og endurbands gamalla bóka og handrita úr safneign hefur aukist til muna. Í byrjun ársins 2022 störfuðu við safnið tveir bókbindarar, báðir í skertu starfshlutfalli, en annar þeirra lét af störfum í lok marsmánaðar.
Bókbandsverk 2022 voru alls 9.938 (16.078) einingar, (sjá Árstölur 5.4) og drógust verulega saman vegna fækkunar bókbindara.

## Myndastofa

Stafræn endurgerð er fastur liður í starfsemi safnsins og árlega bætist við nýtt efni, en mismunandi eftir efnisflokkum. Í myndastofu er unnið að stafrænni endurgerð blaða, tímarita, bóka, handrita og annars efnis, myndatökum að beiðni notenda og vegna sýninga og viðburða í safninu. Eins og undanfarin ár voru tímarit meginhluti þess efnis sem myndað var á árinu.

Teknar voru alls 218.614 (172.700) myndir. Ítarlegri upplýsingar um myndað efni eru í töflu 5.5 í Árstölum. Á síðasta ári hófst myndun á gjörða- og dagbókum Alþingis, en það er samstarfsverkefni safnsins og þingsins. Á árinu 2022 voru mynduð 56 (22) bindi, samtals 45.573 (29.150) blaðsíður. Myndirnar eru aðgengilegar á *handrit.is*. Sjá einnig Árstölur 5.5.

## Handritasafn

Meginhlutverk er að annast söfnun, varðveislu, og rannsóknir á íslenskum handritum og skjölum sem ekki heyra undir lögbundin skil til Þjóðskjalasafns Íslands eða héraðsskjalasafna. Áhersla er á skráningu, flokkun og frágang efnis, annast kynningu á handritasafni fyrir nemendahópa og aðra gesti, þjónustu við safngesti á lessal, upplýsingaþjónustu, vinnu við sýningar, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.
Fésbókarsíða handritasafns var opnuð í mars 2010 og hefur verið notuð til að kynna áhugavert efni úr fórum handritasafns og viðburðum því tengdu. Fylgjendur voru 1.661 (1.622) talsins í árslok 2022.

Alls voru 2.381 (3.312) handrit og einkaskjöl lánuð á lestrarsal 2022. Fimm handrit fóru í millisafnalán til Árnastofnunar og þrjú handrit komu til handritasafns, frá Árnastofnun og Héraðsskjalasafni Skagfirðinga.
Í lok árs 2022 voru skráð handrit alls 15.485 talsins: handrit sem eru í prentuðum skrám safnsins (útg. 1918–1996) og þau sem hafa verið skráð á *handrit.is* síðustu ár. Þá eru stök fornbréf og skinnblöð auk einkaskjalasafna, en það eru persónuleg söfn einstaklinga (s.s. bréf og dagbækur) mismikil að vöxtum.

| Safnkostur handritasafns 2022 | |
|---|---|
| Handrit á safnmarki | 15.485 |
| Fornbréf og skinnblöð | 207 |
| Einkaskjalasöfn | 1.604 |
| **Alls** | **17.296** |

### Aðföng

Skráðar voru 136 (83) afhendingar á árinu, handrit 92 (36) og einkaskjalasöfn 44 (47). Meðal aðfanga má nefna gögn Páls Vídalíns Bjarnasonar sýslumanns (1873–1930), Lúðrasveitarinnar Svanur, Guðrúnar Helgadóttur rithöfundar og þingkonu, Heimilisiðnaðarfélagsins á Blönduósi, Samúels Eggertssonar teiknara (1865-1949) og Guðrúnar Margrétar Pálsdóttur (1904–1968), svo fátt eitt sé talið. Af nýjum handritum má helst nefna handrit að sjálfsævisögu Guðrúnar Borgfjörð (1856–1930) og 84 handrit úr fórum Böðvars Kvarans (1919–2002), sem er stærsta safn handrita sem Lbs-Hbs hefur eignast síðustu árin.

### Skráning - handrit og einkaskjöl

*Handrit* – Í árslok 2022 voru alls 1.858 (1.726) handrit í óprentaðri handritaskrá. Þó nokkur frátekin handritsnúmer eru í skránni frá fyrri árum, sem á eftir að fylla upp í. Af þessum handritum er búið að skrá um 1.800 (1.700) á *handrit.is*, en hafa ber í huga að þar er handritum stundum skipt í hluta (a-b) sem eykur skráningarfjölda þeirra. Í árslok 2022 höfðu 9.599 (8.823) handrit verið skráð á vefinn *handrit.is*, auk þess sem unnið var að lagfæringum á fyrri skráningu.
*Einkaskjöl* – Unnið var að skráningu ýmissa einkaskjalasafna, svo sem Þórðar Guðmundssonar og Jóhönnu Lárusdóttur (Lbs 47 NF), Önnu Sveinsdóttur (Lbs 48 NF), Björns Bjarnasonar (Lbs 81 NF), Roger Powell (Lbs 82 NF), Hannesar Hanssonar (Lbs 83 NF), Gunnars Egilssonar (Lbs 85 NF), Jóns Ólafssonar (Lbs 86 NF), Jóns Eiríkssonar (Lbs 88 NF), Lúthers Einarssonar (Lbs 90 NF) og fleiri.

### Myndun handrita

Alls voru mynduð 76 (30) handrit samtals 19.442 myndir og birt á *handrit.is*. Áfram var unnið að skráningu og myndun *Alþingismála* 1845–1913 inn á *handrit.is,* og lauk verkefninu á árinu (sjá kafla um myndastofu).

### Transkribus

Lbs-Hbs og Þjóðskjalasafn vinna að tilraunaverkefni með forritið *Transkribus* sem hægt er að þjálfa til að lesa handskrifaðan texta. Bragi Þorgrímur Ólafsson vann að verkefninu ásamt Emil Gunnlaugssyni sem var í fjarvinnu frá Danmörku. Hann fékk sendar myndir af nokkrum handritum úr handritasafni og einnig af ýmsum skjölum frá Þjóðskjalasafni. Verkefnið heldur áfram á næsta ári.

### FotoWeb

Starfsfólk fékk aðgang að kerfinu FotoWeb á árinu, en það má m.a. nýta til að veita aðgang að t.d. ljósmyndum úr einkaskjalasöfnum. Þar eru komnar inn myndir frá handritasafni, kvennasögusafni og leikminjasafni. Vefurinn verður opnaður almenningi þegar nokkuð magn ljósmynda verður komið þar inn.

### Þýðingar Íslendingasagna - Saga Translations

Unnið var að áframhaldandi skráningu í *Saga Translations* gagnagrunninn (Skrá yfir þýðingar Íslendingasagna): https://sagas.landsbokasafn.is/

### Geymslur

Handritasafn fékk nýjar hillur til afnota í kjallara Þjóðarbókhlöðu undir lok síðasta árs. Þangað verða aðföng frá og með 2017 flutt.

### Heimsóknir, kynningar og samfélagsmiðlar

Nemendahópar komu í heimsókn á árinu. Fjórir frá Háskóla Íslands, einn frá Listaháskóla Íslands og einn frá München. Tvær heimsóknir voru vegna upptöku á

sjónvarpsþáttum. Þá voru heimsóknir sérfræðinga frá Tékklandi og Landsbókasavninu í Færeyjum til að skoða skráningu og myndun handrita.
Bragi Þorgrímur Ólafsson og Guðrún Laufey Guðmundsdóttir fluttu erindi á Söguþingi sem haldið var 19.–21. maí og Guðrún Laufey sótti fund í *Network for Digital Old Norse Studies* í Sviss. Starfsfólk handritasafns tók einnig þátt í sumarskóla í handritafræðum 15.-25. ágúst.

### Rannsóknaverkefnin Paper Trails og Paper Stories

Lbs-Hbs tekur þátt í rannsóknarverkefnunum *Paper Trails* og *Paper Stories.* sem styrkt eru af Rannís og stýrt af Þórunni Sigurðardóttur hjá Árnastofnun. Ráðstefnan *Paper Stories: Paper and book history in post-medieval Europe*, var haldin 5.-6. maí í Þjóðminjasafni og Þjóðarbókhlöðu. Sýning var opnuð 5. maí, og haldin móttaka í tengslum við ráðstefnuna.

### Rannsóknarverkefnið Life of Paper

Á árinu hófst verkefnið *Hringrás pappírs* eða *Life of Paper* sem einnig er unnið í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og er framhald fyrri rannsókna á íslenskum pappírshandritum. Verkefnið hlaut þriggja ára styrk frá Rannís. Af hálfu Lbs-Hbs taka Halldóra Kristinsdóttir og Rannver H. Hannesson þátt í verkefninu, en Ása Ester Sigurðardóttir var ráðin sem aðstoðarmaður við verkefnið á haustmánuðum 2022. Vinna Ásu fólst í að telja og skrásetja kver í handritum frá 17. öld og færa inn í gagnagrunninn *Viscoll*. Alls voru skráð kver í 71 handriti og vatnsmerki í fjórum handritum.

## Íslandssafn

Meginhlutverk Íslandssafns er að þaulsafna gögnum útgefnum á Íslandi í prentuðu formi eða á öðrum miðlum, búa í hendur notendum og varðveita handa komandi kynslóðum, og að afla hliðstæðra gagna sem gefin eru út erlendis og varða Ísland og Íslendinga. Afgreiðsla Íslandssafns er á 1.h. Þar eru veittar upplýsingar og prentuð rit sótt fyrir notendur til afnota á lestrarsal.
Meðal fastra verkefna hvers árs er að fara yfir safnkostinn og eldri ritum sem safninu hefur áskotnast bætt við. Samkvæmt eintaksupplýsingum úr Gegni voru strikamerkjaeiningar í Íslandssafni árið 2022 222.117 (212.883) og bættust við á árinu 9.234 einingar.

### Stafræn endurgerð fyrir *timarit.is*

Í Íslandssafni er sífellt unnið að því að bæta við titlum tímarita og dagblaða á vefinn *tímarit.is* en stefnt er að því að flest tímarit og dagblöð sem ekki eru lengur í útgáfu verði birt á vefnum. Jafnframt eru á hverju ári gerðir nokkrir samningar um stafræna endurgerð við útgefendur tímarita sem enn eru gefin út. Árið 2022 bættust 116 (127) tímaritstitlar við vefinn eða 195.232 (186.521) bls. Heildarfjöldi blaðsíðna á vefnum í árslok var 6.329.903 (6.134.671) bls. Sjá töflu 5.5.

### Varaeintakasafn í Reykholti

Varaeintakasafn Íslandssafns er varðveitt í húsnæði gamla héraðsskólans í Reykholti og þar eru hýst varaeintök hvers árs frá 1846 af bókum, tímaritum, dagblöðum og dægurprenti. Varaeintök af tónlist, myndefni og tölvuefni eru varðveitt í Þjóðarbókhlöðu. Í Reykholti hefur verið 45% starf við að ganga frá því efni sem berst úr aðalsafni einu sinni á ári, venjulega að vori. Jónína Eiríksdóttir lét af störfum í árslok sem starfsmaður Varaeintakasafns.

Þegar gengið hefur verið frá sendingu hvers árs, er unnið að því að tengja eldri ótengdan safnkost, auk umsýslu, eins og að sannreyna upplýsingar og bera saman við það efni, sem býðst til uppfyllingar í forðann. Í varaeintakasafni liggur töluverður forði af tímaritum og skýrslum frá því fyrir 2005, sem ötullega hefur verið unnið við að eintakstengja og hagræða síðustu árin.

Vinnuhópur úr aðalsafni hefur allt frá árinu 2015 unnið markvisst að þessum þætti. Verkefnið er langt komið, en starfsfólk frá aðfangasviði og skylduskilum hefur tekið þátt í þessum ferðum. Lokið hefur verið við að ganga frá og eintakstengja allar skýrslur og öll tímarit í 8vo stærð. Einnig er lokið við að flokka og pakka öllum tímaritum og dagblöðum í 4to og fólíó stærðum. Eintakstenging 4to stærða er langt komin og byrjað að tengja fólíó stærðir. Árið 2022 bættust 7.298 (6.227) strikamerkjaeiningar við varaeintakasafnið, eða u.þ.b. 75 hillumetrar. Fjöldi strikamerkjaeininga í árslok 2022 var 158.348 (151.050) og lausir hillumetrar um 430 (508).

### Ritakaup og gjafir

Íslandssafni ber að hafa uppi á efni sem gefið er út erlendis og varðar Ísland og Íslendinga og afla þess. Á það bæði við um prent og annað útgefið efni. Oftast þarf að kaupa þessi verk og þau eru talin með öðrum ritakaupum.
Starfsmaður Íslandssafns situr í starfshópi um stjórnun og uppbyggingu safnkosts (SUSS) sem sér um val á bókum og öðru efni sem keypt er fyrir sjóði safnsins, t.d. bækur íslenskra höfunda sem þýddar hafa verið á erlend tungumál og annað efni sem fjallar um Ísland og ekki berst í skylduskilum (Islandica Extranea). Auk þess situr fagstjóri Íslandssafns í gjafateymi og aðstoðar við að fara í gegnum allar gjafir, aðfangaskrá og tengja í Gegni.

### Annað

Þessu til viðbótar sinnir starfsfólk Íslandssafns fyrirspurnum, útlánum, gestum á lessal, þéttingu safnkosts í hillum, frágangi á gögnum o.s.frv.

Gestir á lestrarsal 1.h. árið 2022 voru 2.585 (2.811) skv. skráningu í gestabók. Þeim fækkar heldur, þar sem aðgengi að stafrænu íslensku efni eykst stöðugt.

### Seðlabanki Íslands

Í lok árs var fundur með starfsfólki Seðlabanka Íslands og eru nú í mótun verkferlar um frágang á efni frá bókasafni bankans.

## Sérsöfn

Hlutverk einingarinnar er að halda utan um ýmis sérsöfn og veita aðgang að þeim auk annarra verkefna. Skilgreind sérsöfn eru 21 og eru þau misstór, sbr. töflu sem er unnin úr Gegni um fjölda eintaka í hverju safni.

| **Sérsöfn – fjöldi eintaka** | **2020** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|
| Benediktssafn | 7.573 | 7.281 | 7.859 |
| Bókbindarasafn | 378 | 439 | 452 |
| Bókminjasafn | 942 | 942 | 942 |
| Bókverkasafn | 567 | 609 | 627 |
| Davíðssafn | 892 | 892 | 891 |
| Einarssafn | 766 | 768 | 768 |
| Erlent fágæti | 11.097 | 10.586 | 10.581 |
| Fiskesafn | 1.239 | 1.239 | 1.292 |
| Johnsenssafn | 97 | 97 | 97 |
| Steffensensafn | 7.211 | 7.211 | 7.209 |
| Kortasafn | 2.178 | 2.191 | 2.241 |
| Kristmannssafn | 221 | 221 | 221 |
| Laxnesssafn | 1.093 | 1.080 | 1.085 |
| Lárusarsafn | 587 | 597 | 939 |
| Nonnasafn | 735 | 734 | 739 |
| Ragnar Þorsteinsson | 1.296 | 1.296 | 1.296 |
| Ferðabókasafn Seðlabanka | 2.807 | 2.807 | 2.807 |
| Safnahús | 54 | 30 | 30 |
| Sænska safnið | 1.785 | 1.785 | 1.785 |
| Watsonsafn | 1.285 | 1.285 | 1.285 |
| Þorsteinssafn | 1.768 | 1.800 | 1.805 |
| *Samtals* | **44.571** | **43.890** | **44.951** |

Meðal helstu verkefna ársins er frágangur og ítarskráning eldri íslenskra bóka til myndunar fyrir *bækur.is*. Í árslok 2022 voru 2.411 (2.330) titlar aðgengilegir í 2.945 (2.826 ) bindum, samtals 597.135 (574.647) bls. Ritum fjölgaði um 81 titil. Á árinu var lokið við að mynda bækur útgefnar á áratugnum 1856-1860.
Haustið 2021 sótti Listasafn Íslands ásamt Landsbókasafni um styrk til Bókasafnasjóðs til að skrá ítarlega, mynda og gera aðgengilegar á vefnum *bækur.is* u.þ.b. 300 sýningarskrár íslenskra listamanna frá árunum 1900 til 1950. Skrárnar eru bæði frá sýningum hér á landi og erlendis. Styrkur fékkst og á árinu 2022 voru myndaðar 60 sýningarskrár. Framhald verður á verkefninu þar til því lýkur.

Landmælingar Íslands gáfu fornkortasafn sitt, alls 52 kort. Það verður hluti af kortasafni Lbs-Hbs og gert aðgengilegt á kortavef safnsins, *islandskort.is*. Orkustofnun afhenti á árinu nokkur hundruð prentuð kort í þremur kortaskápum, hluti þeirra verður notaður til að fylla inn í göt í kortasafni.
Samanbrotin Íslandskort í varaeintakasafni, alls 763 kort voru tengd í Gegni. Unnið var að endurbótum á *islandskort.is* og stendur til að opna endurgerðan vef í byrjun árs 2023.
Jérémy Ducret, nemi frá Frakklandi, gerði skrá yfir 1.218 óskráð rit í Erlendu fágæti. Lokið var við að skrá 342 erlendar bækur í safni Lárusar Sigurbjörnssonar.

## Kvennasögusafn

Kvennasögusafn, sem var stofnað 1. janúar 1975, varð hluti af Lbs-Hbs árið 1996 og flutt í Þjóðarbókhlöðu. Hlutverk kvennasögusafns er að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Þá miðlar safnið upplýsingum, aðstoðar við heimildaleit og hvetur til rannsókna á sviði kvennasögu. Safnið hýsir einkaskjalasöfn kvenfélaga, sem og einstaklinga, ásamt ýmsum skjölum sem tengjast sögu kvenna á Íslandi.
Í stjórnarnefnd voru Ragnheiður Kristjánsdóttir af hálfu RIKK, Vilborg Eiríksdóttir af hálfu Kvenfélagasambands Íslands og Bragi Þorgrímur Ólafsson af hálfu Lbs-Hbs.

### Fyrirspurnir og heimsóknir

Skráðar voru 103 (146) fyrirspurnir, sem bárust á árinu eftir ýmsum leiðum; símleiðis, í tölvupósti, heimsóknum og gegnum samfélagsmiðla. Fyrirspurnirnar voru jafn fjölbreyttar og þær voru margar og mislangan tíma tók að vinna úr þeim, þær fjalla yfirleitt um heimildir sem hægt er að finna um sögu kvenna og jafnréttis á Íslandi. Flestar fyrirspurnir komu frá Íslendingum, en einnig frá Ástralíu, Bandaríkjunum, Belgíu, Danmörku, Frakklandi, Hollandi, Japan og Svartfjallalandi.

Í gestabók rituðu 135 (34) einstaklingar. Meðal þeirra voru hópar frá GRÓ-GEST, Borgarholtsskóla og Norrænu netverki í hinsegin fræðum, og auk hópa vegna kynninga á safninu.
Af sérstökum kynnisferðum til safnsins erlendis frá voru hópar frá annars vegar Póllandi og hins vegar Tékklandi, sem heimsóttu báðir safnið í október. Hópurinn frá Póllandi var leiddur af Malgorzata Dajnowicz prófessor í kvennafræðum við háskólann í Bialystok. Frá Tékklandi komu til safnsins Lucie Přibyl og Marie Koval frá „Gender Studies, o.p.s." vegna verkefnisins *Fetað í fótspor menntunar kvenna* en þær vinna að stafrænu kvennasögugöngukorti.

Þá hélt Kvennasögusafn sérstakt málþing með Pernille Ibsen þann 16. maí 2022 í fyrirlestrarsal í

samvinnu við Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands en Pernille hélt hátíðarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar við HÍ árið 2022 sem bar titilinn *My Seven Mothers & The Redstockings Movement in Denmark, 1970-1976*. Pernille er danskur sagnfræðingur og prófessor í sagnfræði við University of Wisconsin – Madison. Heimsókn hennar var í framhaldi af 13. norrænu kvenna- og kynjasöguráðstefnunni sem fram fór í Árósum 2021 og fagstjóri Kvennasögusafns sótti á netinu.

### Lán á lestrarsal

Útlán gagna á lestrarsal voru skráð í Gegni, en nokkur einkaskjalasöfn voru skráð í útlán sem ekki voru strikamerkt. Áfram er unnið við að strikamerkja safnkost Kvennasögusafns svo betra yfirlit fáist á útlánum og notkun. 35 (23) fengu gögn á lestrarsal; 3 hópar af blönduðu kyni, 5 (4) karlar, 16 (26) konur og 1 (3) ekki kyngreint. Skjalasafn Kvenréttindafélags Íslands var langvinsælast, en þar á eftir bréfasöfn Ingibjargar H. Bjarnason og Elínar Briem. Þriðjungur lánþega pantaði fleira en eitt skjalasafn í einu og nær allir fengu nokkrar öskjur lánaðar á lessal í einu.

### Aðföng og skráning

Á árinu voru 22 einkaskjalasöfn afhent, en auk þess komu nokkrar aðrar gjafir s.s. bækur og tímarit. Gjöfunum er ráðstafað eftir því sem þykir henta best hverju sinni. Af nýjum aðföngum 2022 má nefna að 14 einkaskjalasöfn voru skráð á árinu, bæði nýskráning og endurbætt eða ítarlegri skráning. Áhersla var lögð á ljósmyndasöfn og voru 11 þeirra endurgerð stafrænt. Ítarlegri listi yfir afhendingar er á vef Kvennasögusafns, ásamt upplýsingum um flest skjalasöfn sem eru varðveitt.

### Vefir og samfélagsmiðlar

Kvennasögusafn heldur úti vefnum *kvennasogusafn.is*, sér um síðu á Fésbók og er með Twitter reikning. Í lok árs voru 2.504 (2.346) sem líkuðu við Fésbókina og Twitter fylgjendur voru 624 (583).

### Sérverkefni

Á árinu var opnaður sérstakur skjala- og upplýsingavefur um Rauðsokkahreyfinguna sem unnin var í samstarfi við fulltrúa hreyfingarinnar sem mynduðu verkefnisstjórn. Það voru Auður Hildur Hákonardóttir, Dagný Kristjánsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Gerður Óskarsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir, Helga Ólafsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir.

Vefurinn er styrktur af Jafnréttissjóði, menningar- og viðskiptaráðuneyti, mannréttindaráði Reykjavíkurborgar, Myndríkri miðlun um sögu Reykjavíkur og Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar. Emma Björk Hjálmarsdóttur vann í hlutastarfi að verkefninu. Unnið verður að enskri útgáfu á næsta ári.

### Norræn ráðstefna í kvenna- og kynjasögu

Rakel Adolphsdóttir fékk úthlutað tveggja vikna rannsóknarleyfi árið 2021 sem færðist yfir til 2022 vegna Covid-19. Rannsóknarleyfið var tekið í nóvember í Danmörku og Svíþjóð. Stofnanir og setur tengd stafrænni sögu í háskólanum í Árósum voru heimsótt, ásamt kynjasafninu *KØN museet* í sömu borg (áður kvennasafnið, d. *Kvindemuseet*).

Nýlega hafði kvennasögu-skjalasafn Danmerkur verið fært frá háskólabókasafninu í Árósum og yfir til þjóðskjalasafnsins. Í Kaupmannahöfn var þjóðskjalasafnið heimsótt, en engan sérfræðing var þar að finna í kvennasögu eða um innihaldi skjalasafnsins. Þá var KVINFO sem Kvennasögusafn Íslands hefur lengi átt í tengslum við heimsótt, en bókasafn þeirra var flutt yfir í Konunglega bókasafnið árið 2017.

Í Svíþjóð var kvennasögusafnið KVINNSAM í háskólabókasafninu Gautaborg heimsótt í nokkra daga og í Stokkhólmi var rætt við færanlegt kvennasögusafn, Kvinnohistoriska, sem er án varanlegs staðar en tekur sér stöðu á mismunandi söfnum og setur upp sýningar í samvinnu við þau.

### Norrænt samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánum tengslum við NIKK, Nordisk Information för Kunskap om Kön, sem hefur aðsetur í Gautaborg. NIKK er ein af stofnunum Norðurlandaráðs. Það kallar saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til árlegra funda. Söfnin hafa með sér óformlegan félagsskap NING (Nordic Information Network Gender). Í ár fór fundurinn fram í Noregi í september en fagstjóra var ekki unnt að sækja fundinn að þessu sinni.

## Hljóð- og myndsafn

Innan hljóð- og myndsafns eru starfræktar þrjár einingar sem mynda eina heild: tón- og myndsafn, miðstöð munnlegrar sögu og tónlistarsafn. Þá er unnið að verkefninu frumupptökur íslenskrar tónlistar.

### Tón- og myndsafn

Meginhlutverk tón- og myndsafns er að safna, varðveita og veita aðgang að hljóðritum og myndefni sem gefið er út á Íslandi og safna eftir megni hljóðritum og myndefni sem Íslendingar eiga aðild að og gefið er út erlendis sbr. lög um skylduskil til safna. Safnkosturinn er að meginhluta varðveisluefni, fengið í skylduskilum, s.s. íslensk hljóðrit (tónlist og hljóðbækur) og kvikmyndir, en þó er hluti safnkostsins gjafir og keypt efni, en undir það heyra hljóðrit Íslendinga sem gefin eru út erlendis, erlendar kvikmyndir sem Íslendingar eiga aðild að og erlendar kvikmyndir ætlaðar háskólanemum. Í tón- og myndsafni er aðstaða til að hlusta á

hljóðrit og skoða myndefni og einnig er úrval af nótnaheftum til útláns, auk raddskráa og handbóka til notkunar á staðnum. Efni sem berst, er jafnóðum skráð í Gegni.

*Vefurinn hljóðsafn.is*

Í hljóðsafninu, stafrænu varðveislusafni Lbs-Hbs, sem er aðgengilegt á vefsíðunni *hljodsafn.is*, eru stafræn afrit af íslenskum hljómplötum, snældum, geisladiskum og vefútgáfu. Tilgangurinn með safninu er að varðveita íslenska hljóðritaútgáfu til frambúðar á stafrænu formi og bæta aðgang að hljóðritum safnsins. Á árinu var gert átak í að setja geisladiskaútgáfu ársins 1999 í Hljóðsafnið, en eldri útgáfa er komin þar inn. Stefnt er að því að útgáfuárið verði að fullu komið inn í árslok 2023. Til aðstoðar við verkefnið var um tíma franskur starfsnemi, Jérémy Ducret. Lýsigagnavinnu þarf enn að hluta að vinna handvirkt þar sem ekki er hægt að nota sjálfvirka yfirfærslu milli kerfa.
Hljóðritum sem eingöngu koma út á netinu fjölgaði mikið eða um rúmlega 50% (sjá töflu 3.2.2). Helgast það aðallega af því að hægt hefur verið að nálgast hljóðrit sem fyrirtækið Alda Music dreifir á auðveldari hátt. Í undirbúningi er sami aðgangur að íslenskum hljóðritum sem Sony Music dreifir.
Hljóðrit sem komin eru úr höfundarrétti eru í opnum aðgangi, en hægt er að hlusta á stutt hljóðdæmi efnis sem enn er í höfundarrétti. Öll hljóðritin eru aðgengileg í fullri lengd á 4. hæð Þjóðarbókhlöðu.

Í árslok voru komnar 62.227 (51.838) hljóðskrár í *hljóðsafn.is* og þar af voru 703 (682) í opnum aðgangi (tónlist komin úr höfundarrétti eða opin viðtöl úr Miðstöð munnlegrar sögu) og skiptast þær þannig:

| Aukning hljóðskráa á *hljodsafn.is* | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| Af geisladiskum | 38.825 | 43.427 |
| Af netinu | 9.815 | 15.241 |
| Af 78 snúninga hljómplötum | 657 | 657 |
| Af 45 snúninga hljómplötum | 15 | 40 |
| Af 33 snúninga hljómplötum | 214 | 570 |
| Af snældum | 1.889 | 1.889 |
| Frá Miðstöð munnlegrar sögu | 403 | 403 |
| *Samtals* | **51.838** | **62.227** |

*Aðföng*

Í skylduskilum bárust 204 (304) hljóðrit á áþreifanlegu sniði (geisladiskar, hljómplötur, snældur) og á stafrænu formi 4.335 (3.622) hljóðskrár/lög. Innheimta hljóðrita er tafsamari en áður, þar sem útgáfan hefur í auknum mæli færst á hendur tónlistarfólksins sjálfs í stað stórra útgáfufyrirtækja áður. Það getur því tekið langan tíma að fá hljóðritin í safnið.
Þá bárust 412 hljóðrit og 55 mynddiskar að gjöf á árinu og voru þessar gjafir helstar: Oddgeir Eysteinsson gaf




70 hljóðrit og 12 mynddiska. Frá RÚV voru tekin inn 25 hljóðrit og frá Tónlistarsafni Íslands bárust 11 hljóðrit. Hér eru ótalin hljóðrit úr gjöfunum sem send voru í Amtsbókasafnið á Akureyri.
Keypt voru 167 hljóðrit (geisladiskar, hljómplötur, snældur, vefútgáfa) og 23 mynddiskar, að megninu til erlendar útgáfur.

*Fyrirspurnir og samstarf*

Skráðar voru sérstaklega 17 fyrirspurnir sem bárust á árinu, flestar í tölvupósti en einnig í heimsóknum og gegnum samfélagsmiðla. Þar af voru 12 karlar og 5 konur. Flestar fyrirspurnir koma frá Íslendingum. Margar fyrirspurnanna tengjast *hljodsafn.is*. Oft er óskað eftir stökum lögum, sem eru ófáanleg annars staðar, t.d. til að nota í leiksýningar, við jarðarfarir eða til að setja á stafrænar efnisveitur. Orðið er við þeim beiðnum sem eru innan heilmilda safnsins, t.d. þegar beiðnin kemur frá rétthafa/-höfum. Einnig berast fyrirspurnir erlendis frá um hvort hægt sé að kaupa hljóðskrár, en safnið hefur ekki heimild til sölu þeirra. Bent er á hvar hugsanlega sé hægt að nálgast hljóðritin.
Mikil samskipti voru við David Hart vegna erlendra laga með íslenskum texta. Hann setur inn upplýsingar á vefinn SecondHandSongs (https://secondhandsongs.com/), sem hefur að geyma víðtækar upplýsingar um tökulög um heim allan. Bæði sendi hann fyrirspurnir í tengslum við stök lög og einnig upplýsingar (í gegnum athugasemdakerfi Hljóðsafnsins) um frumtitla ýmissa erlendra laga sem hafa komið út með íslenskum texta. Þá styðst hann við að hægt er að hlusta á upphaf laganna í Hljóðsafninu. Í Hljóðsafninu eru frumtitlar erlendra laga látnir fylgja, ef þeir eru þekktir. Það gerir alla upprunavottun áreiðanlegri, því oft fylgja ónógar, engar eða jafnvel rangar höfundaupplýsingar með íslenskum hljóðritaútgáfum.

Miðstöð munnlegrar sögu

Hlutverk miðstöðvarinnar er að safna munnlegum heimildum um sögu lands og þjóðar, varðveita þær, skrá og gera aðgengilegar. Miðstöðinni er ætlað að efla munnlega sögu sem aðferð í sagnfræði og standa fyrir

fræðilegri umræðu um munnlega sögu. Í árslok 2022 voru 170 (168) söfn skráð í safnkost miðstöðvarinnar.
Jafnhliða daglegum verkefnum er áfram unnið að skráningu safnkosts, afritun eldri aðfanga og erindum sinnt er varða tæknilega ráðgjöf og tækjalán.
Á árinu hófst samvinnuverkefni miðstöðvarinnar, Leifs Reynissonar sagnfræðings og Guðmundar Jónssonar prófessors í sagnfræði um heimildaöflun varðandi sögu og þróun Háskóla Íslands frá því um 1970. Á þeim tíma efldist HÍ mjög og þróaðist úr kennsluháskóla í rannsóknarháskóla, nýjar stofnanir, deildir og svið urðu til og sjóðir efldust. Lögð er áhersla á að ræða við þá starfsmenn HÍ sem voru á vettvangi og tóku virkan þátt í þessari umbreytingu skólans. Margt af þessu fólki hefur lokið formlegri starfsævi, þó mörg séu enn virk í fræðunum eða við önnur störf.
Leifur undirbýr og tekur viðtölin, oftast sem myndviðtöl eða upptökur, þó stundum sé eingöngu um að ræða hljóðviðtal. Leifur, sem auk sagnfræðimenntunar, hefur numið hagnýta menningarmiðlun, vann hliðstætt verkefni á árunum 2020–2021 um sögu líftækni á Íslandi og spratt það verkefni sem hér er fjallað um, upp af því.
Í árslok 2022 var lokið við á fjórða tug viðtala og stefnir í að þau verði alls um 60. Fyrirhuguð úrvinnsla verður í formi hlaðvarpsþátta, en bóka- og greinaskrif koma einnig til greina eða sýningarhald.

### *Tónlistarsafn*

Hlutverk tónlistarsafns er að safna, skrá og varðveita íslenskar tónminjar. Þegar safnið var stofnað í Kópavogi 2009 varð til formlegur farvegur fyrir söfnun íslenskra tónminja sem haldið hefur áfram eftir að safnið varð hluti af Lbs-Hbs um mitt ár 2017.
Árið 2021 hófst skipulagður frágangur á gögnum safnsins og nú eru 76 söfn eða afhendingar komin á safnmark.

| Fjöldi safna á safnmarki | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| Fjöldi afhendinga | 42 | 34 |
| *Samtals* | 42 | 76 |

Tónlistarsafni berast ýmis gögn úr einkasöfnum tónlistarmanna, og varðveitir Lbs-Hbs umfangsmesta safn heimilda um íslenska tónlist, svo sem útgefnar nótur og hljóðrit, auk einkaskjala fjölda tónlistarfólks. Á árinu barst margvíslegt efni, m.a. bréf, handrit og myndir tónskáldsins og skólastjórans Fjölnis Stefánssonar. Einnig bárust álíka gögn úr safni Þorkels Sigurbjörnssonar tónskálds, sem og mikið safn segulbanda og annars hljóðefnis frá ferli hans sem elektrónísks tónskálds. Þá má nefna gögn er tengjast starfsemi Pólýfónkórsins en Pólýfónfélagið hefur staðið að gagnasöfnun um sögu kórsins frá upphafi. Stefnt er að sýningu um kórinn á komandi ári.

Stöðugt er unnið að stafrænni afritun, bæði af hljómplötum en ekki síður af segulböndum og kassettum sem safninu berast. Eru það í mörgum tilfellum frumbönd, sem og tónleikaupptökur og upptökuafrit af óútgefnum verkum.
Vinna við heimasíðu safnsins, *tonlistarsafn.is* lá niðri á árinu þar sem unnið er að því að koma síðunni og fleiri sambærilegum síðum í nýtt vefkerfi, Word Press. Með tilkomu Leikminjasafns Íslands í Þjóðarbókhlöðu kom mikill fjöldi hljóðritana frá Þjóðleikhúsinu. Unnið hefur verið að því að afrita efnið yfir í stafrænt form. Sumt af því hefur verið notað til kennslu við leiklistardeild Listaháskóla Íslands.
Áfram er unnið að skráningu upplýsinga um tónlistarfólk í gagnagrunninn Ísmús eftir því sem tími gefst til. Þá er skipulega unnið að skráningu og frágangi efnis sem barst með Tónlistarsafninu þegar það sameinaðist Lbs-Hbs.
Settir voru upp glerskápar í almennu rými á 4.h. safnsins fyrir litlar sýningar. Þar hefur m.a. verið dregin upp mynd af Erling Blöndal Bengtssyni sellóleikara, en hann ánafnaði safninu margvíslegum gripum sem tengjast sellóinu, s.s. safni sellóstytta og persónulegra gagna (úrklippubækur, ljósmyndir, tónleikaskrár, plaköt og bréf), auk lítils selló sem smíðað var fyrir hann fjögurra ára gamlan. Í skápunum eru líka gögn frá Savannatríó, aðallega myndir og úrklippubækur.

### *Frumupptökur íslenskrar tónlistar*

Vinna við verkefnið *Frumupptökur íslenskrar tónlistar* hófst í ágúst 2019 þegar Lbs-Hbs tók að sér að varðveita og skrá hljóðritasafn Alda Music útgáfunnar. Stefán Ingólfsson þjóðfræðingur var ráðinn til verksins og sinnir hann því enn.

Verkefnið felur í sér að safna, skrá og varðveita hljóðversupptökur af íslenskri tónlist. Safnið er þannig byggt upp, að gögnin eru skráð í geymslu- og staðsetningarskrá og skipað eftir safndeildum og þá gerð, eða form miðils. Safndeildirnar eru þrjár:

- Alda Music (AM)
- Smekkleysa (SM)
- Landsbókasafn – Háskólabókasafn (Lbs).

Gögnin eru á nokkrum formum og þau helstu eru: tveggja rása segulbönd (TP), fjölrása segulbönd (MTR), gagnasegulbönd (DAT / ADAT), segulbönd (MC) og geisladiskar (CD). Einnig hafa verið afhentir harðir diskar, handrit og einkaskjöl, veggspjöld fyrir tónleika, tónlistarmyndbönd og ljósmyndir. Þau gögn eru varðveitt með safni frumupptaka íslenskrar tónlistar.
Á árinu 2022 voru átta afhendingar, samtals 857 einingar af ýmsum toga: 490 tónlistarmyndbönd, 117 fjölrása segulbönd, 113 tveggja rása segulbönd, 107 gagnasegulbönd og 30 geisladiskar.

Tónlistarmennirnir Rúnar Þór Pétursson, Herbert Guðmundsson og Gunnar Hjálmarsson (Dr. Gunni) afhentu upptökur af eigin verkum.

| Safneign 2022 | Færslur | Einingar |
|---|---|---|
| Geisladiskar - CD | 2.697 | 11.849 |
| Tveggja rása segulbönd - TP | 3.062 | 5.156 |
| Fjölrása segulbönd - MTR | 1.304 | 2.638 |
| Gagnasegulbönd - DAT | 2.205 | 4.793 |
| Gagnasegulbönd - ADAT | 552 | 1.171 |
| Segulbönd - MC | 1.153 | 1.218 |
| *Samtals* | 10.973 | 26.825 |

Í lok árs 2022 voru samtals skráð geymslunúmer 10.973 og fjöldi eininga 26.825.
Haustið 2022 hófst stafræn yfirfærsla á tveggja rása segulböndum. Fjöldi hljóðrita sem var færður yfir á stafrænt form var 558 bönd, samtals 621 hljóðskrár. Tímalengd 256 klukkustundir, samtals 507 GB.

## Leikminjasafn

Hlutverk leikminjasafns er að safna, skrá, varðveita og miðla íslenskri sviðslistasögu. Leikminjasafn Íslands var formlega stofnað þann 9. mars 2003 á 170. afmælisdegi Sigurðar Guðmundssonar málara. Eftir rúmlega sextán ára starfsemi, þar sem ómetanlegum menningararfi var komið í skjól, voru samtökin formlega lögð niður í sinni gömlu mynd 23. maí 2019. Safnkostur þess var að mestu færður til Lbs-Hbs og Þjóðminjasafns Íslands. Sigríður Jónsdóttir hóf störf í ársbyrjun 2021 og þar með hófst formlega starfsemi í Lbs-Hbs. Þá voru 28 einkaskjalasöfn leikminjasafns þegar skráð af starfsfólki Lbs-Hbs og munu þau með tíð og tíma verða færð yfir í safnkost leikminjasafns, en halda safnmörkum sínum.

*Aðföng, afhendingar og skráningar*

Einkaskjalasöfn í varðveislu leikminjasafns eru um 40 og viðbætur eru stöðugar. Lýsandi samantektir á innihaldi safnanna er að finna á vefnum *leikminjasafn.is*, og eru reglulega uppfærðar.

| Leikminjasafn | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| Fjöldi afhendinga einkaskjalasafna | 17 | 11 |
| Heildarfjöldi | 17 | 28 |

Árið 2022 tók leikminjasafnið á móti 11 skjalasöfnum af öllum stærðum og gerðum, aðallega frá einstaklingum. Stærsta safnið er frá Lothar Grund (LMÍ 2022/6) sem telur um 100–150 teikningar af leiksýningum Leikfélags Reykjavíkur og Þjóðleikhússins á um tíu ára tímabili, þegar hann bjó á Íslandi. Forvörður og starfsnemi hreinsuðu myndirnar yfir sumartímann og röðuðu eftir sýningum. Eftir er að skrá efnið. Stefnt er að sýningu á gögnunum í október 2023 í tilefni af 100 ára afmæli listamannsins.
Sömuleiðis var tekið á móti minningarskildi um Guðmund Kamban (LMÍ 2022/7) á vormánuðum en skjöldurinn er einstakur sökum sögunnar á bakvið hann, ástæður þess að hann var tekinn niður í Kaupmannahöfn og hvernig hann rataði til Leikminjasafns. Þá var nokkrum eldri einkaskjalasöfnum leikminjasafns fundinn nýr geymslustaður, sett í viðeigandi umbúðir og fullskráð s.s. úrklippubækur og ljósmyndir (LMÍ 2022/9 og LMÍ 2022/10).
Einkaskjalasöfn á LMÍ safnmarkinu telja nú 29, en safnmarkið var stofnað í byrjun árs 2021. Einkaskjalasöfn tengd leiklist, á safnmarki Landsbókasafns (Lbs) telja sömuleiðis um 30, en til stendur að færa þessi gögn frá handritasafni til leikminjasafnsins.

*Leikskrár og innbundin leikhandrit*

Nú er unnið að því endurskipuleggja og bæta skráningu á leikskrám sem varðveittar eru í Lbs-Hbs. Skráningin er samstarfsverkefni Íslandssafns og leikminjasafns. Á síðasta ári voru leikskrár Leikfélags Reykjavíkur skráðar í fyrsta sinn. Starfsmaður Íslandssafns í samvinnu við sérfræðing leikminjasafnsins skráðu um 1.000 leikskrár Leikfélagsins, sem spanna tímabilið 1904–2017. Eitt eintak var skráð í Íslandssafn, annað í varaeintakasafn og ef þriðja eintakið var til, fór það til leikminjasafns. Annað var grisjað. Gætt var að því, að mismunandi útgáfur og frávik væru skráð sérstaklega, einnig var bætt við skráningu ef um afmælisdagskrá væri að ræða. Þetta er fyrsti fasi skráningarinnar.
Fyrstu skref voru sömuleiðis tekin, við að endurskipuleggja og bæta skráningu á leikhandritum Lbs-Hbs og Leikminjasafns, en skráningu á þessum gögnum hefur verið ábótavant í gegnum tíðina. Innbundin handrit sem bárust frá Leikfélagi Reykjavíkur voru notuð sem tilraunaverkefni þar sem mikilvægt er að skrá frávik s.s. teikningar, breytingar í texta og nótur leikara. Verkefnið er unnið í samvinnu við Íslandssafn og svið aðfanga- og skráningar.

*Fyrirspurnir*

Fyrirspurnir voru fjölmargar og ólíkar, og töldu á bilinu 40-50, en skráningu er ábótavant. Þær vörðuðu leikhandrit, upptökur á sýningum, bréfaskriftir og eintök af leikskrám og komu frá einstaklingum, fræðafólki og starfsfólki stofnana s.s. Leikfélagi Reykjavíkur og Háskóla Íslands. Einnig aðstoðaði sérfræðingur við rannsóknarvinnu tengdri bókaútgáfu, fyrirlestrum og dagskrárgerð í útvarpi.

*Ráðstefnur, samstarf, vettvangsferðir og fundir*

Sérfræðingur Leikminjasafns tók þátt í þremur ráðstefnum árið 2022. Sú fyrsta var aðalfundur SIBMAS (https://www.sibmas.org/) sem fór fram í Varsjá 7.-10. júní undir nafninu *Performing the future:*

*Institutions and politics of memory.* Gestgjafi var Theatre Insitute í Varsjá.
Þann 20.-24. júni var haldið IFTR World Congress í Reykjavík (https://iftr.org/) sem bar heitið *Shifting Centres (In the Middle of Nowhere)* og þar hélt forstöðukona kynninguna ,,Refocusing Icelandic Theatre Research", sem fjallaði um viðkvæma stöðu sjálfstæðra leikhópa í íslensku samfélagi og sögu-skráningu.
Dagana 28.-30. september var aðalfundur ENICPA (http://enicpa.info/) haldinn í Osló, en ferðin var styrkt af norska sendiráðinu á Íslandi. Samhliða aðalfundinum var haldin fyrirlestraröð undir heitinu *The researcher and the digital archive: Narratives from a user-orientated approach.*
Samstarf Leikminjasafnsins við Leikfélag Reykjavíkur, Þjóðleikhúsið og Tjarnarbíó styrktist og kynning var haldin í september fyrir sjálfstæða leikhópa. Samstarf við Listaháskóla Íslands hélt áfram. Stafræn gögn úr sýningasöfnum Þjóðleikhússins og Leikfélags Reykjavíkur eru notuð til kennslu í Sviðslistasögu I. Mikil ánægja er með verkefnið og mun samvinnan halda áfram á næsta ári.

*Sýning - Leiklistarskóli SÁL*
Fyrsta sýning Leikminjasafnsins var opnuð í október. Tilefnið var 50 ára afmæli Leiklistarskóla SÁL sem stofnaður var á sumarmánuðum 1972, en fyrsta kennslustundin var í október sama ár. Á bilinu 90 til 100 manns mættu á opnunina og sýningin hefur verið vel sótt og verður hún opin fram á vor 2023. Sýningaskrá fylgdi sýningunni.

*Stafræn endurgerð*
Stafræn endurgerð á hljóðefni úr sýningasafni Þjóðleikhússins (LMÍ 2021/1) hélt áfram með ágætum árangri, en gekk þó aðeins hægar en á síðasta ári. Stafræn afritun er gerð í tímaröð frá árinu 1978.
Mikilvægt er að forgangsraða VHS upptökum þar sem þau gögn eru viðkvæmust. Einnig var nýtt yfirlitsskjal yfir stafræna afritun á Varðveislusviði tekið í gagnið, skjalið heldur utan um stafræna afritun hjá hverri einingu Varðveislusviðs fyrir sig, gagnamagn, tímafjölda og staðsetningu (bæði á safninu og rafrænt).

| Afritun hljóð- og myndefnis | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| Afritanir alls | 239 | 185 |
| Leikhús | 1 | 3 |
| Leikverk | 17 | 0 |
| Hljóðrit | 17 | 123 |
| Höfundar | 44 | 0 |
| Myndbandsupptökur | 87 | 59 |
| Leikhljóð | 73 | 0 |
| Tímalengd alls afritaðs efni | 442:35:37 | 471:00:00 |
| Alls afritað efni | 44.7 MB | 67.762 MB |

*Vefir og samfélagsmiðlar*
Leikminjasafn heldur úti vefnum *leikminjasafn.is* sem þarf að uppfæra og endurhanna. Á vefnum er að finna fjölbreyttan fróðleik um sviðslistasögu Íslands, bæði einstaklinga og staði. Einn verðmætasti hluti Leikminjasafnsins er undirliggjandi gagnagrunnur, en þar er að finna upplýsingar um sviðslistasögu Íslands, hvaða leikrit voru sett upp og hverjir stóðu að sýningum. Færslur á Facebook síðu Leikminjasafns voru á bilinu 30-35 yfir árið, sem er innan marka en markmiðið er þó að skrifa eina færslu fyrir hverja viku. Fylgjendur á Facebook síðu Leikminjasafnsins eru nú 955 og fjölgaði um 40 á síðasta ári, vonir standa til um að ná yfir 1000 árið 2023.



Frá málþingi SÁL á vegum Leikminjasafns.



Starfsfólk í framlínu á eldvarnarnámskeiði hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

# Þjónusta og miðlun

Sviðið ber ábyrgð á þjónustu við notendur, miðlun upplýsinga og safnkosts og samskiptum við Háskóla Íslands. Meginverkefni sviðsins eru útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónusta, fræðsla og kynningar, ritakostur og vinnurými, lesherbergi, námsbókasafn, varðveislusöfnin Skemman og Opin vísindi, ritfærni- og endurgjafar-hugbúnaðurinn Turnitin, rannsóknaupplýsingakerfið IRIS og Landsaðgangur að rafrænum áskriftum. Í lok árs voru starfsmenn sviðsins 22 og ársverk 19.04. Þar af voru fjórir nemar í 2 ársverkum. Alls störfuðu fimmtán konur og sjö karlar á sviðinu. Sviðsstjóri er Guðrún Tryggvadóttir.

Þróun í starfseminni er sú sama og undanfarin ár þ.e. að notendur sækja meira í rafrænan safnkost en efni á prenti. Þó verður að taka útlánatölum fyrir 2022 með fyrirvara vegna kerfisskipta á árinu, en ýmsa vankanta þurfti að sníða af nýja bókasafnskerfinu þar til hægt var að nota það á hefðbundinn hátt við lán og endurlán. Það sama á við um millisafnalán en mikið þurfti að vinna við þann kerfisþátt í kjölfar innleiðingar.
Heildarfjöldi sóttra greina, bókarkafla og bóka í rafræn söfn sem Lbs-Hbs og Háskóli Íslands greiða fyrir aðgang að var 645.882 gögn á árinu, heldur færri en árið á undan. Í því sambandi ber að nefna að mun færri tölur tókst að fá frá útgefendum um notkun Gold Open Access efnis og sömuleiðis að nýr Counter staðall, Counter 5, mælir ekki endilega sömu atriði og eldri útgáfa, t.d. eru nú aðeins mældar bækur sem sóttar eru í rafræn söfn í stað bókarkafla áður. Hvorutveggja kann að hafa áhrif til breytinga á tölur yfir heildarnotkun (tafla 2.12). Eftir því sem rafrænn safnkostur skipar stærri sess í heimildaöflun, verður miðlun þess safnkosts og fræðsla sem miðar að upplýsingalæsi mikilvægari í starfsemi sviðsins. Innleiðing bókasafnskerfisins Ölmu setti mikinn svip á starfsemina á árinu og hafði í för með sér aukið álag, einkum hafði innleiðingin áhrif á starfsemi útlána- og millisafnalánaþjónustu.

### Afgreiðslutími
Hefðbundinn opnunartími safnsins eru 80 tímar á viku yfir vetrartímann. Sumartími gildir jafnan frá 10. maí til 28. ágúst og er safnið þá opið 40 tíma á viku. Lokað er um helgar frá júní, til upphafs kennslumisseris við Háskóla Íslands að hausti.

### Þjónustuborð
Starfsfólk sviðsins mannar fimm þjónustuborð, fjögur í Þjóðarbókhlöðu og eitt í Lögbergi. Á 2.h. er almenn afgreiðsla, og sérhæfð upplýsingaþjónusta. Á 3.h. eru veittar upplýsingar um blaða- og tímaritakost safnsins og lokaritgerðir nemenda við HÍ á prenti. Á 4.h. er útlánaþjónusta og þjónusta við notendur hljóð- og myndsafns. Þar er og námsbókasafn í opnu rými, en vinna við námsbókasafn er veigamikill þáttur í starfsemi sviðsins við upphaf nýs kennslumisseris í HÍ, haust og vor. Úr kjallara eru afgreidd rit sem safngestir óska eftir úr geymslum.

## Upplýsingaþjónusta og notendafræðsla
Starfsemi upplýsingaþjónustu var með nokkuð svipuðu sniði og fyrir Covid-19 og bárust 540 fyrirspurnir og erindi á netfang þjónustunnar. Þar af var 353 tekin til nánari úrvinnslu en 187 vísað annað. Á netspjallið bárust 267 erindi. Samtals bárust því upplýsingaþjónustu 807 erindi árið 2022. Sjá töflu 2.5.

### Notendafræðsla
Að venju voru kennarar Háskóla Íslands hvattir til að panta fræðslu og kynningar fyrir nemendur sína í upphafi kennslumisseris vor og haust. Einkum er um að ræða almennar kynningar fyrir nýnema, grunnkynningar fyrir nemendur á fyrsta námsári, fræðslu í tengslum við verkefnavinnu og hagnýta upprifjun í tengslum við lokaverkefni, auk kynninga á heimildaskráningarforritinu EndNote. Sjá nánar í töflu 2.11.
Einnig voru haldin námskeið í samstarfi við Ritver Háskóla Íslands. Auk fræðslu og kynninga fyrir nemendur HÍ býður safnið upp á almennar kynningar fyrir hópa. Fræðsla og kynningar á vegum upplýsingaþjónustu og notendafræðslu voru 78. Eins og fyrri ár var nemendum og starfsfólki við HÍ boðið upp á stutta leiðsögn í heimildaleit. Doktorsnemum var áfram boðin persónuleg aðstoð í notkun heimildaskráningarforritsins EndNote. Í heild nýttu 21 sér persónulega aðstoð sérfræðinga sviðsins á árinu 2022.

### Ritver og Verkefnavaka í Þjóðarbókhlöðu
Ritver HÍ er með afgreiðslu í Þjóðarbókhlöðu. Þar sinna starfsmenn þess ráðgjöf við fræðileg skrif alla virka daga. Samstarf ritvers, Lbs-Hbs og bókasafns Menntavísindasviðs styrktist á árinu með reglulegum fundum og voru örnámskeið ritvers haldin bæði í Þjóðarbókhlöðu og í húsnæði sviðsins í Stakkahlíð.

Verkefnavaka Háskóla Íslands var haldin í Þjóðarbókhlöðu 24. mars og heppnaðist hún vel. Verkefnavaka er samstarfsverkefni Ritvers HÍ, náms- og starfsráðgjafar og bókasafna HÍ. Fagstjóri upplýsingaþjónustu og notendafræðslu, Sigurbjörg Long, er fulltrúi Lbs-Hbs í stjórn Ritvers HÍ.

### Leiðarvísar.is – heimildir og leiðbeiningar
Í janúar 2022 fékk leiðarvísasafnið Áttavitinn nýtt heiti og heitir nú einfaldlega Leiðarvísar. Við nafnabreytinguna fékk gagnasafnið sitt eigið lén, *leidarvisar.is*. Í gagnasafninu er að finna sérsniðnar upplýsingar um safnkost einstakra námsgreina auk fræðslu- og kynningarefnis. *Leiðarvísar.is* nýtist einkum nemendum og starfsfólki Háskóla Íslands við heimildavinnu, skil á verkefnum og öðru efni til birtingar. Einnig nýtist gagnasafnið starfsfólki sviðsins við undirbúning og framkvæmd kynninga og fræðslu. Í árslok 2022 taldi safnið 121 leiðarvísi og bættust 10 nýir við á árinu. Tveir eldri leiðarvísar voru teknir úr birtingu. Uppflettingar samkvæmt tölum frá kerfissala voru samtals 54.206, sem er svipað og síðustu ár. Sjá töflu 2.12.

### Ritfærni og endurgjafahugbúnaðurinn Turn-it-in
Samningur um notkun ritfærni- og endurgjafahugbúnaðarins Turnitin fyrir alla íslenska framhalds- og háskóla var endurnýjaður í lok árs 2020 og gildir til ársloka 2023. Hilma Gunnarsdóttir hefur umsjón með verkefninu en aðgangsstýring og tæknileg aðstoð er í höndum Sigurbjargar Jóhannesdóttur, verkefnisstjóra fjarnáms og stafrænnar kennslu í HÍ. Umsjón Lbs-Hbs felst m.a. í því að bjóða upp á fræðslu, útbúa kynningarefni, annast skýrslugerð, skipuleggja og boða til funda í tengslum við heimsóknir frá söluaðila.

Þann 5. okt. héldu Dennis Van Bart og Jason Gibson, sérfræðingar frá Turnitin, fræðsludagskrá fyrir umsjónarmenn Turnitin í íslenskum skólastofnunum. Um 30 manns af öllu landinu sóttu dagskrána, ýmist í Setbergi, húsi kennslunnar í HÍ, eða í gegnum fjarfundabúnað. Van Bart og Gibson fóru yfir helstu virkniþætti Turnitin, kynntu væntanlegar nýjungar og svöruðu spurningum áhugasamra gesta. Um var að ræða fyrstu heimsókn sérfræðinga fyrirtækisins frá því fyrir COVID-19.
Innlögð verkefni í Turnitin á árinu voru 226.991 sem er rúmlega 14% aukning frá árinu áður. Kennarar sem notuðu kerfið voru 2.605. Verkefni sem fengu endurgjöf voru 48.081 árið 2022 sem er nokkur fækkun frá fyrra ári. Skýrist hún líklega af því að fleiri skólar hafa tekið upp Canvas námsumsjónarkerfið en það býður upp á notendavæn endurgjafatól sem koma að einhverju leyti í staðinn fyrir þau sem eru í Turnitin.

## Safnkostur á rafrænu formi og notkun hans

Aðgangur að gögnum á rafrænu formi er ýmist opinn á landsvísu eða bundinn við tölvur á háskólanetinu, þ.e. í séráskrift safnsins og/eða Háskóla Íslands. Sífellt er leitað leiða til að miðla upplýsingum um rafrænan safnkost sem best og auðvelda aðgang að honum. Aukin notkun á rafrænum safnkosti eykur líkur á að hann nýtist til þekkingarsköpunar innan háskólans og aukin notkun tryggir jafnframt góða nýtingu þess fjármagns sem varið er til efniskaupanna.

Árið 2022 sóttu notendur 257.182 greinar og 68.138 bókakafla /rafbækur í gagnasöfn í séráskriftum HÍ. Niðurhal á greinum jókst, en niðurhali á bókarköflum fækkaði eftir mikla aukningu á síðasta ári.
Árið 2022 sóttu notendur 294.509 greinar og bókarkafla í rafrænar áskriftir sem Lbs-Hbs og HÍ greiða fyrir í Landsaðgangi sem er aukning um 4.656 frá fyrra ári. Sjá töflu 2.12.
Heildarfjöldi sóttra greina, bókarkafla og bóka í rafræn söfn sem Lbs-Hbs og HÍ kaupa áskriftir að var 645.882 (657.098) á árinu 2022.

## Útlán og innheimta

Útlán drógust saman á milli áranna 2021 og 2022. Nýskráð útlán 2022 voru 17.504 (19.515) og endurlán 33.247 (46.187), samtals 50.751, en útlán voru samtals 65.702 árið 2021. Skipting útlána milli lánþegahópa er lítið breytt, en þau skiptast svo:

| Lánþegahópar | Útlán | Endurlán |
|---|---|---|
| Starfsfólk HÍ og safnsins | 3.684 | 14.350 |
| Nemendur við HÍ | 9.312 | 10.922 |
| Aðrir háskólanemar | 539 | 677 |
| Doktorsnemar | 876 | 4.062 |
| Nemar í framhaldsskólum | 92 | 18 |
| Fræðimenn | 980 | 1.742 |
| Almennir lánþegar | 1.817 | 1.307 |
| Önnur söfn / gestir | 72 | 34 |
| Óskilgreindir lánþegar | 132 | 135 |
| Alls | **17.504** | **33.247** |

Eins og áður hefur komið fram er auðsynlegt að taka tölur um útlán, bæði ný útlán og endurlán, með fyrirvara. Um mitt ár var innleitt á safninu nýtt bókasafnskerfi Alma í stað eldra kerfis Aleph, og voru útlánatölur sóttar í bæði kerfin eins og sjá má af kökuritum hér á eftir. Innleiðingunni fylgdu ýmsir örðugleikar, t.d. varðandi stillingar, sem gerðu það m.a. að verkum að útlán lágu niðri um tíma og sömuleiðis var ekki hægt að endurlána um nokkurt skeið. Hvorutveggja hefur áhrif til lækkunar útlánatalna fyrir árið 2022.

Að venju voru allir nemar HÍ lesnir inn í Gegni úr nemendaskrá eins og áður. Innheimta gengur vel í samstarfi við Motus á Íslandi. Á kökuritunum sjást helstu hópar lánþega og hvernig útlánin skiptast hlutfallslega. Tekin voru útlán úr Aleph fyrri hluta árs, en úr Alma eftir kerfisskiptin í júní. Nemendur HÍ eru langstærsti hópurinn.







## Bæklingar

Upplýsinga- og leiðbeiningaefni er nánast alfarið birt á rafrænu formi. Þó koma eftirtaldir bæklingar um hagnýt efni reglulega út á prenti, bæði á íslensku og ensku:

- *Velkomin í Þjóðarbókhlöðu,*
- *Listaverk í Þjóðarbókhlöðu,*
- *Lesherbergi,*
- *Útlán,*
- *Millisafnalán,*
- *Geymsluskápar,*
- *Námsbókasafn,*
- *Dewey flokkstölur.*

## Ritakostur á prenti

Flest rit útlánaþjónustu eru í opnu rými á 4.h. en hluti ritakosts er á 3.h., á handbókasal á 2.h., í útibúum, í kjallara og í fjargeymslu í Mjódd. Ekki eru öll rit lánuð út og má þar nefna rit sem gefin voru út fyrir 1915, tímarit, handbækur, barnabækur og smáprent.

### Vinnurými safngesta

Í safninu eru um 700 sæti fyrir gesti. Á 3. og 4.h. er almennt lesrými með 408 lessætum við borð, þar af 30 til 35 sæti í hópvinnuherbergjum. Þar eru einnig rúmlega 80 lágsæti. Lesrýmið er mest notað af nemum HÍ og nýting því eðlilega mest á prófatímum. Einnig er góð nýting yfir skólaárið. Á 2.h. eru 17 borð fyrir smærri og stærri hópa og þar er rúm fyrir 65 gesti, auk 9 lágsæta.

Í safninu eru 26 lesherbergi sem safngestir geta leigt til ákveðins tíma. Lesherbergin eru einkum ætluð nemendum í framhaldsnámi, fræðimönnum og rithöfundum. Tvö lesherbergi eru stærri en önnur og eru þau ætluð fötluðum safngestum til almennrar notkunar. Annað þeirra er einnig nýtt sem tveggja manna hópvinnuherbergi ef það er laust. Alls sóttu 112 um aðstöðu í lesherbergjum, og fengu 78 úthlutað. Þar af voru 7 doktorsnemar (9%), 53 nemendur í meistaranámi (68%) og 18 safngestir sem unnu að fræðistörfum eða ritstörfum (23%).
Herbergin voru leigð út til mismunandi langs tíma en að meðaltali höfðu gestir afnot af herbergi í þrjá og hálfan mánuð. Fleiri konur en karlar nýttu sér lesherbergin á árinu, nánar tiltekið nýttu karlar lesherbergin í 98 mánuði en konur í 194 mánuði, samtals 292 mánuði.
Í safninu eru þrjú hópvinnuherbergi sem gestir bóka sjálfir á vef safnsins. Meðalnýting þeirra árið 2022 var 60%, en 68% ef aðeins er skoðaður sá tími sem kennsla stendur yfir í Háskóla Íslands.




### Talning gesta

Árið 2022 hættu starfsmenn reglulegri talningu gesta í opnum rýmum. Þess í stað verða gestir taldir inn og út úr húsinu með hugbúnaði frá Camlytics sem tengdur er eftirlitsmyndavélakerfi safnsins. Hann er staðsettur við aðalinngang safnsins.
Búnaðurinn var settur upp 2021 og gerðar prófanir á notkuninni. Heimsóknir árið 2022 voru 172.280 en þar sem talningin hófst ekki fyrr en í febrúar eru tölur janúar áætlaðar út frá tölum janúar 2023 (sjá töflu 2.1).




### Skemman

Skemman.is er varðveislusafn fyrir lokaverkefni allra íslenskra háskóla. Reksturinn er hjá Lbs-Hbs. Alls var skilað 2.889 lokaverkefnum í Skemmuna á árinu (sjá töflu 3.2.2), og þar af skiluðu nemendur Háskóla Íslands 1.707 verkefnum og skiptist fjöldinn á fræðasvið skólans eins og hér segir:

| Lokaritgerðir eftir sviðum HÍ | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| Félagsvísindasvið | 732 | 686 |
| Heilbrigðisvísindasvið | 319 | 341 |
| Hugvísindasvið | 250 | 223 |
| Menntavísindasvið | 295 | 296 |
| Verkfræði- og náttúruvísindasvið | 137 | 137 |
| Þverfaglegt nám | 22 | 24 |
| *Samtals* | **1.755** | **1.707** |

## Millisafnalán

Heildarfjöldi beiðna árið 2022 var 1.205 (1.440), af þeim voru afgreiddar 996 (1.188) beiðnir eða 82.7%. Samdráttinn má skýra með nýja bókasafnskerfinu, þar sem millisafnalán lágu niðri á tímabili og miklar breytingar urðu á uppsetningu millisafnalána í kerfinu.

*Úr safnkosti Lbs-Hbs:*
Samtals voru 337 gögn afgreitt á árinu. Á árinu 2021 voru þau hins vegar 451 og því er samdráttur milli ára eins og áður segir. Alls voru afgreiddar 234 greinar úr ritakosti Lbs-Hbs en árið 2021 voru þær 252. Afgreiddum greinum til annarra safna fækkaði úr 87 í 53, þar af voru 44 til innlendra safna. Einnig var afgreidd 181 grein í greinaþjónustu til starfsmanna og nemenda HÍ, fyrirtækja og almennra lánþega. Afgreiddar bækur úr ritakosti Lbs-Hbs til annarra safna voru 103, þar af fóru 95 til innlendra safna og 8 til erlendra safna.

*Til Lbs-Hbs*
Safninu bárust alls 659 gögn á árinu frá öðrum söfnum, þar af voru 356 bækur og 303 greinar. Flestar greinar komu í gegnum OCLC WorldShare eða 164 (54,1%) en 68 (22.4%) frá þýsku greinaþjónustunni Subito.

Greinar frá Finnlandi voru 49 (16,1%) en samtals komu 22 (7,3%) greinar frá hinum Norðurlöndunum. Bækur komu að mestu þaðan. 43 bækur (12,1%) komu frá innlendum söfnum, 101 (28,4%) kom frá Svíþjóð, 91 (25,6%) frá Danmörku og 39 (11%) frá Noregi. Í 22,9% tilfella þurfti að leita bóka út fyrir Norðurlöndin og þá var helst leitað til Þýskalands og Bandaríkjanna. Konur nýta þjónustuna meira en karlar.

| Millisafnalán/greinaþjónusta – eftir kyni | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Beiðnir frá konum | 493 | 51% |
| Beiðnir frá körlum | 467 | 49% |
| Ótilgreint | 0 | 0% |
| *Samtals* | **960** | **100%** |

## Námsbókasafn

Námsbókasafn er safn bóka og annars efnis sem kennarar við Háskóla Íslands hafa óskað eftir að sé aðgengilegt nemendum í tilteknum námskeiðum. Námsbókasafnið er í opnu rými á 4. hæð*.* Samtals nýttu kennarar í 134 námskeiðum þjónustu námsbókasafns árið 2022. Það eru einkum kennarar á Hugvísindasviði og Félagsvísindasviði sem nýttu þjónustu námsbókasafnsins. Heilbrigðisvísindasvið var ekki með námskeið, Verkfræði- og náttúruvísindasvið 4 námskeið og Menntavísindasvið 2 námskeið. Áfram var rafrænum bókum bætt við á árinu.

Nýja bókasafnskerfið Alma auðveldar miðlun efnisins til nemenda. Kennarar sem óska eftir þjónustu námsbókasafnsins fá sem fyrr upplýsingar um námsefni sem er aðgengilegt í rafrænu formi. Vonir eru bundnar við að nýja bókasafnskerfið geti aukið og bætt þjónustu námsbókasafns við nemendur og kennara á komandi árum. Heildarfjöldi eintaka í námsbókasafni var 4.300 árið 2022 og er það aukning um u.þ.b. 1.000 eintök milli ára, þrátt fyrir að námskeið hafi í heildina verið færri en árið á undan. Þar munar mestu um að námskeiðum á Félagsvísindasviði fækkaði um 13 milli ára. Fjöldi námskeiða skiptist þannig eftir sviðum við HÍ:

| Fræðasvið HÍ | Fjöldi námskeiða |
|---|---|
| Félagsvísindasvið | 38 |
| Heilbrigðisvísindasvið | 0 |
| Hugvísindasvið | 90 |
| Menntavísindasvið | 2 |
| Verkfræði- og náttúruvísindasvið | 4 |
| *Samtals* | **134** |

## Landsaðgangur

Landsaðgangur að rafrænum áskriftum er upplýsingaveita fyrir Ísland og veitir öllum sem tengjast Internetinu hjá íslenskri netveitu aðgang að þeim gagnasöfnum og rafrænu tímaritum sem samningar um áskrift gilda um. Landsaðgangur er jafnframt mikilvægur innviður fyrir rannsóknastarf í landinu. Vefurinn *hvar.is* er helsta þjónustuleið Landsaðgangs og þar eru m.a. veittar upplýsingar um gagnasöfnin, aðgang að þeim, samninga við útgefendur og greiðendur. Fimm manna stjórnarnefnd skipuð fulltrúum helstu hagsmunaaðila tekur þátt í stefnumótun og er ráðgefandi um val á efni.

Árið 2022 var stjórnarnefndin þannig skipuð; Anna Sigríður Guðnadóttir, varamaður Magnús Gottfreðsson, Anna Sveinsdóttir, ekki búið að skipa varamann, Baldvin Zarioh, varamaður Jenný Bára Jensdóttir, Brjánn Birgisson, varamaður Þóra Sigurbjörnsdóttir, Ragna Björk Kristjánsdóttir, varamaður Astrid Margrét Magnúsdóttir og Guðrún Tryggvadóttir formaður. Engar breytingar urðu á áskriftum árið 2022, en allar frekari upplýsingar eru í Ársskýrslu Landsaðgangs á vef verkefnissins *hvar.is.*

*Gagnasöfn*: Aðgangur var óbreyttur á árinu.
*Tímaritasöfn:* Aðgangur var óbreyttur á árinu.
*Rafbókasöfn:* Aðgangur var óbreyttur á árinu.

Áætlað er að 2022 hafi verið aðgangur að rúmlega 18.345 vísindatímaritum í fullum texta í Landsaðgangi og í ProQuest Central gagnasafninu. Fjöldi virkra vísindatímarita var um 5.259. Auk vísindarita í fullum texta er þar einnig aðgangur að bókfræðilegum upplýsingum, og tímaritum almenns eðlis. Þá er aðgangur að tæplega 10.000 rafbókum frá Springer Nature.

Kostnaður við áskriftir var 240,6 m.kr., þar af 40,9 m.kr. fyrir gagnasöfn og 199,7 milljónir kr. fyrir tímaritasöfn. Framlag af fjárlögum til Landsaðgangs var 35,5 m.kr. en þar af var 26,3 m.kr. varið til greiðslu á aðgangi, en afgangurinn fór til reksturs verkefnisins. Framlag um 200 greiðenda var um 140,8 m.kr.

### Kostaður Landsaðgangur

Fyrir utan hinn eiginlega Landsaðgang er aðgangur að nokkrum gagnasöfnum á öllu landinu fyrir tilstilli aðila sem kosta þau, en það eru aðallega háskólar og rannsóknastofnanir. Þar má nefna *Scopus*, *Journal Citation Reports* og þrjú sérhæfð söfn frá ProQuest.

Meginhluti efnis Landsaðgangs er aðgenglegt í *leitir.is*. Íslenskir háskólar veita aðgang að einstökum titlum í Landsaðgangi og eigin séráskriftum í gegnum skrána *Finna tímarit,* en lýsigögnin liggja í Primo Central Index. Þessi kerfi eru rekin af Landskerfi bókasafna. Samanlagður fjöldi sóttra greina og rafbókakafla í gagna- og tímaritasöfnum (greinasafn Morgunblaðsins undanskilið), jókst um 23,7% á árinu 2022, sem er 20% aukning frá árinu á undan. Notkun rafbóka frá SpringerNature jókst sömuleiðis um 14,2%. Frekari upplýsingar er að finna í töflu 2.12 og í Ársskýrslu Landsaðgangs á *hvar.is.*

## Opinn aðgangur og varðveisla í Opin vísindi

Opin vísindi er rafrænt varðveislusafn fyrir ritrýndar vísindagreinar og efni sem birtist í opnum aðgangi á vegum allra háskóla á Íslandi.
Á árinu 2022 bættust 309 verk við safnið sem innihélt við árslok 2.848 verk. Taflan hefur verið leiðrétt.

| Efni | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| Vísindagreinar | 2.008 | 2057 |
| Bækur | 37 | 37 |
| Bókarkaflar | 44 | 44 |
| Ráðstefnuefni | 26 | 33 |
| Tímaritagreinar | 15 | 15 |
| Doktorsritgerðir | 371 | 445 |
| Fyrrlestrar | 1 | 1 |
| Forprent | 2 | 2 |
| Skýrslur | **3** | **11** |
| *Samtals* | **2.507** | **2.848** |

### DOI númer

DOI númer eru auðkennisnúmer fyrir tímaritagreinar líkt og ISBN fyrir bækur og ISSN fyrir tímarit. Á árinu voru 254 DOI númer virkjuð fyrir níu íslensk tímarit, og þar af voru 61 númer fyrir *Surtsey Research* aftur til ársins 1974. Eitt tímarit hóf notkun á DOI númerum á árinu, *Tímarit lögfræðinga*.
Flest tímaritin eru tengd HÍ, eitt er tengt Tannlæknafélaginu, tvö Náttúrufræðistofnun, eitt Lögmannafélagi Íslands og eitt Háskólanum á Akureyri. Þjónusta vegna DOI númera er án endurgjalds eins og áður.

### Opinn aðgangur

Safnið tók þátt í Alþjóðlegri viku Opins aðgangs eins og undanfarin ár í samvinnu við önnur háskólabókasöfn á Íslandi dagana 24.-28. október. Birt var grein á vefmiðlinum *Kjarninn* 24. okt. Fulltrúi Lbs-Hbs í samstarfinu var Margrét Gunnarsdóttir.
